


**ÞÓRÐUR HÖSKULDSSON**
*Hjólar um Evrópu á hverju sumri*
• ferðir
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ**
*Námslán, skiptinám og stúdentaíbúðir*
Sérblað um skóla og námskeið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

**VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**
*Gerir mynd um hjólhýsalíf*
Hjólhýsahverfi rís í Heiðmörk
FÓLK 26




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. júní 2009 — 130. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Sýnir á sér nýja hlið
Elín Ósk Óskarsdóttir sópran fetar ótroðnar slóðir á tónleikum í kvöld.
TÍMAMÓT 16



### Stórtónleikar færðir
Dúndurfréttir og vinir verða á Nasa.
FÓLK 20

### Hjálmur bjargaði Hjálmi
Sigurður Guðmundsson lenti í árekstri á mótorhjóli sínu.
FÓLK 26



### Felldi tár þegar hann kvaddi
Ólafur Stefánsson lék sinn síðasta leik með Ciudad Real og kvaddi félagið sem Evrópumeistari.
ÍÞRÓTTIR 22



### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI** Í dag verður hæg breytileg átt og víða bjart veður. Þykknar upp sunnan og vestan til þegar líður á daginn og hætt við lítilsháttar vætu. Hiti 10-18 stig, hlýjast á Suðausturlandi.
VEÐUR 4



**URÐ OG GRJÓT, NIÐUR Í MÓT** Sigurður Ó. Sigurðsson tók sig vel út þar sem hann sýndi reiðhjólalistir sínar í blíðskaparveðri í Þórsmörk. Þeir sem tók hafa á geta líklega gert margt vitlausara en að elta góða veðrið uppi þessa dagana, og ekki er verra ef fákur er með í för. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sendiherrann kallaður heim

**Forseti Íslands hitti fyrrverandi sendiherra Kína um helgina. Koma Dalai Lama olli óróa í íslensku stjórnkerfi. Kínverjar hafa kallað sendiherra sinn heim.**

**STJÓRNMÁL** Sendiherra Kína á Íslandi, Zhang Keyuan, hefur verið kallaður heim. Ekki fengust skýringar á því athæfi kínverskra stjórnvalda í gærkvöldi en sendiherrann hefur starfað hér í tæp tvö ár.

Sendiherrann gekk í gærmorgun á fund ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins og kom á framfæri óánægju kínverskra stjórnvalda og sendiráðsins með fundi íslenskra ráðamanna með Dalai Lama, leiðtoga Tíbeta.

Koma Dalai Lama til landsins hefur vakið spennu og óróa innan íslenska stjórnkerfisins. Kínverjar mótmæla jafnan harðlega ef erlendir ráðamenn hitta Dalai Lama að máli. Heimildir Fréttablaðsins herma að stjórnvöld hafi í raun verið hálf ráðalaus vegna komu hans og vart vitað í hvorn fótinn þau ættu að stíga. Einn heimildarmaður orðaði það svo að komur erlendra gesta væru alla jafna þægilegri við að eiga.

Fjórir íslenskir ráðherrar hittu Dalai Lama í gær og fyrradag: Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra á stuttum fundi í gær og Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra og Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra við trúarsamkomu í Hallgrímskirkju á mánudag.

Þá hitti hann dágóðan hóp alþingismanna í gær, meðal annars forseta Alþingis og nefndarmenn í utanríkismálanefnd.

Hvorki forsætis- né utanríkisráðherra hittu Dalai Lama. Utanríkisráðherra er á Möltu en ekki fengust skýringar á hvers vegna forsætisráðherra hitti hann ekki. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði eftir ríkisstjórnarfund í gærmorgun að forsætisráðherra væri úti á landi. Sjálfur taldi hann Dalai Lama eiga við sig lítið erindi enda hefði hann varla áhuga á íslenskum efnahagsmálum.

Ólafur Ragnar Grímsson er viðstaddur Smáþjóðaleikana sem settir voru á Kýpur á mánudagskvöld. Hann hélt utan á sunnudag – sama dag og Dalai Lama kom til landsins – en daginn áður átti hann fund með fyrrverandi sendiherra Kína á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum forsetaritara réð tilviljun réði því að forsetinn fundaði með sendiherranum fyrrverandi um það bil sem Dalai Lama kom til landsins og var ekki rætt um málefni Tíbets á fundi þeirra.

- bþs / sjá síðu 6

Framkvæmdastjóri SA um launahækkanir:
# Vaxtalækkun forsendan

**KJARAMÁL** „Við hjökkum í sama flaginu,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um gang mála í stöðugleikaviðræðum samtakanna við Alþýðusamband Íslands og opinbera aðila. Rætt var við fulltrúa sveitarfélaga og forystumenn ríkisstjórnar í gær. Vilhjálmur segist hafa lagt áherslu á að fjárlagahallanum yrði náð hraðar niður og fjárhagsáætlanir gerðar til þriggja ára. Einnig hafi verið talað um aðkomu lífeyrissjóða að atvinnulífinu. Beðið sé ákvörðunar Seðlabankans á föstudag um stýrivexti. „Ef við fáum ekki umtalsverða vaxtalækkun þýðir ekkert að tala um launahækkanir,“ segir Vilhjálmur. - gar

Skuggabankastjórnin segir hagfræði AGS ekki standast skoðun:
# Vaxtastefna AGS er pólitísk

**EFNAHAGSMÁL** Skuggabankastjórn Markaðarins hefur áhyggjur af djúpt efnahagsráðgjafar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og telur varnaðarorð sjóðsins um að ekki beri að lækka stýrivexti ekki standast skoðun, og einkennist meira af pólitík en hagfræði.

Mat skuggabankastjórnarinnar er að með afstöðu sinni til ákvörðunar um stýrivexti vilji Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þrýsta á um að stjórnvöld ljúki verkum sem dregist hafi fram úr hófi, svo sem að ljúka við áætlun ríkisfjármála og uppgjör milli nýju og gömlu bankanna. Varhugavert sé hins vegar fyrir sjóðinn að nota ágreining um stýrivexti til að þrýsta á stjórnvöld, fremur en að tala hreint út um hvar honum þyki pottur brotinn. „Stýrivextirnir eru hættulegt vopn, sem getur snúist í höndum manna,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Skuggabankastjórnin leggur til að stýrivextir verði lækkaðir úr 13 prósentustigum í 10,5 prósentustig. Með því yrði haldið í yfirlýsta stefnu um skarpt lækkunarferli sem var kynnt í maíbyrjun. Næsta ákvörðun nefndarinnar verður kynnt á morgun. - óká / sjá Markaðinn










## SPURNING DAGSINS



*Svandís, Lama-ðistu alveg við athöfnina?*

„Ekki get ég alla vega sagt að mitt andlega ástand hafi Dala-ð."

Dalai Lama hélt friðarathöfn í Hallgrímskirkju í fyrradag. Svandís Svavarsdóttir var meðal viðstaddra.

Gríðarlegt gengistap Orkuveitunnar setur strik í reikning Reykjavíkurborgar:

# Hallinn hjá borginni 71,5 miljarðar

**REYKJAVÍKURBORG** „Breytt vinnubrögð við fjármálastjórnina skiptu öllu máli," segir Hanna Birna Kristjánssdóttir borgarstjóri í tilkynningu vegna ársreiknings borgarinnar fyrir árið 2008.

Reykjavíkurborg tapaði 71,5 milljarði króna í fyrra, fyrst og fremst vegna hlutdeildar í gífurlegu gengistapi Orkuveitu Reykjavíkur.

Hanna Birna segir að snemma á árinu 2008 hafi ýmis teikn verið um breytt ytri skilyrði miðað við forsendur fjárhagsáætlunar. Fyrir mitt ár hafi byrjað margvíslegar aðgerðir til að draga úr útgjöldum.



**ÓSKAR OG HANNA BIRNA** Segja stöðu Reykjavíkurborgar sterka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Mestu varðar sú ákvörðun nýs meirihluta Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks að setja fjármálastjórn borgarinnar í öndvegi og taka upp ný vinnubrögð á vettvangi borgarstjórnar með samvinnu allra borgarfulltrúa og allra flokka," segir í tilkynningu Hönnu Birnu. Burtséð frá gengistapi, sköttum og afskriftum var hagnaður Orkuveitunnar af reglulegum rekstri 11,7 milljarðar króna.

„Miðað við ástandið í íslensku samfélagi er staða Reykjavíkurborgar og Orkuveitunnar gríðarlega sterk," segir Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, og bendir á Orkuveitan hafi stærstan hluta tekna sinna í erlendri mynt og að þrátt fyrir allt sé eiginfjárhlutfall fyrirtækisins nú nítján prósent. „Á sama tíma eru meira og minna öll fyrirtæki landsins tæknilega gjaldþrota." - gar

Kynferðisbrot á Ísafirði:

## Nokkrir liggja undir grun

**LÖGREGLUMÁL** Kona kærði kynferðisbrot til lögreglunnar á Vestfjörðum á sunnudagsmorgun. Talið er að meint brot hafi átt sér stað þá um nóttina.

Lögreglan á Vestfjörðum verst allra fregna af málinu en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er um nokkra meinta gerendur af erlendum uppruna að ræða. Árásin mun hafa átt sér stað inni á skemmtistað.

Rannsóknarlögreglan á Vestfjörðum fer með málið en vill ekkert gefa upp um það að svo stöddu. Hún segir málið vera í rannsókn. - sh

## Lést í flugslysi

Íslendingurinn sem var í Air France-flugvélinni sem týndist á Atlantshafi á mánudag hét Helge Gustafsson og var 44 ára. Hann var íslenskur ríkisborgari, bjó lengst af í Noregi en hafði undanfarin fimm ár verið búsettur í Brasilíu.

Helge lætur eftir sig konu og þrjú börn. Tvö búa í Noregi en konan og þriðja barnið eru búsett í Brasilíu. - vsp



**NÁMSMENN** Mikil aðsókn er í sumarlán LÍN. Um tvö þúsund manns ætla að stunda nám í háskólum landsins í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Margir verða í námi í sumar:

## Mikil aðsókn í sumarlán LÍN

**MENNTUN** Um 850 manns hafa sótt um sumarlán hjá LÍN, samanborið við 550 manns í heild í fyrra. Frestur til að skila inn umsókn um sumarlán rennur út 15. ágúst og gerir framkvæmdastjóri LÍN, Guðrún Ragnarsdóttir, ráð fyrir að umsóknum muni fjölga talsvert. Um tvö þúsund manns hafa skráð sig í sumarnám í háskólum landsins.

Um þessar mundir er nú unnið að því innan Lánasjóðsins að endurskoða úthlutunarreglur fyrir næsta vetur, auk þess að lækka tekjutengdar afborganir fyrir haustið 2009.

- hhs / sjá sérblaðið Skólar og námskeið sem fylgir Fréttablaðinu í dag

# Fáir nýta sér lán til viðhaldsverkefna

**Átak ríkisstjórnarinnar til fjölgunar viðhaldsverkefna hefur skilað árangri, að mati Samtaka iðnaðarins. Mjög lítil ásókn hefur hins vegar verið í viðhaldslán Íbúðalánasjóðs. „Mætti ganga betur," segir formaður Sambands sveitarfélaga.**

**ATVINNUMÁL** Viðhaldsvinna hefur tekið kipp eftir að stjórnvöld réðust í átak í febrúar til að auðvelda viðhald á húsnæði og skapa þannig störf fyrir iðnaðarmenn. Þetta er mat starfsmanna Samtaka iðnaðarins. Lítið er hins vegar um að menn nýti sér lán til verkanna sem þeim standa til boða frá Íbúðalánasjóði.

„Menn finna fyrir að vinna við viðhald hefur tekið kipp," segir Árni Jóhannsson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins. „Þetta hefur hins vegar ábyggilega ekki farið eins bratt af stað og menn vonuðust til," segir hann. Vegna þess að aðgerðirnar eru tímabundnar hafi menn búist við skjótari viðbrögðum.

Árni segir átakið enn fremur mikilvægt til að sporna við svartri atvinnustarfsemi, enda sjái fáir ástæðu til þess lengur að gefa ekki vinnu sem þessa upp til skatts.

Í aðgerðunum fólst bæði að heimildir Íbúðalánasjóðs til að veita lán til viðhaldsverkefna voru rýmkaðar sem og að endurgreiðsla virðisaukaskatts af viðhaldsverkefnum var aukin úr sextíu prósentum í 100 prósent.

Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs, segir aðgerðirnar ekki hafa aukið lánveitingar sjóðsins. „Nei, sannast sagna hafa verið mjög lítil viðbrögð við þessu. Það hefur nær ekkert reynt á þetta enn sem komið er," segir hann.

„Auðvitað er sumarið að fara af stað og fólk að átta sig á því að það sé hægt að fá iðnaðarmenn, sem var nú ekki auðvelt til skamms tíma. Það er kannski von til þess að menn taki sig á í þessu sambandi á næstu vikum og mánuðum," segir hann.

„Mín tilfinning er sú að þetta mætti ganga betur," segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Átakið sé þó jákvætt, feli í sér tækifæri og almennt ríki ánægja það meðal sveitarstjórnarmanna.

„Ég er alveg viss um að þetta mun skila sér hér og þar," segir hann, og nefnir sem dæmi að Ísafjarðarbær hafi nýlega ráðist í tuttugu milljóna króna viðhaldsverkefni sem kostar fimm ársverk.

stigur@frettabladid.is



**HÚSUM HALDIÐ VIÐ** Sjaldan eða aldrei hefur verið eins ódýrt að ráðast í viðhald á íbúðarhúsum og sumarbústöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**ÁRNI JÓHANNSSON**



**GUÐMUNDUR BJARNASON**



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**

Eigendaskipti Iceland Express:

## Skiptastjóri kannar viðskipti

**EFNAHAGSMÁL** Skiptastjóri þrotabús Fons kannar nú hvort eigendaskipti á flugfélaginu Iceland Express undir lok síðasta árs hafi verið ólögleg. Níutíu prósenta hlutur í flugfélaginu fluttist þá milli tveggja félaga sem bæði voru í eigu Pálma Haraldssonar. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Í kjölfar fréttarinnar sendi Iceland Express frá sér tilkynningu. Þar kemur fram að eftir bankahrunið hafi vantað nýtt fjármagn í rekstur félagsins. Gripið hafi verið til þess ráðs að auka hlutafé með framlagi frá eignarhaldsfélaginu Ferk. Landsbankinn hafi haft hagsmuna að gæta, skoðað viðskiptin ofan í kjölinn og ekkert séð athugavert við viðskiptin. - kg

Kröfuhafar fá Straum í sumar:

## Banki rís á rústum Straums

**VIÐSKIPTI** Svo getur farið að erlendir kröfuhafar Straums og íslenskir lífeyrissjóðir í hópi lánardrottna bankans taki hann yfir síðsumars. Áætlanir þessa efnis verða kynntar á fundi með kröfuhöfum Straums á föstudag.



**BJÖRGÓLFUR THOR**

Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að stefnt sé að því að fjárfestingabankastarfsemi Straums og eignastýringarsvið verði endurvakið að takmörkuðu leyti. Áður en breytingarnar ná fram að ganga mun allt hlutafé núverandi hluthafa verða fært niður í núll. - jab / Sjá Markaðinn




Utanríkismálanefnd kallar eftir 98 umsögnum um Evrópusambandstillögurnar:

# Fjallað sameiginlega um tillögurnar

**STJÓRNMÁL** ESB-tillögurnar tvær, ríkisstjórnarinnar annars vegar og Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks hins vegar, verða til sameiginlegrar meðferðar í utanríkismálanefnd Alþingis.

Nefndarmenn ræddu verklag á fundi í gær og ákváðu að kalla eftir umsögnum 98 aðila. Fer þar mest fyrir margvíslegum félögum, samtökum, stofnunum og háskólum. Umsagnarfrestur er tvær vikur.

„Við ákváðum að vinna þessar tillögur saman," segir Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar. „Ætlunin er að ræða málið almennt í stað þess að hengja okkur í texta hvorrar tillögu um sig," segir hann.

Stíf fundahöld eru áformuð í nefndinni næstu vikurnar en auk þess að viðra eigin sjónarmið munu nefndarmenn að líkindum hlýða á munnlega afstöðu fjölmargra umsagnaraðila enda vaninn að menn vilji fylgja umsögnum sínum eftir með þeim hætti.

Árni hefur ekki sett nefndarstörfunum nákvæman tímaramma, aðeins áætlun út mánuðinn. Verði vinnunni ekki lokið þá verði einfaldlega haldið áfram.



**FRÁ ALÞINGI** Tillögur ríkisstjórnarinnar og Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks eru til sameiginlegrar meðferðar utanríkismálanefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá hefur upplýsinga um umsóknarferli Noregs og Svíþjóðar frá 1993 verið óskað fyrir utanríkismálanefnd að styðjast við í störfum sínum. - bþs

Hugmyndafundur í Borgarleikhúsinu föstudaginn 5. júní

**Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis!**

# FRAMLEIÐUM HUGMYNDIR!




**Allir hafa eitthvað fram að færa. Hvert verður þitt hlutverk í framtíðinni?**

**N1 kynnir Start 09** - skemmtilegan hugmyndafund um nýjar leiðir og lausnir fyrir Ísland. Á Start 09 hittist hugmyndaríkt fólk, hlustar á áhugaverð erindi og myndar ný tengsl. Markmiðið er að hvetja frumkvöðla til dáða og auka sköpunargleði þjóðarinnar. Af litlum neista verður oft mikið bál!

**JEFF TAYLOR**
stofnandi vinnumiðlunarinnar monster.com:
**My 12 Secrets of Running a Life and Living a Business**

**SALEM SAMHOUD**
stofnandi ráðgjafafyrirtækisins &Samhoud í Hollandi:
**How to Build a Vision for a Nation - and a Great Place to Work**

**HERMANN GUÐMUNDSSON**
forstjóri N1:
**Hvað getum við lært af framtíðinni?**

**Fundarstjóri**
**GUÐJÓN MÁR GUÐJÓNSSON**
Hugmyndaráðuneytismaður og frumkvöðull

Húsið opnar kl. 8:45. Dagskrá hefst kl. 9:15 og stendur til hádegis.

Kaffi og léttar veitingar í hléi.

Aðgangur er ókeypis en til að tryggja sér sæti þarf að skrá sig á **www. n1.is/start.**

Start 09

N1

## GENGIÐ 2.6.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,81 | 121,39 |
| Sterlingspund | 198,43 | 199,39 |
| Evra | 171,63 | 172,59 |
| Dönsk króna | 23,049 | 23,183 |
| Norsk króna | 19,525 | 19,639 |
| Sænsk króna | 16,168 | 16,262 |
| Japanskt jen | 1,2621 | 1,2695 |
| SDR | 187,79 | 188,91 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
209,3949

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sögulegar kosningar fóru fram á Grænlandi í gær:

# Vinstristjórn líkleg á Grænlandi

**GRÆNLAND** Þingkosningar fóru fram á Grænlandi í gær. Kosningarnar voru þær síðustu sem fram fara áður en Grænlendingar öðlast aukið sjálfstæði 21. júní.

Samkvæmt skoðanakönnunum mun vinstriflokkurinn Inuit Ataqatigiit sigra í kosningunum.Í nýlegri skoðanakönnun fékk flokkurinn 44 prósent atkvæða, en núverandi ríkisstjórn jafnaðarmannaflokksins Siumut og íhaldsflokksins Atasut fékk 38 prósent. Siumut hefur verið við völd í þrjátíu ár. Alls eru sex flokkar í framboði til þingsins, sem 31 þingmaður fær sæti á. Nærri 39 þúsund manns höfðu kosningarétt í kosningunum í gær.

Hneykslismál hafa verið áberandi í aðdraganda kosninganna, en þó nokkrir stjórnmálamenn hafa verið fundnir sekir um að hafa notað almannafé til fjármagna einkaneyslu sína. Þeirra á meðal er fyrrum ráðherra í Siumutflokknum, Jens Napaattooq, sem var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi.

Grænland fær aukið sjálfstæði og stjórn yfir innanríkismálum 21. júní. Þá verður grænlenska opinbert tungumál. **- þeb**



**NUUK** Kosningar fóru fram á Grænlandi í gærdag. Um 39 þúsund manns voru á kjörskrá.

Hluthafafundur í Öskum:

## Glitnir eignast ráðandi hlut

**VIÐSKIPTI** „Boðað verður til hluthafafundar og það er ráðgert að hann verði núna á fimmtudag kl. 16,“ segir Benedikt Árnason, forstjóri Aska Capital. Hann segir þó að þurft gæti að fresta honum til mánudags.

Á hluthafafundinum verður tilkynnt að Glitnir fái 52 prósenta hlut í félaginu og gömlu hluthafarnir færi hlutafé sitt niður í núll.

„Að því loknu er hægt að boða til aðalfundar og skipt verður um stjórn strax í kjölfarið,“ segir Benedikt. Hann telur líklegt að Glitnir skipi meirihluta í stjórn. **- vsp**

Grunaðir í smygluskútumáli:

## Úrskurðaðir í varðhald áfram

**LÖGREGLUMÁL Tveir menn, sem handteknir voru á Austurlandi í apríl vegna gruns um aðild að stórfelldu smygli á fíkniefnum með skútu til Íslands, hafa verið úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 12. júní.**

**Að því er segir í tilkynningu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var framhalds varðhaldsins krafist á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Fram kemur að mennirnir tveir, sem eru um þrítugt, hafi báðir kært gæsluvarðhaldsúrskurðinn til Hæstaréttar. Fjórir karlar til viðbótar sitja í gæsluvarðhaldi í tengslum við rannsókn sama málsins.** **- gar**

Ný löggilding:

## Einstæðir geta líka ættleitt

**SAMFÉLAGSMÁL** Einstæðir munu nú eiga kost á að sækja um ættleiðingu á barni frá Nepal. Erfitt hefur verið fyrir aðra en hjón að ættleiða börn og er því ákveðnum áfanga náð.

Nýja löggildingin til ættleiðinga á börnum frá Nepal var gefin út hinn 13. maí síðastliðinn. Það er Íslensk ættleiðing sem mun hafa heimild til að annast milligöngu fyrir ættleiðingar frá Nepal. Alls verða tíu umsóknir sendar út í ár. Einnig er hægt að sækja um ættleiðingu á börnum frá Kína, Kólumbíu, Indlandi, Tékklandi, Makedóníu og Taílandi hjá Íslenskri ættleiðingu. **- hds**

LÖGREGLUMÁL

### Sautján keyrðu of hratt

Sautján voru staðnir að hraðakstri á Nesvegi á Seltjarnarnesi í gær, en þar var staðsett ómerkt lögreglubifreið með myndavélabúnaði. Ellefu prósent ökumanna keyrðu of hratt á einni klukkustund fyrir hádegi.

# Gæslan þurfti að kalla menn af frívakt til að bjarga konu

**Landhelgisgæslan þurfti að kalla til menn á frívakt til að sækja fárveika konu á haf út. Björgunin möguleg vegna fórnfýsi starfsmanna, segir forstjóri. Uppsagnir þýða að björgunargeta þyrlusveitar er verulega skert.**

**ÖRYGGISMÁL** „Þarna komu upp verstu aðstæður sem hægt var að hugsa sér. Aðeins ein þyrluáhöfn var á vakt og á sama tíma kemur upp útkall langt úti á sjó,“ segir Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar.

Landhelgisgæslan þurfti á mánudagsnótt að kalla til starfsmann sem nýlega var sagt upp störfum og aðra sem voru á frívakt til að björgunarþyrlan TF-LÍF kæmist til að sækja alvarlega veika konu í portúgalska farþegaskipið Funchal. Aðeins ein þyrluvakt var við störf þegar kallið kom, en þær þurfa að vera tvær svo sjóbjörgun sem þessi sé möguleg. Landhelgisgæslan hefur haft það sem vinnureglu að tvær þyrluvaktir séu ávallt til taks, en vegna niðurskurðar að undanförnu, þar sem þremur flugmönnum var sagt upp störfum, hefur það vinnulag riðlast. „Við höfum skipulagt okkur þannig að þessi staða komi aðeins upp í undantekningartilfellum en við getum ekki lofað því að vera alltaf með tvær vaktir allan sólarhringinn, alla daga ársins eins og í þessu tilfelli,“ segir Georg.

Konan sem um ræðir er 67 ára gömul. Samkvæmt upplýsingum frá vakthafandi lækni á Landspítalanum er henni haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var um líf og dauða að tefla og var ástand konunnar grafalvarlegt í þyrlunni á leiðinni til lands. „Ef mögulegt hefði verið að bjarga konunni með öðrum hætti þá hefði það verið gert, en í þessu tilfelli voru ekki aðrar leiðir færar,“ segir Georg. Ferð TF-LÍF til að sækja konuna hafi staðið og fallið með velvilja og fórnfýsi starfsmanna LHG. Hann minnir á að þrátt fyrir að aðgerðin á mánudaginn hafi tekist giftusamlega sé ekki hægt að ganga út frá því sem vísu að nægilegur aukamannskapur með nauðsynleg réttindi, sé yfirleitt í kallfæri til að koma að björgun sem þessari.

Þyrluáhöfnum LHG hefur verið fækkað úr sex í fimm í sparnaðarskyni. Til að halda þeirri björgunargetu LHG sem hingað til hefur verið talið lágmark þarf í fyrsta lagi að bæta við fjórðu björgunarþyrlunni; halda þyrfti þeim þremur flugmönnum sem sagt hefur verið upp og ráða einn til viðbótar; ráða þrjá til fjóra stýrimenn á þyrluna og jafn marga flugvirkja. Kostnaður þessa væri 500 til 750 milljónir króna á ári, að því er Georg áætlar. **svavar@frettabladid.is**



**ÆFING Á TF-LÍF** Í útkalli þarf tvo flugmenn, sigmann, spilmann og lækni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### ATBURÐARÁS VIÐ ÞYRLUBJÖRGUNINA

Þyrlan TF-LÍF var kölluð út klukkan 02.35 á mánudagsnótt þegar portúgalska farþegaskipið FUNCHAL hafði samband við stjórnstöð LHG og óskaði eftir að 67 ára gömul kona yrði sótt um borð í skipið. Að mati þyrlulæknis var talið nauðsynlegt að sækja konuna.

Þyrlan fór frá Reykjavík klukkan 04.06 og var komin að skipinu 05.25 um 85 sjómílur suðaustur af Vestmannaeyjum.

Þyrlulæknir seig niður ásamt stýrimanni og undirbjuggu þeir sjúkling fyrir hífingu. Það tók drjúga stund vegna þess hversu alvarlega veik konan var. Var hífingu lokið klukkan 06.15 og hélt þá þyrlan til Reykjavíkur þar sem hún lenti við Borgarspítalann klukkan 07.25.

Konunni er haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans.






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** Veðurfræðingur

**HÆGVIÐRASÖM VIKA**
Það er ekki mikill vindur í kortunum næstu daga og raunar að sjá að hægviðri verði fram yfir helgi. Almennt verður bjart með köflum og seint í dag má búast við dropum suðvestan til. Á morgun verður yfirleitt þurrt en svo er að sjá dropa vestanlands á föstudag og nokkuð víða til landsins á laugardag.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Amsterdam | 14° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 14° |
| Eindhoven | 13° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 19° |
| New York | 25° |
| Orlando | 30° |
| Osló | 14° |
| París | 20° |
| Róm | 25° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# VORTILTEKT!

## SÍÐASTI DAGUR Á LAUGARDAG!



KING KOIL HEILSURÚM
(Queen size 153x203 cm)
**FRÁ 109.000 kr.**

## NÚ HREINSUM VIÐ ÚT
## 30-50% AFSLÁTTUR
# ALLT Á AÐ KLÁRAST

Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, á næstu dögum, að selja eldri gerðir

**með allt að 50% afslætti.**



COMFORT solutions®
By King Koil®

Good Housekeeping Promises
LIMITED WARRANTY TO CONSUMERS
REPLACEMENT OR REFUND IF DEFECTIVE

FINNLANDIA PILLOW
(Queen size 153x203)
Verð kr. 246.300
**50% AFSLÁTTUR**
**NÚ kr. 123.150**



**30%**
**AFSLÁTTUR!**
Af sængurfatnaði og heilsukoddum



## ÁTTU VON Á GESTUM?

Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins.



ARGH! 010609

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf · Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) · 108 Reykjavík · 588 1955 · www.rekkjan.is · Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að þjóðarsátt náist í kjara- og efnahagsmálum?*

| | |
|---|---|
| Já | 26,2% |
| Nei | 73,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Sóttir þú atburði tengda Dalai Lama meðan á heimsókn hans stóð?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Nýjar upplýsingar í bók Guðna Th. Jóhannessonar um samskipti Gordons Brown og Geirs Haarde:

# Brown grátbað Geir um að leita til AGS

**STJÓRNMÁL** Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur segir í nýrri bók um bankahrunið að forsætisráðherra Breta hafi nánast grátbeðið íslenska starfsbróður sinn um að sækja eftir aðstoð fyrir Íslendinga samkvæmt „prógrammi“ Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Guðni vísar til samtals sem Geir H. Haarde og Gordon Brown áttu í síma að kvöldi sunnudagsins 5. október.

„Hann [Brown] ráðlagði, hvatti og nánast grátbað Geir H. Haarde að leita til sjóðsins og þiggja þaðan neyðaraðstoð. Öðruvísi yrði Íslandi ekki bjargað og Brown virtist mikið niðri fyrir. Hann sagði vandann á Íslandi kerfislægan og önnur lönd kæmu ekki til bjargar nema Ísland nyti fyrst góðs af „prógrammi“ Alþjóðagjaldeyrisjóðsins,“ segir um innhald samtals Browns og Geirs í bók Guðna.



GEIR HAARDE GORDON BROWN GUÐNI TH. JÓHANNESSON

Samkvæmt lýsingu Guðna á samtalinu kvaðst Brown vera áhyggjufullur og vilja vita hvort hann gæti orðið að liði. „Geir viðurkenndi fúslega að ástandið væri svart og benti á að Íslandi hafi gengið illa að leita aðstoðar. Seðlabanki Íslands hefði til dæmis leitað lána hjá Englandsbanka en fengið afsvar, síðast daginn áður,“ segir í bókinni en Brown vildi heldur ræða aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Geir hafi þá sagt sig og aðra íslenska ráðamenn líta á það sem örþrifaráð sem ekki yrði leitað nema allar aðrar bjargir væru bannaðar.

„En Gordon Brown gaf sig ekki. Hann ítrekaði sjónarmið sín og kvaðst geta fullyrt að aðrir leiðtogar í Evrópu væru sama sinnis. Ekkert „prógramm“ Alþjóðagjaldeyrissjóðsins = engin aðstoð einstakra ríkja,“ segir í bók Guðna, sem kveður breska forsætisráðherrann ekki hafa verið að gefa góð ráð af því að hann vildi vera vinur í raun. „Hann vissi að vandi Íslands var vandi Bretlands þegar að var gáð,“ segir í bókinni Hruninu.

Daginn eftir samtal Geirs og Brown samþykkti Alþingi neyðarlög. **- gar**




# Helstu ráðamenn fjarri Dalai Lama

**Forseti Íslands fundaði með fyrrverandi sendiherra Kína degi fyrir komu Dalai Lama til landsins og hélt svo til Kýpur. Forsætisráðherra var úti á landi fyrri part gærdagsins og á stífum fundum seinni partinn. Utanríkisráðherra er á Möltu.**

**STJÓRNMÁL** Sendiherra Kína á Íslandi lýsti í gær óánægju ríkisstjórnar sinnar með fundi íslenskra ráðamanna með Dalai Lama, leiðtoga Tíbeta.

Fjórir ráðherrar og rúmlega tíu alþingismenn hittu Dalai Lama í gær og fyrradag.

Áratuga deilur Kínverja og Tíbeta um yfirráð yfir Tíbet hafa verið harkalegar og á stundum blóðugar. Dalai Lama er talsmaður þess að Tíbetar fái sjálfsstjórn en kínversk stjórnvöld vilja fara með full yfirráð yfir Tíbet. Samskipti þjóðanna eru afar viðkvæm og andæfa kínversk stjórnvöld kröftuglega í hvert sinn sem Dalai Lama hittir erlenda þjóðarleiðtoga eða ráðamenn.

Sú staðreynd að hvorki forsætisné utanríkisráðherra né heldur forseti Íslands hafi séð sér fært að hitta Dalai Lama í Íslandsheimsókninni hefur vakið athygli. „Það er nefnilega neyðarlegt að æðstu embættismenn þjóðarinnar komi sér hjá því að hitta friðarhöfðingjann,“ skrifar Birgitta Jónsdóttir, alþingismaður og formaður Vina Tíbets, til dæmis á vef sinn.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fundaði með fyrrverandi sendiherra Kína á Íslandi á laugardag, degi fyrir komu Dalai Lama til landsins.

Tilviljun réði því að fundinn bar upp svo skömmu fyrir komu tíbetska leiðtogans. „Það hittist svona á,“ segir Örnólfur Thorsson forsetaritari. Fundurinn hafi ekki tengst komu Dalai Lama til Íslands og málefni Tíbet ekki komið til umræðu. Á heimasíðu forsetaembættisins segir að efni fundarins hafi verið „margvísleg tækifæri til að auka samvinnu Íslands og Kína á sviðum menningar, vísinda og viðskipta“.

Sendiherrann fyrrverandi, Wang Ronghua, gegndi hér störfum árin 1998-2002. Hann flutti fyrirlestur í Háskóla Íslands á fimmtudag um söguleg kínversk gagnasöfn.



**HEIMSÓKN Á ALÞINGI** Dalai Lama heimsótti meðal annars Alþingi í gær í boði Ástu R. Jóhannesdóttur þingforseta og utanríkismálanefndar þingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### ENGIN MÓTTAKA HJÁ BORGINNI

„Þau voru fyrst og fremst að kynna okkur fyrirætlanir sínar og óska eftir skrifstofuhúsnæði. Hugmyndin um móttöku kom upp, en hefðum og venjum samkvæmt varð ekki úr henni þar sem um var að ræða gest í einkaheimsókn,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri.

Hún segir aðila sem stóðu að heimsókn Dalai Lama hafa vakið máls á því hvort mögulegt væri að halda trúarleiðtoganum formlega móttöku á vegum borgarinnar. Það hafi verið gert í aðdraganda heimsóknarinnar. „Í þessu tilviki var hvorki um að ræða opinbera heimsókn né formlega heimsókn til Reykjavíkur. Þess vegna varð ekkert af formlegri móttöku,“ segir Hanna Birna. **- kg**

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins starfar sendiherrann fyrrverandi nú fyrir írskt markaðsrannsóknafyrirtæki í Kína.

Ólafur Ragnar fór á sunnudag til Kýpur til að vera við Smáþjóðaleikana sem hófust með setningarathöfn á mánudag. Viðstaddir voru leiðtogar allra þátttökuríkja. Langt er um liðið síðan Ólafur Ragnar þekktist boð Íþrótta- og Ólympíusambandsins um að dvelja með íslenska íþróttafólkinu á Kýpur. Ekki kom til álita að endurskoða þá ákvörðun. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra er á Möltu þar sem hann ræðir við þarlenda ráðherra um veru ríkisins í Evrópusambandinu.

Fram kom í gær að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra væri úti á landi fyrri part dags og gæti því ekki hitt Dalai Lama. Seinni partinn og fram á kvöld sat hún stífa fundi. Upplýst var opinberlega um fyrirhugaða komu Dalai Lama hingað til lands 9. febrúar.

**bjorn@frettabladid.is**




Mikill áhugi á heimsókn Dalai Lama til Íslands:

# Upplifun að hitta Dalai Lama

**HEIMSÓKN** „Það er alltaf upplifun að hitta jafn merka menn og Dalai Lama er. Ég hef ekki kafað djúpt ofan í málefni Tíbets en þessi fundur vakti áhuga minn enn frekar á þeim málum,“ segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra, sem í gær átti stuttan fund með Dalai Lama, trúarleiðtoga Tíbeta.



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

Dalai Lama gerði víðreist um borgina í gær og var hvarvetna vel tekið. Löng biðröð myndaðist fyrir framan Laugardalshöllina þar sem trúarleiðtoginn hélt fyrirlestur fyrir fullu húsi. Einnig var hvert sæti skipað í hátíðarsal Háskóla Íslands þar sem hann flutti erindi. Þá hitti Dalai Lama Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, forseta Alþingis, í þinghúsinu og fundaði með þingmönnum utanríkismálanefndar.

Katrín fundaði með Dalai Lama ásamt Ögmundi Jónassyni, heilbrigðisráðherra, Birgittu Jónsdóttur, þingflokksformanni Borgarahreyfingarinnar og Björgvini G. Sigurðssyni, þingflokksformanni Samfylkingarinnar. Að sögn Katrínar stóð fundurinn heldur stutt yfir, rúmlega tuttugu mínútur, enda dagskrá Dalai Lama þéttskipuð í stuttri heimsókn hingað til lands.

„Við ræddum aðallega um deilur útlagastjórnarinnar í Tíbet við kínversk stjórnvöld.“ **- kg**

# TAX FREE!
# TAX FREE!
## Síðasti dagur!

SUNWIND

Gasgrill, burstað stál, rafkveikja, niðurfellanleg hliðarborð, 2-3 brennarar.
Athugið að úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**TAX FREE!**
**SUNWIND GASGRILL**




TAX FREE! **44.168** ~~54.990~~

TAX FREE! **36.939** ~~49.990~~

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

**Gildir í verslunum Húsasmiðjunnar um land allt.**
**Munið opið til 21:00 í Skútuvogi**

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.




Talið er víst að flugvélabrak tilheyri vél Air France sem fórst í Atlantshafi:

# Brak fannst úti fyrir Brasilíu

**BRASILÍA, AP** Talið er víst að brak sem fannst um 650 kílómetra norðaustur af Brasilíu í gær sé úr farþegaþotu Air France sem hvarf með 228 manns innanborðs yfir Atlantshafi í fyrrinótt. Flugvélasæti, björgunarvesti, málmbútar og steinolía sem notuð er í flugvélaeldsneyti eru meðal þess sem hermenn úr brasilíska flughernum sögðu fljóta á hafinu.

Nelson Jobim, varnarmálaráðherra Brasilíu, sagðist í gærkvöldi ekki efast um að brakið sem fannst í sjónum væri úr Air France-vélinni.

Þremur flutningaskipum hafði verið beint af leið til að taka þátt í leitinni. Búist er við að brasilísk herskip bætist í leitarhópinn í dag. Frönsk herskip hófu einnig leit í gær.

Meðal þess sem herflugvélar leituðu að í gær er flugriti vélarinnar, sem inniheldur upplýsingar um hraða, hæð og flugstefnu og hljóðupptökur úr flugstjórnarklefa. Flugvélar leituðu í gær á hafsvæði þar sem dýpi er mest um 4.700 metrar. Sjaldgæft er að flugritar finnast á svo miklu dýpi.

Vél Air France fórst á leið sinni frá Rio de Janeiro í Brasilíu til Charles de Gaulle-flugvallarins í París. Um borð voru 61 Frakki, 58 Brasilíumenn, 26 Þjóðverjar, níu Kínverjar, níu Ítalir og færri frá 27 öðrum löndum, þar af einn íslenskur ríkisborgari. - kg


**LEIT** Hermenn franska flughersins á franskri herstöð í Dakar, höfuðborg Senegals, búa sig til leitar. NORDICPHOTOS/AFP

Borgarstarfsmenn ánægðir:

## Ánægja starfsfólks vaxandi

**REYKJAVÍK** Ánægja borgarstarfsmanna er meiri í ár en í fyrra. Samkvæmt viðhorfskönnun sem Mannauðsskrifstofa borgarinnar gerði eru níutíu prósent starfsmanna á heildina litið ánægð í starfi, samanborið við 83 prósent í fyrra.


**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Könnunin náði til um 6.700 starfsmanna borgarinnar, allra fastráðinna og fjölmargra lausráðinna. „Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri segist ánægð með niðurstöðurnar. „Þær eru vísbendingar um það sem vel er gert og það sem betur má gera til að bæta líðan starfsmanna enn frekar og þar af leiðandi þjónustu borgarinnar,“ sagði borgarstjóri. - kóp

**FERÐALÖG**

### Sumarhátíðir á einum stað

Vegna vísbendinga um aukinn áhuga Íslendinga á ferðalögum innanlands í sumar hefur rekstrar- og útgáfusvið Sambands íslenskra sveitarfélaga safnað saman upplýsingum um menningar-, úti- og sumarhátíðir sveitarfélaga. Eru upplýsingarnar nú komnar á einn stað á vefnum Samband.is.


**JACQUI SMITH** Innanríkisráðherrann Jacqui Smith kemur af ríkisstjórnarfundi í Downing-stræti 10 í gær. Hún er sögð ætla að segja af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Ráðherrar í stjórn Browns segja af sér

**Ráðherrar í ríkisstjórn Gordons Brown ætla að segja af sér. Það er gert ráð fyrir mikilli uppstokkun í ríkisstjórninni á næstunni, að loknum kosningum til Evrópuþings sem verða á fimmtudaginn.**

**BRETLAND, AP** Breski innanríkisráðherrann Jacqui Smith ætlar að segja af sér embætti á næstu dögum, að því er breskir fjölmiðlar greindu frá í gær.

Einnig er greint frá því að forsætisráðherrann Gordon Brown ætli sér að gera ýmsar breytingar á ríkisstjórn sinni eftir kosningar til Evrópuþingsins, sem verða á fimmtudag. Þá ætla Tom Watson, aðstoðarráðherra og þingmaður, og Beverley Hughes, ráðherra fjölskyldumála, að láta af störfum. Nokkrir þingmenn Verkamannaflokksins hafa tilkynnt að þeir muni hætta í næstu kosningum.

Jacqui Smith er meðal þeirra bresku þingmanna og ráðherra sem hafa fengið á sig mikla gagnrýni fyrir að hafa fengið endurgreiddan ýmsan persónulegan kostnað frá hinu opinbera. Þar á meðal er kostnaður við leigu á tveimur klámmyndum sem eiginmaður hennar tók á leigu. Þá skráði hún heimili systur sinnar í London sem aðalheimili sitt og fékk þannig styrki fyrir að halda tvö heimili.

Smith hefur verið þingmaður Verkamannaflokksins frá árinu 1997 og varð fyrst kvenna til að verða innanríkisráðherra árið 2007. Samkvæmt fréttum fjölmiðla hyggst Smith ekki hætta þingmennsku heldur berjast fyrir áframhaldandi sæti sínu á þingi fyrir Redditch-hérað.

Auk þessara þriggja ráðherra er einnig talið líklegt að Alistair Darling verði fluttur úr fjármálaráðuneytinu, en hann hefur einnig fengið á sig gagnrýni vegna endurgreiðslna frá ríkinu. Sömu sögu má segja af samgönguráðherranum Geoff Hoon, en báðir ráðherrarnir hafa lofað að borga upphæðirnar til baka.

Talsmaður Gordons Brown vildi ekki tjá sig um afsagnirnar í gær. Þrýstingur á að hann boði til kosninga hefur aukist til muna undanfarið, en hann verður að halda kosningar fyrir júní á næsta ári. Stjórnmálafræðingar spá því að hundruð stjórnmálamanna muni missa vinnuna í kosningunum vegna hneykslismálanna.

thorunn@frettabladid.is

Fíton/SÍA

**Félagsfundur VR**
**4. júní 2009**

VR boðar til almenns félagsfundar á hótel Loftleiðum fimmtudaginn 4. júní kl. 19:30. Við hvetjum alla félagsmenn til að mæta.

**Dagskrá félagsfundar – upplýsingafundur:**

1. Endurskoðun kjarasamninga – staða
2. VR og ASÍ
3. VR og sýnileiki
4. Jafnréttisstefna VR
5. Efnahagsmál

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR

# 2.-6. júní

## Knorrdagar í Fjarðarkaupum




Nýju tilbúnu sósurnar slá í gegn með grillmatnum!







Súpan er tilbúin bara hita og njóta!

Knorr súpur 5 teg.
**389 kr.**




Knorr sósur 5 teg.
**329 kr.**

## Knorr kemur með góða bragðið




Eftirlæti allra í fjölskyldunni

Pastaréttur 2 teg.
**349 kr.**




Bollasúpur 5 teg.
**263 kr.**

Hressing í bolla frá Knorr!

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga

FK FJARÐARKAUP




**EFTIRLIFANDI BÍTLAR** Ringo Starr og Paul McCartney komu fram saman í Los Angeles á mánudaginn. Þar var útgáfu á nýjum tölvuleik, The Beatles Rockband, fagnað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Neytendur:** Gengi evrunnar hefur áhrif á skeggtískuna

# *Rakvélablöð hafa hækkað mikið í verði*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Kannski er það bara ímyndun í mér, en mér hefur sýnst eins og fleiri karlmenn séu órakaðir eða hreinlega skeggjaðir eftir að kreppan skall á. Engin furða, því rakvélablöðin eru ekki gefins. Á Íslandi hefur Gillette mjög sterka markaðshlutdeild og varla sjást önnur blöð í verslunum. Að sögn Þórhalls Baldurssonar, sölustjóra hjá Ísam, ræðst verð blaðanna af gengi evrunnar. *„Frá því í janúar 2008 hafa engar hækkanir átt sér stað nema þær sem tengjast genginu,“* segir hann. Í janúar var evran á 90 kr., nú er hún á um 170 kr.

Nokkrar tegundir af Gillette-blöðum eru í boði en fimm blaða Fusion er nýjasta tegundin og er sögð gefa mýkstan rakstur. Átta blaða pakki er sagður duga í sex mánuði. Á föstudaginn kostaði átta blaða pakki 2.798 kr í Bónus. Í Krónunni kostaði 4 blaða pakki 2.799 kr. Það borgar sig greinilega að bera saman verð.

Vilji skeggmenn berjast á móti straumnum má benda á rakarastofuna Herramenn í Kópavogi (www.herramenn.is). Þar er boðið upp á ýmsa aðra möguleika í rakstri. Atli skrifar: *„Ég fjárfesti í nýtísku gamaldags rakvél fyrir rúmum tveimur árum. Mörgum fannst þetta vera skrítið uppátæki hjá mér. Ég keypti í leiðinni lager af rakvélablöðum í hana. Hver pakki með 10 blöðum kostar 700 kr. hjá Herramönnum. Ég get notað hvert blað oftar en Gillette-blöðin. Sama sagan er með raksápuna, ég notast við alvöru harða raksápu og bursta. Mikill verðmunur er þar líka.“*



**VERÐHÆKKUN** Þessi hefur litlar áhyggjur af verðhækkunum á rakvélablöðum.

Nýstárleg sumarnámskeið:

## Eldri borgarar miðla börnum

**SAMFÉLAGSMÁL** Rauði krossinn stendur í samvinnu við Öldrunarráð Íslands og félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands fyrir óvenjulegum sumarnámskeiðum fyrir börn með afar fjölbreyttri dagskrá undir yfirskriftinni Gleðidagar – ungur nemur, gamall temur.

Eldri borgarar munu leiðbeina og ráða sjálfir hverju þeir miðla til barnanna, samkvæmt tilkynningu frá Rauða krossinum. Sem dæmi um námskeið má nefna gamla leiki, hnútabindingar, handavinnu eða sögur. Hugarflug og kunnátta þeirra eldri ræður för. - ghs

**LÖGREGLUMÁL**

### Stolið frá skátunum

Tveimur kassabílum í eigu Sumarbúða skáta var stolið úr Smáralind á hvítasunnudag. Þeir sem geta veitt upplýsingar eru beðnir að láta Bandalag íslenskra skáta eða lögreglu vita.

Systurskip Þórs, nýs varðskips Landhelgisgæslunnar, í heimsókn í Reykjavík:

## Norðmenn komnir til æfinga

**ÖRYGGISMÁL** Norska varðskipið Harstad kom til Reykjavíkur í gær en skipið er hér á landi í boði Landhelgisgæslunnar. Skipið er systurskip íslenska varðskipsins Þórs, sem er í smíðum í Chile og kemur til landsins innan tíðar.

Heimsókn Harstad er liður í samstarfi á milli Landhelgisgæslunnar og norsku strandgæslunnar á sviði strandgæslu, öryggismála, leitar og björgunar sem byggir á samningi frá árinu 2008. Samkomulagið er á sviði sameiginlegra aðgerða vegna hugsanlegra mengunarslysa, fiskveiðieftirlits, skipta á skipaumferðarupplýsingum, leitar og björgunar á hafinu og ýmissa annarra málefna er tengjast verkefnum á sviði strandgæslu.

Á morgun og föstudag verður varðskipið við æfingar með varðskipi og þyrlu Landhelgisgæslunnar.

Harstad kemur síðan inn til Reykjavíkur aftur um helgina og verður til sýnis fyrir almenning á sjómannadaginn 7. júní frá klukkan 13.30 til 17.00 þar sem það mun liggja við Miðbakkann í Reykjavík. - shá




**HARSTAD Á HAFI ÚTI** Nýtt varðskip Landhelgisgæslunnar byggir á sömu teikningu og Harstad. Íslenska skipið verður þó stærra og betur búið. MYND/LHG



**HÆKKUN** Stjórnvöld hækkuðu álögur á bensín um tíu krónur og á dísilolíu um fimm krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FÍB mótmælir bensínhækkun:

## Árás á fjárhag heimilanna

**EFNAHAGSMÁL** Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) mótmælir hækkun stjórnvalda á bifreiðagjöldum og álögum á eldsneyti. Í tilkynningu er hækkunin sögð árás á fjárhag heimilanna.

Hækkun á eldsneytisverði kemur verst niður á tekjulægsta fólkinu og þeim sem búa á landsbyggðinni, segir í tilkynningu FÍB. Það er einnig bent á að hækkanirnar hafi bein áhrif á skuldir heimilanna vegna verðtryggingarinnar. - bj



Jólatrjásalan Landakot gaf 200 þúsund krónur:

# Söfnuðu fyrir sjúk börn

**HJÁLPARSTARF** Jólatrjáasalan Landakot hefur fært Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna (SKB) hluta ágóðans af jólatrjáasölu fyrir síðustu jól, eða 200.000 krónur. Landakot hefur haft sama háttinn á undanfarin ár.

Baldur Gústafsson, sem hefur verið í forsvari fyrir jólatrjáasöluna frá árinu 2002, heimsótti skrifstofu SKB og færði Rósu Guðbjartsdóttur, formanni félagsins, söfnunarféð.

Í tilkynningu frá SKB segir að stuðningur Landakots við SKB sé félaginu mjög dýrmætur. Félagið þakkar Baldri og hans fólki innilega fyrir sitt fórnfúsa framlag.

- kg



**SÖFNUN** Baldur Gústafsson hjá Landakoti færði Rósu Guðbjartsdóttur söfnunarféð.

Menningarráð Reykjavíkur:

# Samkeppni um styttu af Tómasi

**MENNING** Skipuð hefur verið forvalsnefnd og dómnefnd fyrir samkeppni um styttu af skáldinu Tómasi Guðmundssyni.

Í forvalsnefnd verða Helgi Kristjánsson. sem tilnefndur var af menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkur, Hafþór Yngvason, tilnefndur af innkaupanefnd Listasafns Reykjavíkur, og Þóra Sigurðardóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM).

Í dómnefnd eru borgarfulltrúinn Kjartan Magnússon, tilnefndur af menningar- og ferðamálaráði, Sólveig Aðalsteinsdóttir, tilnefnd af innkaupanefnd Listasafns Reykjavíkur, og Bjarni Sigurbjörnsson, tilnefndur af SÍM. Keppt er samkvæmt reglum SÍM.

- gar



**TÓMAS GUÐMUNDSSON**
Gera á styttu af borgarskáldinu.





Í áratugi hafa íslenskir garðyrkjubændur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu. Nú hafa þeir opnað vefinn **gardplontur.is** Þar má finna margvíslegan fróðleik.

Skoðaðu **gardplontur.is** og nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.

**VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.**

íslenskar garðplöntur

Tvöfaldur 1. vinningur

220.000.000
+130.000.000

00.000

Fyrsti vinningur stefnir í 220 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 130 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 3. JÚNÍ 2009

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

AFMÆLIS-HÁTÍÐ
1 ÁRS
Lindir Kópavogi eiga afmæli og af því tilefni verður afmælishátíð alla vikuna.
Ný tilboð á hverjum degi hjá öllum fyrirtækjum.
TILBOÐ DAGSINS:
INTERSPORT
5.990 (fullt verð 9.990) NIKE MINISTRY OF NIKE F2 HOOD hettupeysa. Herrastærðir: S-XL Litir: Grá eða svört.
4.990 (fullt verð 8.990) NIKE TEAM HALF ZIP W WARMUP barnagalli. Barnastærðir: XS-XL Litur: Ljósblár.
KRÓNAN
Dýravörur
Dagstilboð 25% afsláttur
Friskies hunda- og kattamatur - valdar tegundir
ELKO
Dagstilboð 12.995
Evrópukort með Nuvi 250
Dagstilboð 19.995
GARMIN
GPS vegaleiðsögutæki, Nuvi 200 VN 0100062120 / Nuvi 250 0100062102
LINDIR KÓPAVOGI

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

## FRÉTTASKÝRING: Rafbílabyltingin

# Rafbílabyltingin lifir

**Heimskreppan og lækkunin á olíuverði sem hún hefur tímabundið valdið hefur hægt á rafbílabyltingunni. En þróunin í átt að rafvæddum samgöngum framtíðarinnar heldur ótrauð áfram.**

Á dögunum kynnti Toyota, sem nú er orðinn stærsti bílaframleiðandi heims, nýja kynslóð Priustvinnbílsins, en hún er sú þriðja frá því að markaðssetning hófst á þessum raf- og bensínknúna fólksbíl fyrir tólf árum. Akio Toyoda, sonarsonur stofnanda Toyota, sagði þegar bíllinn var kynntur að „framtíð einkabílsins“ hvíldi á þessum bíl.

Um mánaðamótin apríl-maí hafði Toyota selt alls 1.028.000 Prius-bíla, þar af helminginn í Bandaríkjunum. Toyota hefur þar með mikið forskot á aðra framleiðendur, en Honda og fleiri bílasmiðjur hyggja reyndar á að veita Toyota meiri samkeppni á þessum markaði.

### Tengiltvinnbílar

Það sem er þó áhugaverðast fyrir íslenzkar aðstæður er næsta þróunarstig tvinnbíla, sem eru tengiltvinnbílar, þ.e. raf- og eldsneytisknúnir bílar með stærri rafhlöðu sem hægt er að hlaða rafmagni úr heimilisinnstungu. Sú tækni gerir það mögulegt, án þess að nokkuð sé slegið af kröfum um notagildi bílsins og án þess að dýrra breytinga sé þörf á orkudreifikerfi landsins, að knýja einkabíla landsmanna með umhverfisvænni, innlendri raforku – sem sparar aukinheldur gjaldeyri í stórum stíl, sem annars fer í að greiða fyrir innflutt eldsneyti.

Toyota er nú þegar með tengilútgáfu af nýja Priusnum í tilraunanotkun í Japan, í Bandaríkjunum og Evrópu. Hann á síðan að koma á almennan markað á næsta ári. Samkvæmt eigin prófunum Toyota er meðaleyðsla tengil-Prius 3,62 lítrar af benzíni á hverja 100 ekna kílómetra, en á nýjustu kynslóð „venjulega“ Priussins er meðaleyðslan gefin upp 4,7 l. Eldsneytiseyðslan er enn minni í tilrauna-tengilútgáfum af Prius, sem aðrir aðilar en framleiðandinn sjálfur hafa útbúið, þar sem rafhlaðan í þeim er í flestum tilvikum stærri en í væntanlegu verksmiðjuútgáfunni og geta þar af leiðandi ekið að meira leyti á rafmagni. Slíkur bíll, sem sérfræðingar frá Kaliforníu breyttu, hefur verið í tilraunaakstri hér á landi síðan haustið 2007.

### Samkeppni

Umtalaðasti væntanlegi keppinautur tengil-Priussins er Chevrolet Volt, sem kynntur var í framleiðsluútgáfu í vetur; þá var boðað að hann kæmi á markað á næsta ári. Gjaldþrot framleiðandans, General Motors, getur þó sett strik í þann reikning, en fullvíst má telja að hið endurreista GM sem stendur til að taki við eftir að „gamla GM“ hefur verið keyrt í gegnum hraðgjaldþrot muni halda áformunum um markaðssetningu Voltsins til streitu, enda falla þau mjög vel saman við markmið ríkisstjórnar Baracks Obama Bandaríkjaforseta sem hefur sett bílaiðnaðinum vestra ströng markmið um minni losun koltvísýrings. Þá eru í gildi vestra lög um styrki til kaupenda raf- og tengiltvinnbíla til að hvetja enn frekar til þess að slíkir bílar komist í umferð hraðar en ella.

### Hvatar

Ýmis lönd hafa lögleitt slíka hagræna hvata til að ýta undir rafvæðingu bílaflotans. Í vor ákváðu til að mynda brezk stjórnvöld að þeir sem skipta úr hefðbundnum benzín- eða díselbíl í nýjan raf- eða tengiltvinnbíl ættu rétt á 5.000 sterlingspunda styrk úr ríkissjóði, en sú upphæð samsvarar nú hátt í milljón króna. Hægt verður að sækja þessa styrki frá og með árinu 2011, en þá gerir stjórnin ráð fyrir að nægilegt framboð af slíkum bílum verði orðið að veruleika.

Þessir styrkir eru liður í áætlun sem miðar að því að draga hraðar úr losun gróðurhúsalofttegunda frá bílaumferð í Bretlandi og 250 milljónir punda, andvirði hátt í 50 milljarða króna, hafa verið teknir frá til að fjármagna. Annar liður í áætluninni er að koma upp hleðslustöðvakerfi fyrir rafbíla meðfram þjóðvegum og í borgum landsins. Verja á sem svarar um 3,5 milljörðum króna í þetta verkefni.

Á Norðurlöndunum hafa stjórnvöld líka sett sér metnaðarfull markmið á þessu sviði. Í Svíþjóð hefur markið verið sett á að 600.000 bílar knúnir rafmagni að mestu eða eingöngu verði komnir á göturnar fyrir árið 2020. Í Noregi eru rafbílar alveg skattfrjálsir. Í Danmörku er verið að setja upp kerfi fyrir rafbíla sem byggir á því að hægt sé að skipta um rafhlöður á hleðslustöðvum, líkt og er með eldsneyti á benzínstöðvum. Þar eru líka í gildi miklir skattafslættir fyrir raf- og tengiltvinnbíla.

### Ísland?

Vorið 2008 skilaði stjórnskipuð nefnd, sem fulltrúar fjögurra ráðuneyta áttu sæti í og hafði það hlutverk að gera heildarendurskoðun á kerfi gjald- og skattheimtu af bílum og eldsneyti hérlendis með það að markmiði að gera hana umhverfisvænni, af sér skýrslu þar sem lagðar voru fram ítarlegar tillögur að því hvernig breyta mætti þessu kerfi hérlendis. Tillögurnar byggja á því að gjaldheimtan taki öll mið af koltvísýringslosun, þ.e. bæði aðflutningsgjöld og aðrir skattar af bílum og skattar af eldsneyti byggðu á þessum sama grunni. Ekkert hefur þó enn verið gert í því að semja lagafrumvarp upp úr tillögum nefndarinnar. En hver veit hvað gerist nú þegar fjármálaráðherrann er orðinn „vinstri-grænn“?



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is



## FRAMSÆKNASTI TENGILTVINNBÍLLINN

Framsæknasti tengiltvinnbíllinn sem framleiddur hefur verið erFord Edge HySeries, sem sýndur var hjá Fordumboðinu Brimborg í vetur sem leið. Hann er búinn vetnisknúnum efnarafal og öflugum rafmótorum. Engar gróðurhúsalofttegundir losna því við akstur hans. Eini útblásturinn er vatnsgufa.

Miðað við rafbíla hefur drifbúnaður eins og sá sem Ford Edge HySeries skartar þann ótvíræða kost að hafa allt að þrisvar sinnum meiri drægni. En þar sem hann er einnig búinn tengiltækni rafbíla má hlaða rafgeymi bílsins (sem er af nýjustu kynslóð liþíum-jóna-rafgeyma) í venjulegri heimilisinnstungu og býr hann því að sama einfalda orkuaðgengi og rafbílar. Þegar settar hafa verið upp hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíla, sem íslenzk stjórnvöld hafa í hyggju að gera í samstarfi við Mitsubishi, yrði svona útbúinn bíll enn praktískari fyrir íslenzkar aðstæður.

Þar sem efnarafaltæknin eru enn dýr er þó nokkuð í land að slíkur vetnis-tvinnbíll verði fáanlegur í fjöldaframleiðslu. Tengiltvinnbílar búnir hefðbundnum brunahreyfli (sem getur gengið fyrir benzíni, dísilolíu eða lífrænu eldsneyti) eru þannig mun raunhæfari kostur til skemmri tíma litið.

## Tvinnbílar eru knúnir bæði rafmótor og brunahreyfli

**Toyota hefur tilkynnt að tengilútgáfa af tvinnbílnum Prius, sem þegar hefur selzt í yfir milljón eintaka, sé væntanleg á markað árið 2010. Rafgeymana í tengil-tvinnbíl er hægt að hlaða úr heimilisinnstungu sem hefur í för með sér að þannig bíl er hægt að keyra að mestu á rafmagni.**



2 fyrir
2000 kr.
á rétti dagsins eftir kl. 15

## Sumartilboð

# Heilsan er hagkvæm

Nýttu þér frábært **2 fyrir 2000 kr.** tilboðið á rétti dagsins.
Gildir í allt sumar eftir kl. 15 á virkum dögum – hvort sem er til að taka með eða borða á staðnum.





## Hugsaðu um heilsuna og vertu Maður lifandi

Njóttu úrvals heilsurétta á veitingastöðum Maður lifandi allan daginn eða taktu hollan og góðan bita með heim.

Nýttu þér þetta frábæra tilboð hjá Maður lifandi, strax í dag.

Núna eru staðirnir orðnir ÞRÍR

**Borgartún 24**

**Hæðasmári 6**
fyrir ofan Smáralind

**Hafnarborg, Hafnarfirði**
Listasafnið Hafnarborg Strandgötu 34

OPIÐ: Borgartún og Hæðasmári v.d. 10–20, lau. 10–17.
Hafnarborg v.d. 11–19 (fim. til 21), lau. og sun. 11–17.

- Úrval heilsurétta til að njóta á staðnum eða taka með
- Ljúffeng súpa dagsins, brakandi ferskur salatbar og heimabakað speltbrauð – lífrænt og gerlaust
- Gómsætar og hollar kökur
- Veisluþjónusta fyrir öll tækifæri
- Fyrirtækjaþjónusta í hádeginu
- Ferskur safabar
- Lífræn heilsuvöruverslun

maður lifandi
www.madurlifandi.is · Sími 58 58 700

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvenær á að nota svipuna?

## Hænufetið

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Fjármálaráðherrann hefur sætt nokkuð harðri gagnrýni vegna nýrra skatta á bensín og áfengi. Fæstum kemur það á óvart. Þessa ákvörðun verður hins vegar að skoða í ljósi aðstæðna.

Eðlilega hlakkar í mörgum sem hlustað hafa á ómálefnalega gagnrýni fjármálaráðherrans sjálfs vegna svipaðra aðgerða forvera hans. Auðvelt er að lesa yfir honum hans eigin orð um afleiðingar ráðstafana af þessu tagi og áhrif þeirra á hag skuldugra heimila. Frá þeim bæjardyrum séð á hann svipuhöggin skilin.

Hitt er þó mikilvægara eins og sakir standa að horfa á málið af lítið eitt hærri kögunarhóli. Náist ekki jafnvægi í rekstri ríkissjóðs er algjörlega borin von að endurreisn efnahagslífsins takist. Fyrsta óhjákvæmilega hænufetið sem stigið er að því marki er þar af leiðandi ekki málefnaleg ástæða til að beita svipunni gegn fjármálaráðherranum.

Jafnvægi verður ekki að veruleika nema með umfangsmikilli hagræðingu og stórtækum niðurskurði. Það næst heldur ekki án þess að lækka launakostnað í opinberum rekstri eins og þegar hefur gerst á almennum vinnumarkaði. Loks verður ekki undan því vikist að afla viðbótartekna. Tekjuskattshækkun í kjölfar almennrar launalækkunar er þó verulegum takmörkunum háð af augljósum ástæðum.

Eftir hækkun skatta á áfengi og bensín er allur raunverulegi sársaukinn eftir. Það er kjarni málsins. Rök standa því til að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir að byrja á smáskammtalækningum. Í upphafi þessa árs átti að réttu lagi að liggja fyrir heildaráætlun um aðgerðir í ríkisfjármálum. Nú fyrst er hún boðuð.

Eðlilegra hefði verið að sýna fyrst niðurskurð, aðhald og launakostnaðarlækkun. Eftir það hefði verið rétt að kynna megintekjuöflunarbreytingar. Sú skattabreyting sem ákveðin hefur verið er tæpast annað en holufylling sem huga á að þegar raunverulegi uppskurðurinn hefur verið saumaður saman.

Aðferðafræði ríkisstjórnarinnar er því augljós vísbending um að hún sé enn ráðvillt og hikandi. Ríkisstjórnin verðskuldar þar af leiðandi gagnrýni og pólitísk svipuhögg fyrir að halda þjóðinni í þeirri stöðu og draga með því á langinn möguleika hennar til viðspyrnu.

Engu er líkara en forsætisráðherrann hafi ekki strik til að sigla eftir. Fyrir skömmu fóru sveitarfélögin fram á það við ríkisstjórnina að hún beitti sér fyrir lagabreytingum til að greiða fyrir launakostnaðarhagræðingu í grunnskólum. Án slíkra aðgerða er enginn vegur fyrir sveitarfélögin og ríkisstjórnina sjálfa að ná tökum á fjármálavandanum. Svar ríkisstjórnarinnar var að einstakir hagsmunahópar ættu að hafa neitunarvald þar um.

Ríkisstjórnin boðar stöðugleikasáttmála á vinnumarkaði. Hún leggur hins vegar engar línur þar að lútandi. Þau mál eru nú í uppnámi. Að réttu lagi á ríkisstjórnin að hafa forystu um að afmarka það svigrúm sem aðilar hafa til heildarlaunabreytinga við ríkjandi aðstæður. Sú ábyrgð hvílir hins vegar öll á vinnumarkaðnum. Þangað er nú horft eftir forystu um heildarlausnir.

Ríkisstjórnin hefur algjörlega sloppið við pólitíska gagnrýni á þennan augljósa veikleika sem veit bæði að pólitískri stöðu hennar og stefnu. Það ber hins vegar ekki vott um almennan skilning á ríkisfjármálavandanum ef hænufetið verður ádeiluefni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

**Aðalfundur Gigtarfélagsins**

Aðalfundur Gigtarfélags Íslands verður haldinn miðvikudaginn í kvöld 3. júní, kl. 19:30 á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún. Fundarsalur er Setrið.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa mun Kolbrún Einarsdóttir næringarráðgjafi á Landspítala halda erindi er hún nefnir; Mataræði og gigt.

***Allir eru velkomnir.***

Gigtarfélag Íslands

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hægt en örugglega

Sjálfstæðisflokkurinn borgaði í gær 6.875.000 krónur til Stoða hf. og NBI hf. vegna styrkja sem forverar fyrirtækjanna, FL Group og Landsbankinn, veittu flokknum seint á árinu 2006. Í yfirlýsingu Bjarna Benediktssonar formanns sagði að styrkirnir yrðu endurgreiddir með jöfnum greiðslum á hverju ári næstu sjö árin, án vaxta- og verðbóta. Það þýðir að lokagreiðslan verður innt af hendi árið 2016. NBI starfar í dag sem Landsbankinn en Stoðir hafa náð nauðasamningum við helstu kröfuhafa. Héraðsdómur á eftir að staðfesta samninginn. Vonir standa til að Landsbankinn verði áfram starfandi eftir sjö ár en alls óvíst er hver staða Stoða verður árið 2016.



### Enn þarf að safna

Þegar Sjálfstæðisflokkurinn verður loksins búinn að endurgreiða ofurstyrkina tvo verða í það minnsta fimm kosningar að baki síðan tekið var við þeim. Kosið var til þings 2007 og aftur nú í apríl og enn verður kosið í síðasta lagi 2013. Sveitarstjórnarkosningar verða svo á næsta ári og aftur 2014. Flokkurinn þarf því að afla talsverðra styrkja til að geta staðið straum af endurgreiðslunum og þeim kostnaði sem hlýst af því að reka kosningabaráttu. Tekjumöguleikar stjórnmálaflokka þrengdust mjög 2007 og kunna að þrengjast enn.



### Allt að gerast

Það er svo önnur saga að af heimasíðu Stoða að dæma er fyrirtækið í ansi hreint flottum málum. Þar segir (reyndar á ensku en hér í íslenskri þýðingu) „Stoðir er eignarhaldsfélag sem einbeitir sér að fjárfestingum á sviði fjármála, trygginga, fasteigna og smásölu. Meginfjárfestingar þess eru til langs tíma. Stoðir stuðla að þróun og vexti þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í. Stoðir fjárfesta bæði í rótgrónum skráðum félögum og óskráðum og leggja jafnt áherslu á hefðbundinn iðnað sem fjölbreytileika í eignasafni sínu. Stoðir kaupa líka smærri hluti í skráðum félögum sem virðast góðir skammtímafjárfestingarkostir.“ Óneitanlega svolítið 2007.

**bjorn@frettabladid.is**

# Flýtum vegaframkvæmdum og sköpum störf



**ÞÓR SIGFÚSSON**

**Í DAG** | Atvinnumál

Við getum flýtt vegaframkvæmdum umtalsvert á næstu 2-4 árum án þess að þær íþyngi ríkinu. Með því getum við skapað störf og aukið öryggi í umferðinni sem sparar þjóðfélaginu milljarða króna á ári.

Fyrir rétt rúmlega 10 árum opnaði fyrirtækið Spölur Hvalfjarðargöng. Hugmynd nokkurra einstaklinga um að einkaaðilar reistu og rækju göng hérlendis varð að veruleika. Í upphafi var gert ráð fyrir því að það tæki um 20 ár fyrir göngin að borga sig upp en ljóst er að það mun taka skemmri tíma. Nú þurfum við að skoða hvar Spalarfyrirmyndin getur átt við annars staðar í vegaframkvæmdum hérlendis og hvernig hún getur komið best að gagni í efnahagssamdrætti.

Nú er rætt um aðkomu lífeyrissjóða að uppbyggingu nýrrar byggingar Landspítalans og breikkun Hvalfjarðarganga og er það vel. En í vegaframkvæmdum má einnig sjá fyrir sér að lífeyrissjóðum, alþjóðlegum þróunarbönkum og íslenskum fjármálafyrirtækjum verði boðið að fjárfesta í nýjum verkefnum á þessu sviði sem sum hver gætu hafist strax í lok næsta árs. Þau verkefni sem tel að við eigum strax að setja í vinnslu með þessari aðferðafræði eru Sundabraut, breikkun Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar og ýmis gangagerð á höfuðborgarsvæðinu og göng úti á landi sem teljast arðbær.

Kosturinn við aðferðina sem beitt var í Hvalfjarðargöngunum er sá að fjárfestingarnar færast ekki í ríkisbókhaldið. Útgjöldum vegna framkvæmdar af þessu tagi er jafnað yfir líftíma eignarinnar í stað þess að allur kostnaður sé gjaldfærður við upphaf framkvæmda eins og annars er gert. Verði Sundabraut flýtt með þessari aðferð þá eiga að koma til veggjöld þar til ríkið taki yfir verkefnið að ákveðnum tíma liðnum. Veggjöld eru ekki til vinsælda fallin en nú er ekki tími fyrir vinsældakosningar heldur raunhæfar leiðir sem íþyngja ekki ríkinu. Þeir sem vilja ekki greiða veggjöld nota gömlu leiðina. Veggjöld má nota við gangagerð en þau eru hins vegar ekki fær leið við breikkun stofnbrautanna.

Slys á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi eru alltof tíð og framkvæmdir á þeim vegum geta skilað gríðarlegum ábata fyrir þjóðfélagið með lægri tjónatíðni. Tjónin á þessum vegum eru allt að tvöfalt kostnaðarsamari fyrir samfélagið en meðalslys á öðrum vegum. Þess vegna eigum við að leggja aukinn þunga í uppbyggingu þessara vega þar sem sá kostnaður mun vafalítið draga verulega úr samfélagskostnaði vegna umferðarslysa næstu áratugi.

Þegar litið er til kostnaðar vegna alvarlegustu slysanna sem verða á Suðurlandsvegi er það sérstaklega sláandi að langalvarlegustu og kostnaðarsömustu umferðarslysin verða þegar bifreiðar úr gagnstæðri akstursstefnu skella saman, eins og dregið er fram á neðangreindri mynd. Íslensk tryggingafélög eiga að koma að uppbyggingu á þessu sviði og þau hafa sýnt áhuga á slíku enda eru fjárfestingar af þessu tagi bæði með ígildi ríkisábyrgðar og draga umtalsvert úr tjónum.

Hvaða slys eru kostnaðarsömust á Suðurlandsvegi?

Með því að nýta okkur enn frekar aðferðir í anda Hvalfjarðarganganna mætti hugsa sér að á næstu þrem árum myndu vegaframkvæmdir allt að því tvöfaldast en um leið gæti ríkið dregið úr því fjármagni sem það hugðist leggja beint í opinberar framkvæmdir á næstu árum. Þannig myndum við geta stoppað meira í fjárlagagatið en um leið aukið umsvif í vegaframkvæmdum hérlendis umtalsvert.




# Vel gert

**UMRÆÐAN**

Jón Helgi Egilsson skrifar um Alþingi og Evrópusambandið.



**JÓN HELGI EGILSSON**

Alþingi og ríkisstjórn takast nú á við margvísleg erfið og umdeild verkefni vegna endurreisnar fjármálakerfis, atvinnulífs og heimilanna. Hluti af farsælli lausn er að sem ríkulegust samstaða náist um lausnir og stefnu til framtíðar. Þó svo að mál séu mikilvæg þá eru sum mál brýnni en önnur við núverandi aðstæður. Mál sem hafa ekki með lausn á núverandi vanda að gera og eru þar að auki líkleg til að ala á ósamstöðu með þjóðinni eru sérlega vandmeðfarin. Slík mál getur verið farsælla að leggja til hliðar eða vinna þeim frekara fylgis með upplýstri, opinni og lýðræðislegri umræðu.

Vissulega geta verið mismunandi skoðanir á því hvaða mál teljast brýn og hver ekki. Aðildarumsókn að Evrópusambandinu er eitt þessara mála og ríkur efniviður í klofning meðal þjóðarinnar. Það er því fagnaðarefni að sjá ábyrga og málefnalega tillögu nýrrar forystu Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks um fyrirkomulag og undirbúning aðildarviðræðna að ESB. Í tillögum stjórnarandstöðunnar er lögð til nálgun sem ætti að geta skapað breiðari sátt og samstöðu um þetta mjög svo umdeilda mál. Fyrstu skref stjórnarandstöðunnar undir nýrri forystu sjálfstæðis- og framsóknarmanna eru traustvekjandi.

*Höfundur er framkvæmdastjóri.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Græna prentsmiðjan
Guðjón Ó
Vistvæn prentsmiðja
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 3. júní 2009 – 22. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 Vísir

Vikulegu vefráðin
Leitið og þér munuð finna?

6

Skuggabankastjórnin
Vill 2,5 prósenta lækkun stýrivaxta

4-5

Orð í belg
Leitin að nýjum seðlabankastjóra

6

# Litli-Straumur rís úr rústum Straums

## Vilji er fyrir því að kröfuhafar taki yfir starfsemi Straums. Stefnt er að því að bankinn sýsli með eignir þrotabúsins.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Vilji er fyrir því hjá meirihluta kröfuhafa Straums og innan stjórnar fjárfestingarbankans að færa hlutafé núverandi hluthafa niður í ekki neitt og munu kröfuhafar taka bankann yfir. Af þessu gæti orðið síðsumars.

Meirihluti kröfuhafa Straums eru erlendir auk íslenskra lífeyrissjóða.

Kröfuhafafundur Straums verður haldinn á föstudag og þar verða kynntar áætlanir stjórnar bankans um fjárhagslega endurskipulagningu hans. Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að stefnt sé að því að endurvekja fjárfestingarbankastarfsemi Straums, sem muni takmarkast við ráðgjöf og miðlun. Þá verður eignastýringasviðið endurvakið í breyttri mynd. Það mun bæði höndla með þær eignir sem liggja í þrotabúi hans og þær eignir sem hann hefur tekið til sín með veðkalli og með öðrum hætti. Horft mun vera til þess að með þessum hætti takist að hámarka virði eigna Straums.

Óttar Pálsson, forstjóri Straums, vildi ekkert láta hafa eftir sér þegar eftir því var leitað í gær.

Skilanefnd á vegum Fjármálaeftirlitsins greip inn í rekstur Straums í byrjun mars eftir að bankinn tilkynnti að vegna mikils útstreymis af innlánsreikningum gæti hann ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Björgólfur Thor Björgólfsson, fyrrverandi stjórnarformaður Straums, og faðir hans Björgólfur Guðmundsson, eru enn skráðir fyrir rúmum 34 prósenta hlut í Straumi í gegnum Samson Global Holdings.

Straumur er talsvert minni í sniðum nú en áður en skilanefnd greip inn í reksturinn. Starfsemi hans erlendis hefur að mestu verið seld og hafa hlutabréf bankans verið tekin úr viðskiptum í Kauphöllinni. Þá hefur meirihluta starfsfólks verið sagt upp.

Líkt og fram kom í tilkynningu bankans í gær er vinnu við uppgjör bankans á síðasta ári enn ólokið og mun hann því ekki birta ársreikning sinn. Straumur er tólfta fyrirtækið sem er með skráð skuldabréf í Kauphöllinni sem frestað hefur birtingu ársuppgjörsins.

# Exista í vanskilum

Exista greiddi ekki af skuldabréfi upp á um átta milljarða króna sem var á gjalddaga á föstudag. Lánið, sem var til tveggja ára, var tekið í maílok 2007.

Viðræður hafa staðið yfir í rúma viku milli stjórnenda Existu og kröfuhafa um önnur lán, svo sem 500 milljóna evra sambankalán sem félagið tók í ágúst fyrir tveimur árum. Þá stóð það í 43 milljörðum króna en er í dag tvöfalt hærra í krónum talið.

Heildarskuldir Existu nema um einum milljarði evra, um 200 milljörðum íslenskra króna.

Í tilkynningu sem Exista sendi frá sér um nýliðna helgi er vísað til viðræðna við lánardrottna, handahafa skráðra skuldabréfa og víxla félagsins um frestun afborgana og vaxtagreiðslna sem koma til gjalddaga meðan á viðræðum stendur við innlendar og erlendar fjármálastofnanir um endurskoðun lánasamninga og uppgjör gagnkvæmra krafna. Í samræmi við það muni félagið ekki greiða afborgun af skuldabréfum EXISTA 07 2, sem voru á gjalddaga á föstudag í síðustu viku. - jab

# Ryanair tapar

Írska lággjaldaflugfélagið Ryanair tapaði 169 milljónum evra, jafnvirði 29 milljarða króna, á síðasta ári. Þetta er í fyrsta skiptið frá stofnun flugfélagsins fyrir tuttugu árum sem það skilar tapi. Árið áður nam hagnaður 391 milljón evra.

Olíuverð, sem hækkaði um 59 prósenta á milli ára, kom harkalega niður á rekstri félagsins, auk þess sem færa þurfti niður tæplega þrjátíu prósenta eignahlut í írska flugfélaginu Aer Lingus. Niðurfærslan nam 222 milljónum evra. Hefði niðurfærsla ekki komið til hefði Ryanair hagnast um 105 milljónir evra. - jab

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**Risagjaldþrot |** Gjaldþrot bandaríska bílaframleiðandans General Motors um helgina er það þriðja umfangsmesta í bandarískri fyrirtækjasögu. Aðeins fall fjárfestingabankans Lehman Brothers í september í fyrra og fjarskiptarisans WorldCom í júlí 2002 voru stærri.



**Ólokin mál |** Enron-málinu virðist seint ætla að ljúka en á mánudag játaði einn af framkvæmdastjórum dótturfyrirtækis risasamsteypunnar fyrrverandi að hann hefði falsað bókhaldsgögn og fleira tengt rekstrinum. Hann á yfir höfði sér eins árs stofufangelsi.

**Kreppa í Sviss |** Hagvöxtur dróst saman um 0,8 prósent á fyrstu þremur mánuðum ársins í Sviss. Þetta er annar fjórðungurinn í röð sem hagkerfið skreppur saman. Mestu munar um miklar afskriftir banka og fjármálafyrirtækja, sem eru ein af burðarstoðum efnahagslífsins í Sviss.

**Skortur í Rússlandi |** Rússneska banka vantar mikið fé til að komast óskaddaðir í gegnum fjármálakreppuna. Þetta segir alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's, sem bætir við að efnahagskreppan hafi höggvið svo stór skörð í rússneskt efnahagslíf að bankarnir verði að afskrifa allt að ellefu prósent útlána sinna.

# Hertar reglur veikja gengið erlendis

Gengi krónunnar hefur veikst á aflandsmarkaði (utan landsteinanna) þótt það hafi styrkst hér innanlands síðustu daga. Þetta kemur fram í Hagsjá, nýju daglegu vefriti hagfræðideildar Landsbankans.

Þar kemur fram að síðustu tíu daga hafi evran lækkað úr 177,4 krónum í 171,6 krónur, eða sem nemur 3,3 prósentum. Engin velta hafi hins vegar verið á innlendum gjaldeyrismarkaði í gær og því hafi gengið nánast staðið í stað frá því fyrir helgi. „Aflandsgengi (e. Off-shore) krónu hefur aftur á móti farið hækkandi undanfarið og má að einhverju leyti rekja veikinguna til þess að markaðsaðilar telja að Seðlabankinn hafi verið að herða á reglum sínum um gjaldeyriskaup með birtingu á minnisblaði dagsettu 28. maí síðastliðinn," segir í Hagsjá.

Í minnisblaðinu eru tilmæli til fjármálastofnana um framkvæmd og sölu gjaldeyris og hnykkt á þeim skilningi Seðlabankans að ekki sé unnt að skipta tilteknum vaxtagreiðslum yfir í erlendan gjaldeyri. Þar á meðal eru vextir af erlendum skuldabréfum sem gefin eru út af erlendum aðilum í krónum (svonefndum jöklabréfum), vextir af krónureikningum hjá erlendum fjármálafyrirtækjum, og vextir af hvers kyns fjármálagerningum sem gefnir eru út af erlendum aðilum. „Þetta virðist vera strangari túlkun en markaðsaðilar höfðu áður gert ráð fyrir og því er ekki óeðlilegt að bilið á milli innanlands- og aflandsgengis aukist," segir hagfræðideild Landsbankans í nýju vefriti sínu. - óká



## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | 23,5% | 0,0% |
| Bakkavör | 7,6% | -54,6% |
| Eimskipafélagið | 0,0% | -20,0% |
| Föroya Bank | -0,8% | -1,7% |
| Icelandair | 2,2% | -65,4% |
| Marel | 1,8% | -19,0% |
| Össur | 2,4% | 6,8% |

*Úrvalsvísitalan OMXI15 267*
*Úrvalsvísitalan OMXI6 733*

**Miðað við gengi í Kauphöll í gær.*

# Gengið gæti styrkst um 30 prósent á einu ári

„Þótt staðan á Íslandi sé einsdæmi og afar slæm, eru til lausnir til endurreisnar," segir Baldur Pétursson, aðstoðarframkvæmdastjóri Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD).

„Núverandi vandi er hins vegar svo stór að við hann verður ekki ráðið nema með stórauknu samstarfi við alþjóðasamfélagið. Með umsókn um aðild að Evrópusambandinu, líkt og stjórnvöld stefna að, megi byggja upp traust og trúverðugleika sem sé forsenda fyrir aðgengi að alþjóðlegu fjármagni." Umsókn segir Baldur jafnframt nauðsynlega til að forða frá enn meira hruni, þótt hún nægi ekki ein og sér. „Samhliða verður að hefja samstarf við Seðlabanka Evrópu um aðgerðir til að tryggja styrkingu krónunnar og gengisstöðugleika. Slíkt samstarf myndi byggja bæði á umsókn um aðild að ESB sem og EES-samningnum."

Baldur segir að með samstarfi við Seðlabanka Evrópu mætti tryggja gengishækkun krónunnar og varða leiðina út úr gjaldeyriskreppunni. „Slíkum samningum við Seðlabanka Evrópu ætti að vera hægt að ná á tiltölulega skömmum tíma miðað við skyldur samningsaðila innan EES-samningsins," segir hann og telur að með samstarfinu væri hægt að styrkja gengi krónunnar um nálægt því 30 prósent. „Þannig að eftir um rúmt ár væri hægt að ná þeirri stöðu sem var í upphafi 2008 og ná gengisvísitölunni í 140. Slíkt verkefni má ekki taka lengri tíma en eitt ár." Baldur segir vísitöluna 140 vera langtímajafnvægisstöðu krónunnar og þá stöðu sem við verði að miða við endurreisn bankanna. „Þetta er afar mikilvægt atriði ef nýir bankar eiga að hafa möguleika til lengri tíma."


BALDUR PÉTURSSON

Stöðuna hér á Íslandi, sem orðið hafi fyrir meira efnahagsáfalli en nokkurt annað ríki í fjármálakreppunni, segir Baldur hins vegar vera þannig að ekkert megi fara úrskeiðis, eða tefja á leiðinni til endurreisnar.

Baldur var hér á landi í síðustu viku til að kynna starfsemi EBRD og fjárfestingarkosti á starfssvæði bankans í Austur-Evrópu og Asíu. - óká

# Höfðu ekki áhuga á SPRON

„Við skoðuðum SPRON en höfðum ekki áhuga á að kaupa netbanka og húsgögn," segir Janus Pedersen, forstjóri Føroya Banka. Hann segir fréttaflutning af meintum áhuga bankans á SPRON byggðan á veikum grunni.

Pedersen, sem í gær kynnti starfsemi bankans á fjárfestadegi færeysku félaganna í Kauphöllinni, segir Føroya Banka hafa kannað kostina við kaup á SPRON skömmu eftir að Fjármálaeftirlitið tók starfsemi hans yfir seint í mars síðastliðnum. „Þegar í ljós kom að innlán höfðu verið færð til Nýja-Kaupþings var lítið eftir. Við höfðum ekki áhuga á því," segir Pedersen.


**JANUS PEDERSEN** Forstjóri Føroya Banka, hér fremstur, segir framtíðarvöxtinn liggja í Skandinavíu. MARKAÐURINN/ANTON

Føroya Banki hefur frekari tilraunir til landnáms hér ekki á dagskrá á næstunni. Frekar verði horft til Danmerkur – bankinn er með útibú í Kaupmannahöfn – og Noregs. Ástæðuna segir Pedersen þá að hlutur sjávarútvegs vegi þar þungt líkt og í Færeyjum og liggi innan sérhæfingar bankans. Ekki er horft til fleiri Evrópulanda, að hans sögn. - jab

# Kröfuhafar skoða gögn

## Vonir standa til að ljúka megi við skil gömlu og nýju bankanna eftir mánuð. Næsta skref er viðræður við kröfuhafa.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Kröfuhafar gömlu bankanna fara þessa dagana yfir gögn áður en formlega hefjast viðræður um endanleg skil á milli gömlu bankanna og þeirra nýju. Meðal þess sem verið er að kynna þeim eru viðskiptaáætlanir fyrir nýju bankana og verðmat Deloitte á eignum bankanna.

Önnur gögn sem liggja þurfi fyrir áður en endanleg skipti milli nýju og gömlu bankanna fara fram eru endurskoðaðir reikningar bankanna miðað við síðustu áramót og endurskoðun reikninga fyrstu þrjá mánuði þessa árs. Þá kemur fram í nýlegri uppfærslu skilanefndar Kaupþings á stöðuskýrslu til kröfuhafa að finna þurfi lausn á gengisójöfnuði eftir eignatilfærslur milli gömlu og nýju bankanna.

„Tímasetning formlegra viðræðna við kröfuhafana hefur ekki verið sett niður, en það er svona nánast næsta skref," segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra, en gefur þó ekki nákvæmari tímasetningu en núna í vor, eða snemma sumars.

Gylfi segir þó að ýmsu að hyggja, því þótt Deloitte hafi skilað af sér mati á verðmætum bankanna þá hlaupi það mat á ákveðnu bili. „Kröfuhafarnir eiga eftir að fara yfir þetta og svo þarf að setjast niður með þeim og finna út úr því hvar á þessu bili, eða jafnvel utan þess, endanleg niðurstaða verður."

Samkvæmt heimildum blaðsins standa vonir til þess að hægt verði að ljúka uppgjöri milli gömlu og nýju bankanna eftir mánuð eða svo. Fjármálaeftirlitið (FME) gaf um miðjan mánuðinn frest til þess að ljúka skilunum, þótt ekki lægi fyrir hversu langur fresturinn þyrfti að vera. Ákvörðun um lengd frestsins á að liggja fyrir hjá FME um miðjan þennan mánuð.

Gangi eftir að lokið verði við skil nýju og gömlu bankanna um næstu mánaðamót, er það um fjögurra mánaða dráttur frá upphaflegri áætlun eins og hún var sett fram í samkomulagi ríkisstjórnarinnar og AGS.


**BANKARNIR**
FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

# Rafrænar dagbækur Trackwell í Færeyjum

„Við ætlum að prufukeyra rafrænu afladagbækurnar í fjórum skipum í Færeyjum í sumar en vonumst til að þær verði settar upp í öllum færeyska fiskiskipaflotanum," segir Steingrímur Gunnarsson, sölustjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Trackwell.

Færeyski flotinn telur áttatíu skip.

Í síðasta mánuði var undirritaður samningur milli fyrirtækisins og Føroya Reiðarafelag (Landssamtaka færeyskra útgerðarmanna) um afhendingu á rafrænum afladagbókum um borð í færeyskum fiskiskipum.

Færeyingar hafa unnið að uppbyggingu miðlægs gagnagrunns sem heldur utan um skráningar um fiskafurðir allt frá veiðum til vinnslu og sölu afurða og eru gögn úr afladagbókum Trackwell fyrsti hlekkur keðjunnar.

Ákveðið var að ganga til samstarfs við Trackwell vegna reynslu fyrirtækisins í svipuðum verkefnum, en hugbúnaður frá Trackwell er meðal annars notaður í rafrænar afladagbækur íslenska fiskiskipa og um næstu áramót eiga öll skip stærri en fimmtán brúttólestir að hafa tekið upp slíkan búnað. - jab





Viltu selja í erlendum gjaldmiðli?




*Við bjóðum veflausnir og posa í erlendum gjaldmiðlum!*

Þú getur selt erlendum ferðamönnum vörur og þjónustu í erlendum gjaldmiðlum* og færð þá gert upp í sama gjaldmiðli.

***EUR, GBP, USD og DKK**

Hafðu samband í síma
**525 2080**
og kynntu þér málið

VISA VISA ELECTRON MasterCard Maestro

VALITOR
–Virk miðlun verðmæta

FYRIRTÆKJALAUSNIR VALITOR • Laugavegi 77 • 101 Reykjavík • Sími: 525 2080
fyrirt@valitor.is • www.valitor.is




allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 20 ár
1988-2008

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar




System belti fyrir kviðvöðva
dömu og herra
kr. 29.900,-




Flex Max belti fyrir
kviðvöðva dömu og herra
kr. 24.900,-

Flex belti fyrir kviðvöðva
dömu og herra
kr. 19.950,-

System dömu / herrapakki - belti + armar **kr. 36.900,-**
System dömupakki - belti + buxur **kr. 39.900,-**
System dömupakki - belti + buxur + armar **kr. 46.900,-**

20 mínútur með Slendertone belti jafngildir 120 uppsetum

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending
fyrir utan höfuðborgarsvæðið

KORTER - Ljósm. Jón Páll Vilhelmsson



**SKUGGABANKASTJÓRNIN** Ingólfur Bender, Ólafur Ísleifsson og Þórður Friðjónsson eru sammála um að sjónarmið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að hér eigi að hægja á lækkunarferli stýrivaxta stýrist af öðru en hagfræðilegum rökum. Allir telja þeir að halda eigi áfram á fremur brattri lækkunarbraut og þótt þeir hafi komið til fundar hver með sína uppástunguna að lækkun deila þeir ekki um hálfa prósentu til eða frá. MARKAÐURINN/VILHELM

# Í ráðgjöf AGS er meiri *pólitík en hagfræði*

Skuggabankastjórn Markaðarins leggur til að stýrivextir Seðlabankans verði lækkaðir um 2,5 prósentustig á vaxtaákvörðunardegi bankans á morgun. *Óli Kristján Ármannsson* settist niður með þeim **Ingólfi Bender, Ólafi Ísleifssyni** og **Þórði Friðjónssyni.** Þeir telja að hagfræðileg rök sem fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa haldið fram um að hægja beri á eða stöðva lækkunarferli stýrivaxta haldi ekki vatni.

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands lýsti því yfir við síðustu ákvörðun sína um stýrivexti í maíbyrjun, þegar vextir voru lækkaðir um 2,5 prósentustig, í 13 prósent, að á næsta ákvörðunardegi yrði haldið áfram á svipaðri braut, með veglegri lækkun. Stefnan sem þar var mörkuð er í samræmi við álit skuggabankastjórnar Markaðarins sem birt var deginum áður.

Síðan þetta var hafa fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS), fyrst Franek Rozwodowski, sendifulltrúi sjóðsins, með aðsetur hér á landi og svo fulltrúar sendinefndar AGS um málefni Íslands, lýst þeirri skoðun að frekari lækkun stýrivaxta sé óráðleg að sinni. Vísað er til mikilvægis þess að stíga varlega til jarðar og huga vandlega að áhrifum ákvörðunarinnar á gengi krónunnar.

## DEILA EKKI ÁHYGGJUM AGS

Skuggabankastjórn Markaðarins er hins vegar samróma í því áliti sínu að ekki beri að hverfa af braut stærri skrefa í ákvörðunum um lækkun stýrivaxta. Samdóma álit stjórnarinnar að þessu sinni er að mæla með 2,5 prósentustiga lækkun stýrivaxta, sem þá yrðu 10,5 prósent. Með því yrði heldur hægt á lækkunarferlinu miðað við fyrra álit skuggabankastjórnarinnar, en þar ræður helst þróun efnahagsmála frá síðustu ákvörðun. Verðbólga er heldur hærri en spár gerðu ráð fyrir og minna fer fyrir aðhaldi og stefnu í ríkisfjármálum en stefnt var að og uppi er ákveðin óvissa í kjaramálum.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir að þótt ákveðinn hrollur hafi farið um menn vegna verðbólgumælingarinnar í maí sé ástæðulaust að fara á taugum yfir henni. „Meðal annars eru notaðar vafasamar aðferðir við mælinguna, sérstaklega hvað húsnæðisverðið varðar,“ segir hann og telur ekki nokkurt vit í að taka inn í mælingu á húsnæðisverði makaskiptasamninga, enda liggi þar ekki annað á bak við en sýndarverð. „Mér finnst eindregið að við svona mælingar eigi bara að taka raunveruleg verð þar sem raunveruleg viðskipti liggja að baki.“ Öll skynsamleg hagræn rök styðji áfram við hratt vaxtalækkunarferli, þótt aðeins megi hægja á því nú vegna óvissu sem sé uppi um áðurnefnd atriði.

Skuggabankastjórnin deilir hins vegar ekki áhyggjum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins af áhrifum vaxtaákvarðana á gengi krónunnar og telur raunar að tregða sjóðsins þegar kemur að stýrivaxtaákvörðunum sé til komin af öðrum ástæðum.

„Ég deili ekki áhyggjum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að vaxtalækkun hafi neikvæð áhrif á krónuna. Í þeim efnum er nærtækt að benda á það lækkunarferli sem Seðlabankinn hefur verið í og áhrif sem það hefur haft á krónuna hingað til,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Glitnis.

Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, segir jafnframt erfitt að koma auga á að gengi krónunnar ráðist af „neinum skynsamlegum markaðslögmálum“ eða sambandi við stýrivexti og bendir á að peningastefnunefnd Seðlabankans virðist hafa haft slík sjónarmið í huga á síðasta fundi sínum. „Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins veltir upp þessu máli, en heldur því fram órökstutt að varast verði vaxtalækkanir vegna áhrifa á gengi.“

## OFURVEXTIR ÝTA UNDIR VANTRÚ

Þá bendir Þórður Friðjónsson á að í raun sé hér ekkert rökrétt samhengi í vaxtarófinu og stýrivextir ekki í samræmi við aðra vexti, aukinheldur sem vextir hér séu miklu hærri en í öðrum löndum, jafnvel þótt miðað sé við önnur hávaxtalönd. „Að mínu viti er vaxtasamhengið með slíkum hætti að ekki á nokkurn hátt megi rökstyðja að við höldum vöxtum lítið breyttum eða hægjum á lækkunarferlinu líkt og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur rökstutt að undanförnu.“

Þórður segist hins vegar þeirrar skoðunar að um sýndarrök sé að ræða hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. „Ég hef ekki trú á því að þeir sjái í raun svona skýrt sterkt samhengi á milli ofurvaxtanna hér og trausts á gengi krónunnar.“ Hann bendir á að þótt tína megi til áhrifaþætti í þá átt, svo sem um að útflytjendur kynnu að seinka greiðslum heim verði vextir lækkaðir um of, þá telji hann stýrivexti ekki áhrifaþátt þar. Á móti komi líka vaxtagreiðslur af reikningum útlendinga hér á landi. „Ég tel því í öllu þessu samhengi ekkert vit í þessum rökum og alls ekki víst í hvaða átt háir vextir virka,“ segir hann og telur að ofurvextir af því tagi sem hér eru séu fremur fallnir til þess að ýta undir vantrú á efnahagsstjórninni en hitt.

Þórður telur því fremur liggja að baki hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að halda hér stjórnvöldum að verki með því að þrýsta á um að vöxtum verði ekki breytt. „Stórt atriði í þeirra huga tel ég vera afgreiðsla ríkisfjármála til miðlungslangs tíma og í því máli vilji þeir sjá til botns eins og hægt sé. Síðan er hitt sem glögglega kom fram hjá sjóðnum að nokkurrar óþreyju gætir með nokkur mál. Þá sérstaklega að efnahagsreikningar bankanna séu ekki komnir fyrir horn.“

Skuggabankastjórnin er sammála um að varhugaverð stefna sé hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að beita einhverri slíkri „sjóðspólitík“ til að þrýsta á um aðgerðir stjórnvalda hér, fremur en að tala hreint út um hvar sjóðnum þyki pottur brotinn. „Stýrivextirnir eru hættulegt vopn, sem getur snúist í höndum manna,“ segir Þórður.

## HÖGGVIÐ Á SKAÐLEG TENGSL

Í umræðum skuggabankastjórnarinnar áréttaði Ólafur Ísleifsson jafnfram þá skoðun sína að brýnt væri að taka upp viðræður við Evrópusambandið um samstarf í gjaldeyrismálum, enda kallaði endurreisn efnahagslífsins á skýra stefnu um framtíðarskipan gjaldeyris- og peningamála. Þá benti hann jafnframt á að gaumgæfa þyrfti hugmyndir sem fram hafi komið um að breyta gjaldeyrislánum og verðtryggðum lánum yfir í óverðtryggð krónulán, um leið og þak yrði sett á vaxtagreiðslur þannig að vextir umfram þakið bættust aftan við höfuðstól. „Hugmyndir af þessu tagi ganga út á að höggva á tengsl efnahagsreikninga fyrirtækja og heimila við gengi og vísitölu. Ef ítarleg athugun leiddi í ljós að þessi leið væri fær yrði rutt úr vegi mikilvægri ástæðu til að stritast við að halda genginu frá því að leita enn frekar niður á við. Þar með mætti sleppa takinu á krónunni með gjaldeyrishöftum og hávöxtum og hverfa frá hvoru tveggja. Valin yrði markaðslausn í stað haftabúskapar og ríkisafskipta,“ segir hann.

CONNECT WITH ENGLISH
Sumarnámskeið / Summer Courses
www.connectwithenglish.is



**Dansfræði og æfingar**
**(Dans í kvikmyndum)**
Dags: 20. - 23. júlí og 10.- 13. ágúst
Aldurshópur: 13 - 16 ára



**Ensku kennsla og íþróttatímar**
Dags: Vikulega frá 15. júní til 3. júlí / vikulega frá 6. júlí til 23. júlí
Aldurshópur: 10 - 12 ára



**Enska fyrir fullorðna sem stefna á nám eða vinnu erlendis**
Dags: 15. júní til 3 júlí / 6. júlí til 23. júlí
Aldurshópur: 21 árs og eldri

# skólar og námskeið

MIÐVIKUDAGUR 3. JÚNÍ 2009




NORDICPHOTOS/GETTY

SJÓNVÖRP • ALLAR STÆRÐIR OG GERÐIR



PHILIPS
TOSHIBA
Panasonic
UNITED JVC

EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** SÍMI 480 3700
GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1600
GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** SÍMI 460 3380
SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** SÍMI 569 1500

UMBOÐSMENN
UM LAND ALLT

Heimilistæki ht.is

# Tvær nýjar námsleiðir

Tvær nýjar námsleiðir eru í boði hjá Landbúnaðarháskólanum. Þetta eru Þjóðgarðar – verndarsvæði og Náttúra – saga.

Landbúnaðarháskóli Íslands er mennta- og rannsóknastofnun á sviði náttúrunýtingar og umhverfisfræða með áherslu á verndun og sjálfbæra nýtingu auðlinda landsins, skipulagsmál, menningu og sjálfbæra þróun. Innan námsbrautarinnar Náttúru og umhverfisfræði hjá LbhÍ eru boðnar fjórar áherslur: Almenn náttúrufræði sem veitir nemendum grunnþekkingu á íslenskri náttúru, náttúrufari og vistkerfum; náttúrunýting sem veitir nemendum grunnþekkingu á náttúruauðlindum og sjálfbærri nýtingu þeirra.

Frá hausti 2009 verða til viðbótar tvær nýjar áherslur í boði eins og áður sagði: Þjóðgarðar – verndarsvæði og Náttúra – saga.

Náttúra og saga er námsbraut þar sem tvinnað er saman í BS-grunnnám raunvísindanámi annars vegar og hugvísindanámi hins vegar. Námsbrautin er samvinnuverkefni Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

Þjóðgarðar og verndarsvæði er námsbraut þar sem markmiðið er að mennta fólk til starfa við ört stækkandi þjóðgarða og verndarsvæði hérlendis.

Meiri upplýsingar um nám við Landbúnaðarháskóla Íslands má nálgast á heimasíðunni www.lbhi.is. *-sg*



**Innan Náttúru og umhverfisfræða hjá LbhÍ verða tvær nýjar áherslur í boði frá hausti 2009: Þjóðgarðar – verndarsvæði og Náttúra – saga.** MYND/ÚR EINKASAFNI

# Söguleg skrif fyrir leikmenn og lærða

„Námskeiðið er fyrir leikmenn og einhverja sagnfræðinga,“ segir Illugi Jökulsson, ritstjóri tímaritsins Sagan öll, sem ætlar að vera með námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands í haust undir yfirskriftinni Söguleg skrif fyrir almenning.

„Ég hef orðið var við mikinn áhuga fólks á að koma sögulegum skrifum sínum á framfæri,“ segir Illugi og vitnar í reynslu sína sem ritstjóra tímaritsins. Námskeiðið er einmitt hugsað sem svar við þessari þörf. „Algengt er að þeir sem eru óvanir að koma frá sér sögulegu efni hafi oft tilhneigingu til að gera hlutina full flókna og erfiða,“ segir hann.

„Á námskeiðinu verður meðal annars farið í það hvernig best sé að bera sig að við það að skrifa lipran og léttan texta þar sem þar á við.“

Námskeiðið verður haldið þrjú kvöld í senn, 22. og 29. september og 6. október frá klukkan 20.15 til 22. Nánar á www.endurmenntun.is undir flokknum Menning, sjálfsrækt og tungumál. *-vg*



**Illugi segist hafa orðið var við áhuga fólks að koma sögulegum skrifum sínum á framfæri.** FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Staðsetning skiptir máli

**Svo virðist sem leigumarkaðurinn á Íslandi sé að lifna við og velta margir fyrir sér hvort eftirspurn eftir stúdentaíbúðum hafi minnkað í kjölfarið. Félagsstofnun stúdenta hefur ekki fundið fyrir miklum breytingum þótt þeirra hafi orðið vart annars staðar.**

„Eftirspurn eftir stúdentaíbúðum hjá Félagsstofnun stúdenta hefur ekki minnkað,“ segir Rebekka Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi Félagsstofnunar stúdenta. „Sem stendur er reyndar sá árstími þar sem einna fæstir eru á biðlistum hjá okkur. Þeir sem eru að hefja nám við Háskóla Íslands gátu sótt um hjá okkur frá og með 1. júní en núverandi nemar við Háskóla Íslands geta sótt um allt árið um kring.“

Yfirleitt eru biðlistar eftir húsnæði á Stúdentagörðum langir. „Lengdin á biðlistanum hefur ekki breyst og jafnvel má búast við því að listarnir verði lengri núna þar sem nemendum við Háskóla Íslands hefur fjölgað mikið. Þegar stjórnvöld báðu háskólana um að innrita fleiri en verið hefur vegna ástandsins í þjóðfélaginu fjölgaði verulega eins og gera má ráð fyrir með auknu atvinnuleysi,“ útskýrir hún en bætir við að í góðærinu hafi nemendum líka fjölgað á háskólastigi. „Því virðist ekki skipta máli hvort það er góðæri eða kreppa, eftirspurnin eftir okkar þjónustu er jafnmikil og áður.“

Stúdentaíbúðirnar hafa verið leigðar á töluvert lægra verði en gengur og gerist á almennum markaði enda byggðar á öðrum forsendum. „Flestir sem byggja sér húsnæði eru að hugsa til framtíðar og þá er yfirleitt um að ræða stórt rými sem mikið er lagt í. Efniviður og stærð eru því í allt öðrum anda en lagt er upp með á Stúdentagörðum. Þar er lögð áhersla á hagkvæmni, góða endingu og nýtingu, þannig ekki er mikið pláss fyrir eitthvað aukreitis. Þetta húsnæði er því af allt öðrum toga,“ segir Rebekka og bætir við: „Einnig hefur verið lögð áhersla á að byggja á háskólalóðinni eða í nálægð við hana. Þegar farið hefur verið út fyrir háskólalóðina eru íbúðirnar staðsettar nálægt samgönguæð, eins og strætisvögnum eða hjólreiðastígum, þannig að fólk hafi kost á því að vera bíllaust.“

Hins vegar eru til önnur samtök sem bjóða upp á stúdentaíbúðir eins og Byggingafélag námsmanna og hafa þau átt erfitt með að manna sínar íbúðir í vetur. „Þá er um húsnæði í úthverfum að ræða. Keilir og Bifröst hafa einnig fundið fyrir samdrætti í útleigu stúdentaíbúða. Ástæðan fyrir að við höfum ekki fundið eins mikið fyrir þessu hér er kannski sú að við erum betur staðsett og höfum lagt áherslu á litlar og hagkvæmar einingar. Hins vegar veit ég ekki hvernig biðlistarnir verða í haust. Við höfum fundið fyrir því síðustu mánuði að fólk á ekki jafnauðvelt með að losa sig úr leigu annars staðar. Þá er fólk bundið leigusamningi og leigusalarnir vilja ekki sleppa því. Síðan búa nemendur stundum í foreldrahúsum og vilja bíða og sjá hvað gerist og hafa þá ekki verið tilbúnir til að stökkva inn á garða. Fólk hugsar sig betur um og við finnum vissulega fyrir einhverjum óróleika,“ segir hún en nefnir að húsnæði kosti sitt alls staðar. „Í raun er ekkert ódýrt húsnæði í boði á almennum markaði í dag. Þrátt fyrir að leiga hafi lækkað þá var verðið orðið svo gríðarlega hátt að litlu munar. Við búumst því við að eftirspurn verði áfram mikil og töluverður hópur muni ekki komast að eins og vanalega.“

Félagsstofnun stúdenta er á hinn bóginn að byggja um 80 nýjar íbúðir sem teknar verða í notkun um áramót. „Þær eru við Skógaveg, við hlið Borgarspítalans, og er þetta það lengsta sem við höfum farið frá skólalóðinni. Þetta eru stærri fjölskylduíbúðir, um 60 til 70 fermetrar, en þess háttar íbúðir hafa ekki verið byggðar í hátt á annan áratug. Ástæðan fyrir staðsetningunni er að hjólastígur liggur alla leið frá Skógavegi að Háskóla Íslands og einnig er gróið útivistarsvæði í nágrenninu,“ segir Rebekka. *-hs*



**Rebekka segir stöðuga eftirspurn vera eftir stúdentaíbúðum hjá Félagsstofnun stúdenta, enda eru þær vel staðsettar og hagkvæmar og fjöldi nemenda hefur aukist.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Í MK ERU FJÓRAR STÚDENTSBRAUTIR
FÉLAGSFRÆÐI- MÁLA- NÁTTÚRUFRÆÐI- OG VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIBRAUT

Hvert skal stefna í lífinu?

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

FÉLAGSFRÆÐIBRAUT
Sálfræði, félagsfræði, saga.
MÁLABRAUT
Tungumál, ferðagreinar, almenn braut.
NÁTTÚRUFRÆÐIBRAUT
Raungreinar, stærðfræði, tölvur.

VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIBRAUT
Bókfærsla, stjórnun, fjármál.

EINNIG Í BOÐI ALMENNAR NÁMSBRAUTIR.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.MK.IS

www.mk.is
Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000




## Skóli með sterkan prófíl



# MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI

auglýsir inntöku nýnema fyrir skólaárið 2009 - 2010

### Grafísk hönnun

LISTHÖNNUNARDEILD veitir starfsmenntun í grafískri hönnun. Á námstímanum öðlast nemendur yfirgripsmikla þekkingu og þjálfun í faginu sem gerir þá hæfa til að fást við krefjandi verkefni á sviði hönnunar fyrir prentmiðla og margmiðlun. Rík áhersla er lögð á tæknilega og listræna ögun. Strax í upphafi takast nemendur á við grunnhugmyndir fagsins, rætur þess í fagurlistum og tengsl við prentiðnaðinn. Til að hefja nám í deildinni þurfa umsækjendur að hafa lokið viðurkenndu fornámi í framhaldsskóla eða myndlistar-skóla og þar sannað hæfni sína í undirstöðugreinum.

### Frjáls myndlist

FAGURLISTADEILD veitir starfsmenntun í frjálsri myndlist. Nemendur fá alhliða þjálfun í hefðbundnum greinum þar sem áhersla er lögð á tæknilega og listræna ögun. Meðal kennslugreina eru: efnisfræði, skissugerð, olíumálun, akrýlmálun, myndgreining, ljósmyndun, grafík, módelteiknun, rými, bóklist, tölvugrafík, hugmyndafræði, sýningarstjórnun, fagurfræði og listfræði. Til að hefja nám í deildinni þurfa umsækjendur að hafa lokið viðurkenndu fornámi í framhaldsskóla eða myndlistarskóla og þar sannað hæfni sína í undirstöðugreinum.

### Myndlist, hönnun og arkitektúr

FORNÁM - Alhliða undirbúningur fyrir nám í hönnun og listum á æðra skólastigi. Myndlistaskólinn á Akureyri býður upp á hnitmiðað 40 eininga heildstætt nám í sjónlistum. Námið er skipulagt með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla og í því felst listrænn og tæknilegur undirbúningur fyrir framhaldsnám á sviði myndlistar, hönnunar og arkitektúrs.

Umsókn um skólavist þarf að berast skólanum fyrir 3. júní nk. ásamt umbeðnum gögnum og tilskyldum fjölda eigin myndverka.
Inntökunefnd áskilur sér rétt til að boða umsækjendur til viðtals dagana 3. til 7. júní, telji hún ástæðu til.

Myndlistaskólinn á Akureyri - Kaupvangsstræti 16 - Box 39 - 602 Akureyri - Sími. 462 4958 - info@myndak.is - www.myndak.is

SOVÍ

NUDDNÁM

NÁM Í SVÆÐA- OG VIÐBRAGÐSMEÐFERÐ
Veturinn 2009 – 2010

Kennsla utan almenns vinnutíma
Upplýsingar á www.nudd.is og
í símum 696-0970 // 895-7333

*Svæða- og viðbragðsmeðferðaskóli Íslands*



Nemendur við Háskólann í Reykjavík brautskráðir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Mikil ásókn í sumarlán

**Um 850 manns hafa sótt um sumarlán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, sem eru mun fleiri en í fyrra. Um tvö þúsund manns stunda nám við háskóla landsins í sumar.**

Þegar hafa um 850 manns sótt um sumarlán hjá LÍN, samanborið við 550 manns í heild í fyrra. Umsóknarfrestur til að sækja um sumarlán rennur út 15. ágúst og gerir Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri LÍN, ráð fyrir að umsóknum eigi eftir að fjölga talsvert. Um tvö þúsund manns hafa skráð sig í sumarnám í háskólum landsins.

Lánasjóðurinn fékk aukafjárveitingu upp á 650 milljónir vegna sumarlána. „Þetta gerði okkur kleift að geta veitt öllum þeim lán sem hafa áhuga á að stunda sumarnám,“ segir Guðrún.

Frá bankahruninu í haust hefur ýmislegt annað verið gert til að bregðast við ástandinu í efnahagsmálum innan sjóðsins. Neyðarlán buðust námsmönnum erlendis sem urðu fyrir verulegum áföllum vegna bankahrunsins. Um fimmtíu slík lán voru veitt en mun fleiri sóttu um þau. Þá



Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri LÍN, segir mörg skref hafa verið stigin innan Lánasjóðsins til að koma til móts við breyttar aðstæður námsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

var vaxtastyrkur aukinn til að bregðast við auknum vaxtakostnaði, tekjuskerðing þeirra sem hófu nám á vormisseri 2009 var lækkuð í fimm prósent úr tíu prósentum og tekin upp ný gengisviðmiðun á útreikningi lána til íslenskra skiptinema, í því miði að hækka framfærslulán þeirra. Þá var sveigjanleiki í endurgreiðslu námslána aukinn og tekjumörk vegna undanþágu 2009 hækkuð úr 2,1 milljónum í fjórar milljónir.

Um þessar mundir er verið að endurskoða úthlutunarreglur fyrir næsta vetur. „Það hefur dregist dálítið, þar sem við erum enn að bíða eftir svörum frá fjármálaráðuneytinu um fjárveitingar fyrir árið 2010,“ segir Guðrún. „Við vonumst eftir aukinni fjárveitingu, enda allar líkur á aukinni eftirspurn eftir lánum. Fleiri fara í nám vegna atvinnuástandsins og fleiri af þeim sem fara í nám munu þurfa á námslánum að halda þar sem tekjuöflun þeirra er minni en áður.“

Þá er nú unnið að því að lækka tekjutengdar afborganir fyrir haustið 2009 hjá þeim sem hafa orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu milli áranna 2008 og 2009. Endanleg útfærsla þess úrræðis liggur ekki fyrir en áætlað er að hún verði tilbúin þegar útreikningar liggja fyrir um miðjan ágúst. Á heimasíðu Lánasjóðsins www.ils.is er þegar hægt að sækja um undanþágu á greiðslu tekjutengdra afborgana. *- hhs*




YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
SUMAR YOGA
Sértilboð í maí og júní
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

512 50 50 Auglýsingasími
Mest lesið

LEIÐSÖGU SKÓLINN

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN
- NÁM Á HÁSKÓLASTIGI

Draumastarfið í draumalandinu?

LEIÐSÖGUSKÓLINN
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL



Einstaklega gefandi og skemmtileg starfsgrein
sem er að sama skapi krefjandi og áhugaverð.

Kynntu þér spennandi nám sem býður
upp á mörg tækifæri og möguleika.

INNRITUN STENDUR YFIR!

www.mk.is
Leiðsöguskólinn sími: 594 4025



**KAJAKFERÐIR** eru meðal þess sem boðið er upp á í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi. Er um tvenns konar ferðir að ræða sem eru mislangar. Í þeirri lengri er róið að Látrum framhjá Selalátri og endað í Hörgshlíðarpotti. Í þeirri styttri er róið frá Heydal og inn að Hörgshlíðarpotti. Sjá www.vesturferdir.is.




Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



VORUM AÐ TAKA UPP BRJÓSTAHALDARANA SEM LÆKNAR MÆLA MEÐ.

OPNAST AÐ FRAMAN.



Verð 5990 ,-

Ynja undirfataverslun
Hamraborg 7 Kópavogi
ynja.is • NANA Hólagarði



Auglýsingasími 512 5447

;ALLT






Þórður leiðir hópinn á hjólaferð um Ítalíu. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Hefur hjólað þúsundir kílómetra í Evrópu

**Þórður Höskuldsson, framkvæmdastjóri Outcome, starfar sem hjólaleiðsögumaður í hjáverkum. Á hverju sumri skipuleggur hann eina til tvær hjólaferðir um Evrópu í samstarfi við Bændaferðir.**

„Í nokkur ár hef ég fundið einhverja leið sem mér finnst hæfileg og spennandi í Mið- eða Suður-Evrópu og farið út með hópa í samstarfi við Bændaferðir," segir Þórður Höskuldsson, framkvæmdastjóri Outcome hugbúnaðar, en hann tekur að sér hjólaleiðsögn í eina til tvær vikur á sumrin.

„Ferðirnar eru yfirleitt um viku langar og taka mið af fólki sem er í sæmilegu formi," segir Þórður, sem hefur farið eina til tvær ferðir á hverju sumri frá árinu 2003. „Ég hef hjólað í Þýskalandi, Hollandi, Ítalíu, Austurríki, Króatíu og Slóveníu," segir Þórður en ferðirnar taka mið af því hjólreiðastígakerfi sem til er í Evrópu. „Ég reyni að þefa uppi skemmtilegar leiðir, oft í samstarfi við erlenda aðila sem sérhæfa sig í því að skipuleggja hjólaferðir," segir Þórður.

En hvar hefur verið skemmtilegast að hjóla? „Hver ferð hefur sinn sjarma en í Dólómítunum og nyrst á Ítalíu hefur landslagið verið stórbrotnast og veðrið hvað best. Þó er líka víða fallegt í Austurríki," segir Þórður. Inntur eftir því hvort hann hafi lent í hremmingum á ferðum sínum svarar hann: „Þær hafa verið í lágmarki, en auðvitað þarf maður að geta bjargað sér ef eitthvað bilar og svo gerist það stundum að einhver steypist á hausinn. Maður þarf því bæði að geta gert við hjól og fólk," segir hann glettinn.

Þórður hefur stundum villst af leið enda fer hann aldrei sömu leiðina tvisvar. „Ég nýt þess að vera svolítill könnuður á þessum ferðum," segir hann og viðurkennir að daglengdirnar hafi frekar lengst en styst eftir því sem ferðunum fjölgar. „Í fyrstu ferðunum fórum við um 50 til 60 kílómetra á dag en í næstu ferð verður vegalengdin um 80 til 100 kílómetrar á dag," segir Þórður. Hann leggur af stað á morgun með tíu manna hóp til Kaupmannahafnar og er stefnan að hjóla til Berlínar í Þýskalandi. „Ég horfi á þetta sem fyrsta legginn á leið yfir Evrópu," upplýsir Þórður en á fjórum árum ætlar hann að ljúka við þá ferð sem mun enda við Svartahaf.

Í þetta sinn munu ferðalangarnir taka með sér hjól að heiman en reglan hefur verið sú að hjólin hafa verið leigð úti. „Nú endum við ekki á sama stað og við hefjum för, auk þess sem aukinn kostnaður fékk okkur til að flytja hjólin frekar með okkur," útskýrir Þórður. Hann áætlar að hann hafi á síðustu tíu árum hjólað um fimm til tíu þúsund kílómetra í Evrópu og án vafa verða þeir mun fleiri þegar fram líða stundir.

*solveig@frettabladid.is*




Myndavélar, mikið úrval kynntu þér verðin á fotoval.is

FOTO VAL
Myndavéla-viðgerðir
Skipholti 50B
Sími 553 9200

www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is



VISIR.IS
„...ég sá það á vísi"



BÍLKÓ

- Hjólbarðaþjónusta
- Smurþjónusta
- Alþrif og teflon
- Bón
- Djúphreinsun
- Mössun
- Dekkjahótel
- Rafgeymar
- Perur
- Rúðuþurkur
- Bremsuklossar
- Sækjum og sendum
- Flestar stærðir dekkja á lager
- Bílkó þjónusta

1 SMURTILBOÐ
-15%
afsláttur af smurvinnu
VIÐ NOTUM AÐEINS GÆÐAVÖRU FRÁ VIÐURKENNDUM AÐILUM
olís

2 BÓNTILBOÐ
Alþrif og teflonbón
á tilboðsverði!
Láttu okkur um þrifin
SÆKJUM & SENDUM

BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**ÁST, RÓMANTÍK OG KYNLÍF**
er þemað á sumarsýningu Minjasafnsins sem verður opnuð 17. júní. Nánar á www.minjasafn.is.





Hér má sjá glitta í kaffihúsið, gistiheimilið, Grímsey og hina steinrunnu tröllkerlingu sem Drangsnes dregur nafn sitt af. MYND/ÚR EINKASAFNI



Hægt er að bregða sér í heita potta við flæðarmálið og nýja sundlaug skammt frá.

# Uppgangur á Drangsnesi

**Hjónin Ásbjörn Magnússon og Valgerður Magnúsdóttir komu á fót kaffihúsi og reka gistiheimili í einu minnsta sjávarplássi í heimi. Grímsey er í seilingarfjarlægð og tröllkerling trekkir einnig að.**

Á Drangsnesi, sem er fámennt sjávarþorp við norðanverðan Steingrímsfjörð á Ströndum, hefur verið talsverður uppgangur síðastliðin ár og eiga hjónin Ásbjörn Magnússon og Valgerður Magnúsdóttir þar hlut að máli. Þau reka Gistiheimilið Malarhorn og komu á fót veitingastaðnum Malarkaffi, sem dóttir þeirra Þuríður Ásbjörnsdóttir rekur nú, en ferðaþjónustuævintýri þeirra hófst árið 2006 og fer í fullan gang í sumar.

Byggðin á Drangsnesi er fremur ung en þéttbýli tók að myndast um 1925. Þar búa nú tæplega níutíu manns. Drangsnes er útgerðarbær og hefur afkoma íbúanna grundvallast á sjósókn og fiskvinnslu. En hvernig datt hjónunum í hug að koma á fót ferðaþjónustu í þessu litla þorpi?

„Kvótinn var orðinn lítill auk þess sem rækjan yfirgaf okkur og þá var bara að taka til sinna ráða,“ segir Ásbjörn. „Við fórum hægt af stað og byrjuðum á því að leigja íbúð í skólanum og leikskólanum sumarið 2006 sem við síðan leigðum út til gesta. Sumarið 2007 tókum við í notkun lítið hús með fjórum herbergjum og eldhúsi ásamt því sem við opnuðum Malarkaffi á efri hæð fiskvinnsluhúss við hlið gistiheimilisins. Um mitt fyrrasumar var svo tíu herbergja bjálkahús tekið í notkun og fer starfsemin í fullan gang í sumar.“



Ásbjörn fór hægt af stað en starfsemin fer á fullt í sumar. MYND/ÚR EINKASAFNI

Þá býður Ásbjörn upp á siglingar með Sundhana ST-3 bæði í náttúruskoðunarferðir og reglulegar ferðir út í Grímsey sem er í seilingarfjarlægð. En hvað er það sem dregur ferðamenn að? „Þetta er auðvitað nokkuð sérstakur staður en sveitarstjórinn okkar Jenný Jensdóttir heldur því fram að þetta sé minnsta sjávarþorp í heimi. Ég veit nú ekki hvort það sé rétt hjá henni en held þó að það hljóti að vera nokkuð nærri lagi. Þá hefur nálægðin við Grímsey mikið aðdráttarafl ásamt steindranginum Kerlingu sem þorpið dregur nafn sitt af. Sagan segir að drangurinn sé eitt þeirra trölla sem ætluðu að grafa Vestfirðingafjórðung frá meginlandinu og stofna tröllaríki en hana má kynna sér betur á www.malarhorn.is.“

*vera@frettabladid.is*

Selatalningin mikla er talningarverkefni framkvæmt við Vatnsnes og austurströnd Heggsstaðaness á ári hverju. Talið er til skiptis í júlí og ágúst. Sjálfboðaliðar ganga þá allar fjörur á talningarsvæðinu og skrá á sérstakt blað alla seli, bæði á sjó og landi, staðsetningu þeirra og tímasetningu.

**Sjá www.selasetur.is**















**Kynning**

# Gengið í náttúrufegurð

**Í Kerlingarfjöllum má finna ýmsar skemmtilegar gönguleiðir. Í sumar verður þar í fyrsta skipti boðið upp á gönguferðir um svæðið með leiðsögn en einnig verður hægt að leigja GPS-tæki með gönguleiðum.**

„Gönguleiðir verða merktar inn í GPS-tæki þannig að fólk getur gengið sjálft um svæðið,“ upplýsir Elín Lóa Baldursdóttir, annar tveggja staðarhaldara í Kerlingarfjöllum. „Þá verða líka hnit af athyglisverðum stöðum sett inn í tækið.“

Elín Lóa nefnir að einnig verði í boði gönguferðir með leiðsögn um svæðið frá 10. júlí til verslunarmannahelgar. „Annar staðarhaldarinn, Snæbjörn Guðmundsson, sem er að klára nám í jarðfræði við Háskóla Íslands, mun halda utan um ferðirnar. Þetta verða um það bil þriggja til fjögurra tíma göngur um svæðið,“ segir Elín Lóa og bætir við að einnig sé hægt að fara í lengri göngur um svæðið. „Í Kerlingarfjöllum eru fjölmargar merktar gönguleiðir og þær verða settar inn í GPS-tækið, sem fólk getur þá leigt og gengið með.“

Elín Lóa segir að ákveðið hafi verið að fara af stað með þessar nýjungar til þess að auðvelda fólki að ganga um svæðið. „Það er meira öryggi í að hafa GPS-tæki þegar gengið er um hálendið. Fólki finnst oft þægilegra að hafa merktar leiðir og GPS-tæki,“ útskýrir hún. „Nýjungarnar eru hugsaðar fyrir Íslendinga og erlenda ferðamenn því þær auðvelda í raun öllum þeim sem vilja ganga um svæðið.“ Spurð hvað geri Kerlingarfjöll að heillandi göngusvæði segir Elín Lóa það meðal annars stórbrotna náttúrufegurð. „Kerlingarfjöllin eru eitt best geymda leyndarmál hálendisins. Svæðið er fallegt og svolítið úr alfaraleið en þó er tiltölulega auðvelt að komast þangað. Þar er til dæmis fjall sem heitir Snækollur og í góðu skyggni þá er eitt besta útsýni landsins þaðan. Þar er hægt að sjá til sjávar bæði til norðurs og suðurs og því er vel þess virði að koma og ganga á fjallið.“

Nánari upplýsingar um gönguleiðir í Kerlingarfjöllum má finna á www.kerlingarfjoll.is.



Kerlingarfjöll eru rómuð fyrir mikla náttúrufegurð og skemmtilegar gönguleiðir. MYND/KARL BIRKIR FLOSASON



MYND/VALGERÐUR RÚNARSDÓTTIR

# BÍLAR & FARATÆKI



BMW 730 diesel 7/2004 ekinn 116þús. einn m/ öllu VERÐ 6.390.000.- TILBOÐ 4.990.000.-



M.Benz CL600 2/2003 ekinn 39þús. sjálsk. m/öllu VERÐ 7.900.000.-



SKODA OCTAVIA Ambiente 1.9 Diesel 11/2007 ekinn 46þús. VERÐ 1.950.000.- ath. lán allt að 100%

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**



Erum með úrval mótorhjóla til leigu: Suzuki Vstrom 650, kawasaki KRL 650, Kawasaki Versys 650, Yamaha XT 660, Honda Transalp 700

**Mótorhjólaleigan**
**Sími: 695 1855**
**www.ridingiceland.is**

brimborg
Öruggur staður til að vera á



Eigum til sölu nýjar ECR28 og ECR58 smágröfur. Afhending með stuttum fyrirvara. Endilega hafið samband við söluráðgjafa atvinnutækja hjá Brimborg í síma 515 7000.

**Brimborg**
**Bíldshöfða 6, 110 Rvk.**
**Sími: 515 7000**
**www.brimborg.is**




Toyota AVENSIS S/D SOL, árg.7/2003, ek. 100þús.km, sjálfsk, krókur, rafmagn rúður og speglar, Flottur bíll, Ásett verð 1590 þús.km, Fæst fyrir 350 út + yfirtöku á láni!!,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

Motor sport DIRT BIKE



Pit Bike 125cc Xmotos 2 litir Verð 180,000.-



Vespur nýkomnar City Runner Ítalskt hannaðar 50cc svartar, rauðar, báar, svartar+ silfraðar breiðum 12" dekkjum þjófavörn ál plötur á gólfi. Kassi fylgir með. verð aðeins 245,000.- með skráningu. (Hægt að stækka upp í 80 cc. Eigum líka racing kveikjur CDI)



Eigum eftir 4 Hippa í bláum lit og einn í rauðum lit 250cc á verði sem ekki sést aftur 5 gíra verð 298,000.- Verð áður 380.000.-



Ítalskt hannaðar vespur 125cc Svartar og Hvítar verð 298,000.- áður: 335,000,- með skráningu.



Ótrúleg vespa Admiral á 16" dekkjum sem gefur möguleika að keyra í möl. Ótrúlegur Kraftur. Til í svörtum og gráum lit. Kassi fylgir með. verð aðeins 358,000.- með skráningu



Vespa Future 125cc 12" dekk 2 litir. Einstaklega falleg vespa. Verð aðeins 298,000.- með skráningu.



Dirt bike Xmotos 250cc 2 litir, stillanlegir demparar, framan og aftan upp side downverð aðeins 278,000.-

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

Arnarbílar
www.arnarbilar.is



**FRÁBÆRT VERÐ 3.790 þ.**
TOYOTA LANDCRUISER 120, árg. 5/2005, ek. 134þ. km. dísel, sjálfskiptur,7 manna, 33" breyttur. Verð 3.790 þ. áhv. 3.350 þ. Arnarbílar, Malarhöfða 2. S. 567 2700.



**TILBOÐ 2.690 þ. stgr**
FORD F150 SUPERCREW KING RANCH, árg. 2006, ek 94þ. km., 5.4L Sjsk 300 hö. Draglok á palli, Einn með öllu, Verð 3.190.þ Arnarbílar, Malarhöfða 2. S. 567 2700.

**Arnarbílar ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

Lykilbílar ehf. bílasala



Vantar allar gerðir húsbíla á skrá og á staðinn. Mikil eftirspurn og góð sala Við vinnum fyrir þig.



Vantar allar gerðir hjólhýsa á skrá og á staðinn. Mikil eftirspurn og góð sala Við vinnum fyrir þig.

**Lykilbílar ehf**
**Smiðjuvöllum 7, 300 Akranes**
**Sími: 445 7700**
**www.bilasolur.is/lykilbilar**

TOYOTA SELFOSSI



Malarharpa frá árinu 2007. Notuð í c.a. 70 tíma. Ásett verð 3.290 þús.

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

## Bílar til sölu



**Nissan Primera 2004**
Til sölu Nissan Primera Acenta árg. 2004, ek. 85 þús. Fæst á yfirtöku láns, áhvílandi ca 1200 þús. Upplýsingar í s. 770 3797.

Tómstundahúsið




Fjarstýrðir rafmagns- og bensínbílar í úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587 0600, www.tomstundahusid.is



Skoda octavia 4x4 stasion beinskiptur 2005 árgerð. ekinn 58.00þús verð 2290 S.866-0538



BMW árg. '00 ssk., sk. '10. Ek. 175þ. Verð 740þ. S. 866 9238.



Ford Mondeo árg. '02 1.8 ek. 100 þús. Sumar og vetrard. S. 616 2597.



Subaru Legacy 2L. Árg. '03 5g. Sumar- og vetradekk. Ek. 70þ. S. 616 2597.

Renault Mégane '97 árg í toppstandi. Verð 130 þús. eða tilboð. Uppl. í síma 659 2895.

Subaru Impreza '96, 1600 beinsk. Verð 250þús. Uppl. í s 892 8129.

Toyota Avensis '00. Eyðsa 8-9. Ekinn 190þ. km. Selst á 560þ. Uppl. í s. 699 3534.

VW Golf 1.4 árg. '00 ek. 176þ. 4dyra. Rauður. V. 290þ. S. 697 6789.

VW Polo árg. '97 3ja dyra, ek. 140 þús. Sk. '10 V. 160 þús. Uppl. í s. 898 3590.

## 0-250 þús.



RAFSKUTLUR Rafskutlur Eigum rafskutlur á frábæru verði kr. 189.000. Visa/Euro raðgreiðsluskilmálar. H-Berg ehf. www.hberg.is

Grand cherokee LIMITED 95'árg. sk'09. ásett verð 200þús. uppl. S:6962587 Björk

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 500.000 Í AFSLÁTT.**
Opel Vectra 2.0 sjálfskiptur, 5 dyra árg. 2000 , ekinn 140 þús., nýskoðaður , álfelgur , spoiler kastarar , aðgerðarstýri omfl, rúmgóður flottur fjölskyldubíll! listaverð 990 þús, þitt verð 490 þús.!!! uppl. í s. 894 6383 eða 845 2071.



Nýskoðaður Nissan Terrano '99 fæst í skiptum fyrir fólksbíl. Upplýsingar í síma 690 3004.

## 1-2 milljónir



SKODA OCTAVIA 1,8 TURBO 4X4 STW, árg. 2005, ek. 52 þ. km. Bensín, bs, verð 1890 þ. Skoða skipti á ódýrari. Upplýsingar í s. 895 5577.

Til sölu glæsilegur dekurbíll Citroen C4 árg 2005 ekinn 35þ. km. blásans. yfirtaka á láni 1450 þ. afb. 37þ pr mán. uppl. í síma 6645884.

## 2 milljónir +



Til sölu Chrysler 300C SRT8 árg.'06. Geggjaður bíll! Verðtilboð 4.990 þ. Góðir lánamöguleikar. Uppl. í s. 898 2111.



Cadillac Escalade árg. 12/'07. Ekinn 20 þús. km. Með gjörsamlega öllum aukahlutum sem Cadillac býður upp á. Bara flottur ! Tilboð 7.990 þús. Góðir lánamöguleikar. Uppl. í s. 898 2111.



CHRYSLER 300C 5,7 hemi AWD LIMITED árg. 2007, ek. 17 þús. Innfluttur nýr, með öllu. Verð 4890 þ. Skoða skipti á ódýrari. S. 895 5577.



KIA SPORTAGE 2,0 DIESEL SJÁLFSK, árg. 2005, ek. 79 þús. Verð 2480 þ. Skoða skipti á ódýrari. S. 895 5577.

## Bílar óskast

Bílabankinn

**Óskum eftir eftirfarandi bílum til kaups:**
Toyota Hilux, Toyota Hiace, Mmc L-200 árgerðir frá 1986-1997 meiga vera biluðir ryðgaðir beyglaðir og ljótir upplýsingar sendar á tölvupóst arni@bilabankinn.is eða í síma 588 0700 Bílabankinn.

Óska eftir VW Carawellu árg. 2004-'05. í skiptum fyrir Mercedes Benz C200. Staðgreiðslas á milli. S. 867 0783.

**Vantar ódýrann**
Vantar bíl á verðbilinu 20-120 þús. allar tegundir koma til greina. Má þarfnast lagf. S. 857 9326.

**0-150 STAÐGREITT!!!**
Óska eftir bíl ekki eldri en '97 má þarfnast lagfæringa á 0-150 þús. skoða allt s. 691 9374.

Óska eftir bíl, 30-120 þús. Ekki eldri en '98, má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 868 8565.

**Óska eftir að kaupa bíl fyrir 1 -2 milljónir kr**
**Óska eftir bíl í skiptum fyrir glæný vönduð húsgögn m.a Chesterfield sófasett o.fl Möguleiki á að borga pening + húsgögn fyrir rétta bílinn. Hringdu núna í Sverri í s. 661-7000**

Óska e.að kaupa til niðurrifs gamla Toyota sendibíla og allar teg. Peugeot. Nánari uppl. í s.661 2222.

## Jeppar



**Tilboð 295þ.**
Pajero 7 manna árg. '96, bsk. 2.5 diesel. Krókur, smur- og þjónustubók. Sk. '10 S. 891 9847.



Fæst á yfirtöku- Ford Explorer v8 limited6 manna, árg 05 ek 72 þús.Ásett verð 2950 þús. Áhv. 2600.000Afborgun 59. Þús. 100% íslenskt lánUppl. 891-6401

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

## Sendibílar




## Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Húsbílar



Chevrolet '94 aðeins ek. 55 þ. Turbo diesel. Glæsilegur bíll með öllu. Tilboð. S. 445 7700 & 897 4213.

## Hjólhýsi



Hobby 650 Uff Excelsior Árg. 2007 Til sölu þetta glæsilega hús frá Hobby,ekkert áhvíl. lán. Uppl. í s.693 5454.

## Fellihýsi

Bílabankinn

**Óskum eftir :**
Fellihýsum, hjólhýsum, tjaldvögnum og húsbílum á skrá og á staðinn ATH. INNISALUR sjá söluskrá okkar www.bilabankinn.is S.588 0700.

Til leigu Fleetwood 12feta, árg. '07. Um er að ræða heildarleigu yfir sumartíma. Flott og vel með farið fellihýsi. Tilboð óskast. Uppl. í S 820 7065.

## Tjaldvagnar

Camplet tjaldvagn til sölu árg. '05. Mjög vel með farinn. Uppl. í s. 848 8421 & 567 1882.

## Vinnuvélar

**Staðgreiðum allar gröfur og krana!**
**Kaupum gegn staðgreiðslu, hjólagröfur, lyftara krana stóra sem smáa vinnulyftur LIEBHERR DEMAG, GROVE FAUN o.fl Hringdu núna og fáðu staðgreiðslutilboð! Sverrir s. 693-6445**

Massey Ferguson 575. Verð 175þús. Þarfn. aðhl. 400þús. litra Boða haugtankur fæst í ýmsum skiptum. Verð 350þús. Sturtuv. 75þús. Vantar 60 - 90 hestafla góðann traktor með tækjum. S. 865 6560.

## Bátar

Hlutafélag í útgerð með yfirfæranlegu tapi til sölu. Uppl. í síma 659 2895.

Gúmmíbátar & Gallar ehf. Viðgerðaþjónusta. Fullt af vörum á síðu. gummibatar.is S:660 7570.

Til sölu trilla. Henni KÓ-1. Skagstrendingur 2,5 tonn nýskoðaður. Sími 897-5379

## Hjólbarðar

Til sölu 4 ný Bridgestone sumardekk 195/65 R15 (89.000 kr virði) ásamt tveimur Maragon í sömu stærð. Allur pakkinn á 70.000 Uppl. í 663 0706

# ÍSLAND er landið



Fréttablaðið gefur út röð ferðablaða í sumar undir heitinu **„Ísland er landið“.** Næstu blöð koma út sem hér segir:

**Ísland er landið - Norðurland 4. júní**
**Ísland er landið - Reykjanes 10. júní**
**Ísland er landið - Austurland 11. júní**
**Ísland er landið - Landið allt 18. júní**

**Auglýsingar:**
Bjarni Þ. Sigurðsson, s: 512 5471, bjarnithor@365.is
Hlynur Þ. Steingrímsson, s: 512 5439, hlynurs@365.is
Sigríður D. Sigurbjörnsdóttir, s: 512 5462, sigridurdagny@365.is
Benedikt F. Jónsson, s: 512 5411, benediktj@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ




Margir háskólanemar fara í skiptinám við erlenda samstarfsháskóla eitt eða tvö misseri. Að sögn Bjargar Eysteinsdóttur hjá Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands er fjöldi umsókna um skiptinám næsta skólaár nú áþekkur og í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY

# Skiptinám opnar glugga

**Dvöl við nám og störf í öðru landi víkkar verulega sjóndeildarhringinn. Skiptinám eitt eða tvö misseri við erlendan háskóla er bæði einfaldari og ódýrari leið til að öðlast slíka reynslu en að fara í fullt nám á eigin vegum erlendis.**

Flestir háskólanemar fara í skiptinám í gegnum Erasmus-áætlunina sem gildir fyrir Evrópusambandslönd og Nordplus sem gildir fyrir Norðurlönd og Eystrasaltslöndin.

Að sögn Bjargar Eysteinsdóttur hjá Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands tóku í upphafi aðeins Háskóli Íslands og Listaháskólinn þátt í þessum áætlunum en nú eru nánast allir háskólar á landinu aðilar að þeim. „Þetta er skemmtilegt fyrirkomulag sem opnar aðeins gluggann að stærri háskólum fyrir íslensku stúdentana,“ segir Björg.

Margir íslenskir háskólanemar hafa enda nýtt sér þennan möguleika þau tæpu tuttugu ár sem hann hefur staðið til boða.

Námsmaður í skiptinámi greiðir árleg skrásetningargjöld sín við Háskóla Íslands. Skólagjöld við erlenda háskólann sem neminn sækir eru hins vegar felld niður eða mikið lækkuð. Neminn fær einnig aðstoð frá viðtökuskólanum við húsnæðisleit.

Ef farið er í gegnum Nordplus og Erasmusskipti býðst stúdentum ferðastyrkur og dvalarstyrkur. Styrkirnir eru reiknaðir í evrum en upphæðir geta verið breytilegar eftir árum. Íslenskir nemendur geta fengið styrkina greidda út í evrum ef þeir eiga gjaldeyrisreikninga.

Hægt er að fara í skiptinám á öllum stigum, það er í grunnnámi, framhaldsnámi og doktorsnámi. Eina skilyrðið er í raun að hafa lokið sem svarar eins árs námi áður en haldið er utan.

Björg Eysteinsdóttir segir að í kjölfar bankahrunsins í haust sem leið hafi allnokkrir skiptistúdentar komið heim fyrr en áætlað var og að einhverjir sem ætluðu að vera í skiptinámi á vormisserinu 2009 hafi hætt við að fara. „Þetta voru þó ekki eins margir og við bjuggumst við,“ segir Björg. Sömuleiðis segir hún fjölda umsókna vegna skiptináms næsta skólaár vera áþekkan og fyrri ár. Þannig að ekki er að sjá að íslenskir háskólanemar láti efnahagsástandið hafa áhrif á fyrirætlanir sínar um skiptinám. - st

### Margir möguleikar eru í boði

Evrópusambandslönd – Erasmus
Norðurlönd – Nordplus/Erasmus
Eystrasaltslönd – Nordplus /Erasmus
Bandaríkin – ISEP, MAUI
Kanada – CREPUQ
Ástralía – AEN
Einnig eru í gildi ýmsir tvíhliðasamningar.


Frábært úrval sófa og hvíldarstóla



Opið:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00
www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD
LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

HÓTEL STJÓRNUN

NÁM Á HÁSKÓLASTIGI

Viltu starfa á alþjóðavettvangi?

César Ritz

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



Spennandi námsmöguleiki fyrir nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi og/eða iðnnámi í matvælagreinum. Nemendur útskrifast með Diplóma í Hótel og veitingarekstri og geta í framhaldi lokið BS námi í Sviss.

INNRITUN STENDUR YFIR!

www.mk.is

Nánari upplýsingar á www.cesarritz.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

# Akureyringar fá fjarnám í viðskiptafræði við HA

Háskólinn á Akureyri hefur frá upphafi boðið viðskiptafræðitengt nám. Frá árinu 2000 hefur viðskiptafræðin einnig verið kennd í fjarnámi til allra landshluta og mælst afar vel fyrir.

Fólk búsett á Akureyri getur í fyrsta sinn í haust tekið viðskiptafræði til BS-gráðu í fjarnámi og er það nám skipulagt svo hægt sé að stunda það samhliða vinnu. Þetta er í fyrsta skipti sem Háskólinn á Akureyri býður upp á fjarnám fyrir Akureyringa.

Í náminu hljóta nemendur þjálfun til stjórnunarstafa, meðal annars með þjálfun í faglegum vinnubrögðum við stefnumótun, ákvarðanatöku og stjórnun.

Allir nemendur fá í grunninn sambærilega menntun á sviði viðskiptafræða. Þeir geta síðan valið að leggja áherslu á fjármál, stjórnun eða markaðsfræði.

Einnig er boðið upp á meistaranám í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri. Það er hægt að stunda samhliða vinnu. Nánar á unak.is.



**Nemendur í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri geta lagt áherslu á fjármál, stjórnun eða markaðsfræði.** MYND/ÚR EINKASAFNI

# Nýtt kjörsvið í útivist

Næsta haust verður í boði nýtt kjörsvið í útivist hjá íþrótta- og heilsubraut menntavísindasviðs Háskóla Íslands. „Við bjóðum upp á heilt ár í útivistarnámi,“ segir Kári Jónsson námsbrautarstjóri. „Námið er byggt upp sem aukagrein sem fólk í háskóla getur tekið með aðalgrein sinni og því getur fólk komið hvaðan sem er úr háskólakerfinu og tekið þetta sem viðbót við grunnámið,“ útskýrir hann en boðið er upp á annars vegar hálfan vetur og hins vegar heilan vetur.

Meðal námskeiða má nefna vetraríþróttir, ferðatækni og rötun, námskeið í ferðamennsku á vatni, námskeið í klettaklifri og vetrarfjallamennsku auk útináms sem er tengt skólastarfi. „Valmöguleikarnir eru því nokkrir og geta til dæmis þeir sem eru að læra til kennara valið námskeið sem tengjast skólastarfinu á meðan aðrir sem koma til dæmis úr ferðaþjónustunámi geta tekið námskeið sem tengjast því,“ segir Kári en íþrótta- og heilsubrautin á Laugarvatni hefur síðustu tvö ár verið í samstarfi við Norðurlöndin sem kallast Nordisk friluftslif. „Kennari hjá okkur, hann Smári Stefánsson, stjórnar því frá okkar hálfu og eru alltaf nokkrir nemendur frá Íslandi sem dvelja í einhverju Norðurlandanna yfir veturinn,“ segir Kári en aðsóknin á íþrótta- og heilsubrautina hefur sjaldan verið meiri en nú að hans sögn. *-sg*



**Boðið verður upp á heilt ár í útvistarnámi hjá íþrótta- og heilsubraut HÍ.**

# Sálfræðinám í HR í fyrsta sinn

Háskólinn í Reykjavík býður í fyrsta skipti upp á BSc nám í sálfræði í haust. Námið, sem er innan Kennslufræði- og lýðheilsudeildar, tekur mið af sambærilegu námi erlendis og er lögð áhersla á að fara yfir öll helstu svið sálfræðinnar, þar á meðal lífeðlislega sálfræði, hugræna sálfræði, þroskasálfræði, félagssálfræði og fleira.

„Við munum leggja áherslu á kennslu í smærri hópum í samræmi við markmið skólans um að tryggja að allir nemendur njóti eins góðrar kennslu og mögulegt er. Þá mun kennslan að nokkru leyti fara fram á ensku auk þess sem rík áhersla verður lögð á alþjóðlegt samstarf. Eins munum við skoða nýja vinkla og bjóða upp á valfög eins og heilsusálfræði, vinnusálfræði, gervigreind og þátttöku í rannsóknarstarfi,“ segir Gréta Matthíasdóttir náms- og starfsráðgjafi í HR.

Námið er 180 einingar og innan tíðar mun meistaranám einnig standa til boða. *-ve*



**Boðið verður upp á valfög eins og heilsusálfræði, vinnusálfræði og gervigreind.**




Vilt þú snúa hjólum atvinnulífsins?

**Bættu við þig hagnýtu námi til atvinnuréttinda. Fjölbreytt úrval tækni-, iðn- og bóknáms.**

Almenn innritun í dagskóla er opin til 3. júní en tekið inn á biðlista til 16. júní. Aðstoð við innritun fyrir grunnskólanema er 11. júní frá kl. 12-16 en þá er síðasti innritunardagur fyrir þá sem eru að ljúka grunnskóla vorið 2009.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is



Orku- og mekatróník-tæknifræði

Umsóknarfrestur rennur út á föstudaginn!

ORKU- OG TÆKNISKÓLI

**Keilir og Háskóli Íslands bjóða nú nám í orkutæknifræði og mekatróník við framúrskarandi aðstæður á Keilissvæðinu undir leiðsögn sérfræðinga í fremstu röð. Nemendur útskrifast með B.S. gráðu frá Háskóla Íslands.**

**Orkutæknifræði** veitir sterkan grunn í beislun og nýtingu jarðvarmaorku og virkjun á öðrum grænum, endurnýjanlegum orkugjöfum. Í **mekatróník** (e. mechatronics) fá nemendur þverfaglega menntun í hönnun og smíði rafeinda- og tölvustýrðs vélbúnaðar.

**Keilir**
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

ÁSBRÚ - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET

Auglýsingasími

512 50 50





**Ýmsar nýjar námsleiðir standa til boða við Háskóla Íslands.** MYND/ÚR EINKASAFNI

# Safnafræði og skattaskil

Kynningardagar á vegum Doktorsráðs og Félags doktorsnema við Menntavísindasvið verða haldnir dagana 4. til 5. júní næstkomandi og er tilgangurinn að kynna doktorsnámið út fyrir stofnunina og innan hennar. Nánari upplýsingar má finna hjá Menntavísindasviði á www.hi.is. Þar er einnig boðið upp á nýtt alþjóðlegt nám í menntunarfræði þar sem brugðist er við þróun í átt til hnattvæðingar, auknum fólksflutningum og þróun fjölmenningarlegs samfélags á Íslandi. Auk þessa stendur til boða meistaranám í lífsleikni og jafnrétti.

Meistara- og diplómanám í safnafræði hefst í Háskóla Íslands haustið 2009. Viðfangsefni safnafræðinnar er varðveisla og miðlun menningararfsins í sinni víðtækustu mynd þar sem fræðileg vinnubrögð, rannsóknir og kenningar eru samtvinnaðar daglegum störfum á söfnum. Annað nýtt og spennandi meistaranám er Skattaréttur og reikningsskil á vegum lagadeildar og viðskiptafræðideildar. Námið miðar að því að veita fræðilega menntun á ýmsum sviðum er snerta skattamál og reikningsskil og þannig á að koma til móts við þarfir þjóðfélagsins. Aðsókn í námið er að sögn upplýsingafulltrúa afar góð enda hefur sjaldan eða aldrei verið meiri þörf fyrir sérfræðiþekkingu á þessu sviði. Fengnir verða innlendir og erlendir sérfræðingar til kennslunnar.

Haustið 2009 verður boðið upp á tvær nýjar hagnýtar námsleiðir í MA-námi á Hugvísindasviði HÍ sem ættu að mæta þörfum fjölmargra Íslendinga sem lokið hafa grunnnámi á háskólastigi og óska þess að auka möguleika sína í leik og starfi. Annars vegar er um að ræða MA-nám í Norðurlandafræðum og hins vegar MA-nám í þýsku í ferðaþjónustu og miðlun.

*- hs*


WWW.BIFROST.IS

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Betra líf!

Búðu þig undir framtíðina í Háskólanum á Bifröst með hagnýtu og metnaðarfullu námi sem er í nánum tengslum við atvinnulífið. Námsframboð á Bifröst hefur aukist jafnt og þétt, boðið er upp á grunn- og meistaranám á háskólastigi í þremur deildum, nám í frumgreinadeild auk símenntunar á sviði viðskipta og rekstrar.

Háskólasamfélagið á Bifröst er engu líkt! Kynntu þér málið á bifrost.is eða komdu í heimsókn.






FRUMGREINADEILD:
- Staðnám
- Fjarnám

SÍMENNTUN:
- Máttur kvenna
- Diplómanám í verslunarstjórnun
- Rekstur smærri fyrirtækja
- Ýmis námskeið

LAGADEILD:
- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti
- LL.M í evrópskum viðskipta- og félagarétti

FÉLAGSVÍSINDADEILD:
- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði
- BA í alþjóðafræði
- MA í menningarstjórnun
- MA í evrópufræðum

VIÐSKIPTADEILD:
- BS í viðskiptafræði, stað- og fjarnám
- BS in Business Administration
- MS in International Finance and Banking
- MS in International Business
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu
- Opið markaðsnám

ANNAÐ:
- Prisma, diplómanám í samvinnu við LHÍ
- Opið meistaranám í öllum deildum

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

www.mk.is

Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000 og 824 4114 (Inga Karlsdóttir).

SKRIFSTOFU- OG FJÁRMÁLAGREINANÁM
NÁM FYRIR FULLORÐIÐ FÓLK

Viltu styrkja stöðu þína verulega?

**Skrifstofubraut I**
– staðbundið nám og fjarnám. Frábært tækifæri fyrir þá sem hafa litla sem enga undirstöðu í bókhaldi.

**Skrifstofubraut II**
- fjarnám - Nemendur útskrifast sem rekstrarfulltrúar.

**Office Skills Programme**
- Skrifstofubraut I fyrir þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

**Hagnýtt viðskipta- og fjármálagreinanám**
– fjarnám sérsniðið að vinnutíma og þörfum fólks sem vinnur í fjármálafyrirtækjum.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.MK.IS

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN




SKUGGABANKASTJÓRN MARKAÐARINS

**ÓLAFUR ÍSLEIFSSON**

# Markaðslausn, ekki höft og ríkisafskipti



Á vettvangi gjaldeyris- og peningamála standa tvö mannanna verk endurreisn efnahagslífs fyrir þrifum: Ofurvextir Seðlabanka 13% sem leiða til hærri útlánsvaxta en nokkur atvinnustarfsemi getur staðið undir. Gjaldeyrishöft sem draga efnahagslífið áratugi aftur í tímann og gætu fest sig í sessi eftir því sem þau eru hert oftar og standa lengur. Ákvörðun um stýrivexti þarf að styðjast við raunhæfar forsendur um þróun verðlags, horfur á gjaldeyrismarkaði og almenn skilyrði í þjóðarbúskapnum.

• Í mars, apríl og maí hefur árshækkun verðlags undangengna þrjá mánuði verið á bilinu 7-10% þrátt fyrir nokkurt bakslag í liðnum mánuði.

• Gengi krónunnar ræðst á nær óvirkum markaði. Miðað við þróun gengisins virðist erfitt að koma augum á að hún lúti neinum skynsamlegum markaðslögmálum eða að óyggjandi samband ríki milli stýrivaxta og gengis krónunnar eins og peningastefnunefnd Seðlabankans virðist hafa haft í huga á síðasta fundi sínum.

• Almenn skilyrði í þjóðarbúskapnum birtast í óviðunandi starfsskilyrðum fyrirtækja vegna óhóflegs fjármagnskostnaðar og vaxandi atvinnuleysis.

Hvarvetna í nágrannalöndunum hafa seðlabankar beitt sér gegn kreppunni með lækkun stýrivaxta sem liggja yfirleitt á bilinu 0-2%.

Í þessu ljósi er ekki ástæða til að hverfa frá markaðri stefnu á síðasta fundi skuggabankastjórnar um 3% lækkun á stýrivöxtum Seðlabankans.

Viðraðar hafa verið hugmyndir um að breyta gjaldeyrislánum og verðtryggðum lánum yfir í óverðtryggð krónulán gegn því að slíkur flutningur ætti sér stað á lægri gengis- og neysluverðsvísitölu en nú ríkir til að bæta fyrir hærri vexti en á eldri skuldbindingum. Samhliða yrði sett þak á vaxtagreiðslur þannig að vextir umfram þakið bættust aftan við höfuðstól. Hugmyndir af þessu tagi ganga út á að rjúfa tengsl efnahagsreikninga fyrirtækja og heimila við gengi og vísitölu. Ef ítarleg athugun leiddi í ljós að þessi leið væri fær yrði rutt úr vegi mikilvægri ástæðu til að stritast við að halda genginu frá því að leita enn frekar niður á við. Þar með mætti sleppa takinu á krónunni með gjaldeyrishöftum og hávöxtum og hverfa frá hvoru tveggja. Valin yrði markaðslausn í stað haftabúskapar og ríkisafskipta.

Endurreisn efnahagslífsins kallar á skýra stefnu um framtíðarskipan gjaldeyris- og peningamála. Þess vegna er brýnt að taka upp viðræður við Evrópusambandið um samstarf í gjaldeyrismálum á grundvelli fyrirhugaðrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu.

**Niðurstaða: 3,0 prósentustiga lækkun**

**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON**

# Óvissu þarf að eyða



Ég tel að lækka eigi stýrivexti um 2 prósentustig nú, úr 13% í 11%. Þetta er heldur hægara vaxtalækkunarferli en ég lagði til í aðdraganda síðustu vaxtaákvörðunar í byrjun maí. Að baka liggur einkum að verðlagsþróun að undanförnu hefur verið óhagstæðari en reiknað hafði verið með. Við bætist að nokkur óvissa ríkir í kjaramálum og stefnan í ríkisfjármálum til næstu ára liggur enn ekki fyrir. Þessi atriði valda því að ég tel ástæðu til að fara heldur hægar í vaxtalækkanir um sinn eða þar til umræddri óvissu hefur verið eytt.

Þetta er engu að síður umtalsverð lækkun enda engin ástæða til að fara á taugum þótt ein vísitölumæling sýni óvenjumikla hækkun, ekki síst með tilliti til þess að aðferðarfræðin varðandi húsnæðisverðið í mælingunni var svo sannarlega umdeilanleg. Að mínu viti styðja öll skynsamleg hagræn rök hraða lækkun stýrivaxta á næstunni. Þótt vísitölumælingin hafi valdið vonbrigðum eru grundvallaratriðin í stöðu og horfum í þjóðarbúskapnum þau sömu og áður – og öll á þá lund að lækka eigi stýrivexti hratt niður í eins stafs tölu. Þannig hafa útgjöld þjóðarbúsins dregist stórlega saman, umtalsverður afgangur af vöruskiptajöfnuði, atvinnuleysi er meira en nokkru sinni áður og engar vísbendingar eru um hættu á þenslu á ný. Þá eru stýrivextir ekki í neinu eðlilegu samhengi við aðra vexti. Í því sambandi má benda á að vextir af ríkisvíxlum eru innan við 6% og vextir í öðrum hávaxtalöndum eru miklu lægri en hér á landi.

Einu efnislegu rökin fyrir lítilli eða jafnvel engri breytingu á stýrivöxtum nú, eins og IMF virðist hallast að, snúa að því að treysta gengi krónunnar. Ég tel reyndar alveg eins líklegt að þetta séu sýndarrök því að mínu viti er ósennilegt að stýrivextirnir hafi nokkuð með traust á krónunni að gera við núverandi aðstæður. Þarna kunni því ef til vill fremur að liggja að baki að halda mönnum við efnið, þ.e. hvetja menn meðal annars til að ljúka við gerð ríkisfjármálastefnunnar, koma bönkunum betur í gang og binda tryggar um hnúta í kjaramálum. Ég er ekki viss um að það sé rétta leiðin – ef svo er.

**Niðurstaða: 2,0 prósentustiga lækkun**

**INGÓLFUR BENDER**

# Deilir ekki áhyggjum AGS



Frá síðustu vaxtaákvörðun hefur gengið gefið nokkuð eftir, verðbólgan verið umfram væntingar og aðhaldið í ríkisfjármálunum látið bíða eftir sér. Þróunin hefur engu að síður verið í rétta átt. Verðbólga hefur verið að lækka og gengi krónunnar sem var búið að gefa nokkuð ríflega eftir á tímabili hefur verið að koma til baka undanfarna daga og stendur nú um 2% lægri en við síðustu vaxtaákvörðun í maíbyrjun. Fyrstu skrefin í auknu aðhaldi í ríkisfjármálum hafa síðan verið stigin en í síðustu viku hækkaði ríkisstjórnin óbeina skatta.

Aukið aðhald í ríkisfjármálum gefur svigrúm til slökunar í peningamálum. Afar mikilvægt er að ríkisstjórnin komi fram með áætlun um með hvaða hætti hún ætlar að loka fjárlagagatinu á næstu misserum og byrja að greiða upp skuldir. Slíkt hjálpar til við að ná stöðugleika að nýju og er ein af forsendum þess að hægt sé að lækka vexti umtalsvert. Hægagangur stjórnvalda í þessum efnum dregur úr þeim hraða sem hægt er að lækka stýrivexti Seðlabankans. Það er því afar brýnt að stjórnvöld hraði þessu verki.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lýsti þeirri skoðun sinni í síðustu viku að frekari lækkun vaxta nú væri áhættusöm m.a. vegna þess að góð áhrif af stýrivaxtalækkun á fjárhagslega stöðu fyrirtækja og heimila yrðu ekki vegin upp af neikvæðum áhrifum gengislækkunar. Undir gjaldeyrishöftum eru áhrif stýrivaxtalækkunar á gengisþróun krónunnar afar takmörkuð þó að þau séu til staðar. Líkur eru á að gjaldeyrishöftin verði hér um sinn og í kerfi þar sem eina fjármagnið sem er að hafa er innlent hafa stýrivextir bankans talsverð áhrif á fjármögnunarkostnað. Ég hef því ekki sömu áhyggjur og AGS um að vaxtalækkun um þessar mundir væri áhættusöm aðgerð.

Eftirspurn í hagkerfinu hefur verið að gefa enn frekar eftir og enn eykst samdrátturinn í nálægum ríkjum. Atvinnuleysi eykst enn og lítill sem enginn verðbólguþrýstingur að koma úr raunhagkerfinu.

Í ljósi ofangreinds tel ég að forsendur séu fyrir því að lækka stýrivexti Seðlabankans nú um 2,5 prósentur þ.e. niður í 10,5%.

**Niðurstaða: 2,5 prósentustiga lækkun**

SKUGGABANKASTJÓRNIN

Fund skuggabankastjórnar Markaðarins sátu að þessu sinni Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka, Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, og Þórður Friðjónsson, forstjóri Nasdaq OMX Iceland kauphallarinnar.



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Á morgun kemur í ljós hvort sjálfstæði Seðlabankans og peningastefnunefndar er á borði eða bara í orði.

## *Upplýsandi ákvörðun*

**Óli Kristján Ármannsson**

Á morgun kynnir peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands ákvörðun sína um stýrivexti. Ákvörðunin er um margt söguleg. Vöxtum var síðast breytt fyrir mánuði og peningastefnunefndin gaf út þá fyrirætlan sína að vextir yrðu lækkaðir umtalsvert við næstu ákvörðun, sem er á morgun, og í minni skrefum eftir það. Í millitíðinni hafa fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins stigið fram og lýst þeirri skoðun sjóðsins að Seðlabankinn sé á rangri leið í vaxtaákvörðunum sínum og að óheppilegt hafi verið af peningastefnunefndinni að lýsa yfir fyrirætlan sinni við næstu ákvörðun, jafnvel þótt slegnir hafi verið einhverjir varnaglar um að þróun hagstærða yrði að verða á þá lund að styddi við ákvörðunina.

Skuggabankastjórn Markaðarins fjallar um stýrivaxtaákvörðunina í blaðinu í dag og kveðst óssammála þeim sjónarmiðum sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur sett fram um stefnuna í vaxtamálum. Sjóðurinn vill að hægt verði á lækkunarferlinu og kveður hátt vaxtastig nauðsynlegt til þess að styðja við gengi krónunnar.

Mat skuggabankastjórnarinnar er hins vegar að hagfræðileg rök sjóðsins haldi ekki vatni í þessum efnum. Verulegur vafi leiki á því að stýrivaxtastigið hafi jafnmikil áhrif á gengi krónunnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn vill vera láta. Háir vextir stuðli jafnvel líka að veikingu krónunnar vegna hárra vaxtagreiðslna sem renna kunni úr landi.

**Ef það er rétt sem skuggabankastjórnin vill meina að sjóðurinn reyni að beita stýrivöxtunum eins og svipu á stjórnvöld, sem dregið hafi lappirnar fram úr hófi [...] þá endurspeglast í því margvíslegur áfellisdómur.**

Ef það er rétt sem skuggabankastjórnin vill meina að sjóðurinn reyni að beita stýrivöxtunum eins og svipu á stjórnvöld, sem dregið hafi lappirnar fram úr hófi við að klára verk sem kveðið er á um í samstarfsamningi ríkisins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, þá endurspeglast í því margvíslegur áfellisdómur. Í fyrsta lagi yfir stjórnvöldum sem standa sig ekki í að endurskipuleggja ríkisfjármálin og beita sér ekki fyrir því að lokið sé við uppgjör nýju bankanna við þá gömlu (sem átti að vera lokið fyrir þremur mánuðum). Í öðru lagi yfir vinnubrögðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir að tala ekki tæpitungulaust um hvar hann vilji láta taka hér til hendinni. Að halda hér uppi að þarflausu of háu stýrivaxtastigi sem leggur fyrirtækjum og heimilum byrðar á herðar lýsir í besta falli ábyrgðarleysi og mögulega skilningsskorti á því sem hér þarf að gera til að rétta við hagkerfið. Það verður engin uppbygging við hæsta vaxtastig sem þekkist á byggðu bóli.

Auðvelt er því að álykta sem svo að sjálfstæði Seðlabankans sé bara í orði, en ekki á borði, fari peningastefnunefnd Seðlabankans eftir vilja Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í ákvörðun sinni um stýrivexti á morgun og taki minna skref í ákvörðun sinni en áður hefur verið boðað, eða láti vexti jafnvel standa í stað. Þá er um leið áhyggjuefni að við stjórnvölinn sé fólk sem ekki hafi meiri skilning en svo á þeim viðfangsefnum sem hér er við að eiga að látin sé viðgangast mesta vaxtapíning sem þekkist í heiminum, og það í miðri efnahagskreppu. Tæpast getur talist traustvekjandi efnahagsstjórn að hafa hér vexti skrúfaða upp úr öllu valdi, meðan önnur lönd keppast við að halda þeim lágum í viðleitni til að örva hjá sér efnahagslífið.

Fyrirséð er að gjaldeyrishöft verði hér á landi enn um hríð og líkast til vænlegra til árangurs til að styðja við gengi krónunnar að byggja upp trú á efnahagsstjórninni með trúverðugri framtíðarstefnu í peningamálum. Er þar nærtækast að hefja þegar viðræður við Evrópusambandið og Seðlabanka Evrópu um stuðning við krónuna og byggja þar bæði á aðildarviðræðum og gildandi samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Á þetta benda bæði Ólafur Ísleifsson lektor og Baldur Pétursson, aðstoðarframkvæmdastjóri EBRD, í blaðinu í dag.



**SITJANDI SEÐLABANKASTJÓRI** Ný ríkisstjórn fól Norðmanninum Svein Harald Øygard að stýra seðlabankaskútunni meðan leitað yrði að nýjum seðlabankastjóra. Sérstök valnefnd forsætisráðherra hefur nú lagt mat á hæfi þeirra sem sóttu um. MARKAÐURINN/ANTON

# Leitin að nýjum seðlabankastjóra

**ORÐ Í BELG**



**Ólafur Ísleifsson**
lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

Valnefnd skipuð af forsætisráðherra hefur metið tvo menn mjög vel hæfa til að gegna stöðu seðlabankastjóra og þrjá menn mjög vel hæfa til að gegna stöðu aðstoðarseðlabankastjóra. Valnefndin er skipuð á grundvelli nýrra laga um Seðlabankann og er henni ætlað að tryggja að forsætisráðherra hafi glöggt yfirlit um hæfni umsækjenda þegar hún skipar í stöðurnar. Bankastjóri Seðlabanka Íslands er fremsti embættismaður landsins á sviði gjaldeyris- og peningamála. Sem slíkur er hann fulltrúi og málsvari íslensks fjármálalífs á erlendri grundu.

Valnefndina skipa þrír einstaklingar, tveir hagfræðingar og einn lögfræðingur. Bankaráð Seðlabanka Íslands tilnefndi tvo lögfræðinga í valnefndina til að meta menntun í hagfræði og þekkingu á efnahags- og fjármálum. Annar lögfræðingurinn er hæstaréttarlögmaður, hinn fyrrum ráðherra og alþingismaður. Lögmaðurinn var skipaður í nefndina.

Í erindisbréfi valnefndar var henni falið að leggja fimm þætti til grundvallar við mat á hæfni umsækjanda. Þættirnir eru þessir:

1. Menntun.
2. Starfsferill.
3. Reynsla og þekking á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum.
4. Stjórnunarhæfileikar.
5. Hæfni í mannlegum samskiptum.

Ekki hefur komið fram opinberlega hvernig niðurstaða valnefndar um þá sem teljast mjög vel hæfir til að gegna umræddum stöðum er grundvölluð á hinum einstöku þáttum, sem nefndinni er gert að miða við.

Ekki er getið um að af hálfu valnefndar hafi verið tekin viðtöl við umsækjendur til að meta þann þátt sem helst verður að telja óhlutbundinn, þ.e. hæfni í mannlegum samskiptum. Kemur á óvart ef svo er ekki, svo nauðsynleg sem slík viðtöl eru nú almennt talin áður en umsækjendum er raðað í hæfnisröð.

Annar þeirra tveggja sem metinn er mjög vel hæfur til að gegna stöðu bankastjóra er jafnframt metinn mjög vel hæfur til að gegna stöðu aðstoðarbankastjóra. Athygli vekur að tveir umsækjendur sem sóttu um báðar stöðurnar eru metnir mjög vel hæfir til að gegna stöðu aðstoðarbankastjóra en er ekki skipað í efsta flokk í hæfni til að gegna stöðu aðalbankastjóra. Í lögum eru þó gerðar sömu hæfniskröfur um báðar stöðurnar.

Meginályktunin af niðurstöðu valnefndar sýnist vera að til að teljast mjög vel hæfur í starf bankastjóra þurfi umsækjandi að hafa gegnt stöðu aðalhagfræðings Seðlabanka Íslands og þar með haft með höndum lykilhlutverk við mótun þeirrar peningamálastefnu sem framkvæmd var fram að hruninu á liðnu hausti með kunnum afleiðingum. Önnur reynsla í bankanum og af ábyrgðarstöðum á fjármálamarkaði nægir með öðru til að vera talinn mjög vel hæfur aðstoðarbankastjóri en ekki mjög vel hæfur sem aðalbankastjóri.

Önnur ályktun af niðurstöðu valnefndar er að ekki nægir að vera háskólamaður í fremstu röð til að teljast mjög vel hæfur til að gegna stöðu bankastjóra Seðlabankans. Í Bandaríkjunum var háskólaprófessorinn Ben Bernanke skipaður í bankastjórn bandaríska seðlabankans 2002 og gerður að formanni bankastjórnar 2006 eftir að hafa verið háskólakennari allar götur frá 1979.

Af fréttaskrifum sumra virtustu fjölmiðla landsins virðist gert ráð fyrir að við endanlegt val í bankastjórastöðurnar muni pólitísk tengsl einstakra umsækjenda við ríkisstjórnarflokkana vega þungt. Sýnist Nýja Ísland samkvæmt þessari umfjöllun fjölmiðla eiga nokkuð í land ef skipun í opinber embætti á að ráðast af því hvernig náðarsól stjórnmálaflokkanna skín á einstaka menn. Samt hefur þjóðin gefið sterkt til kynna að hún ætlist til að að um skipun bankastjóra Seðlabanka Íslands ríki almenn sátt og að skipunin sé reist á traustum faglegum grunni.



**VIKULEG VEFRÁÐ Í BOÐI ALLRA ÁTTA**

# Leitið og þér munið finna?

**Jón Trausti Snorrason**
**framkvæmdastjóri**
**Allra Átta ehf.**

www.8.is

Netverjar lesa vefsíður með öðrum hætti en ritmál. Þeir skanna síður og meta hvort þar sé að finna umbeðnar upplýsingar. Því þurfa vefstjórar að fanga athygli gesta sinna við komuna og gefa þeim vonir um, að spurningum þeirra verði svarað á viðeigandi undirsíðum.

Flestir notendur koma inn á fyrirtækjasíðu í upplýsingaleit. Þeir skanna forsíðuna og slá á þann tengil, sem virðist líklegastur til að vísa á viðeigandi upplýsingar. Þeir eru að flýta sér og vilja aðeins lesa nógu mikið til að komast að umbeðnum upplýsingum.

Því þarf að skipuleggja síðuna þannig, að notandinn komist á áfangastað eins fljótt og kostur er. Forsíðan þarf nauðsynlega að hafa vel uppsetta tengla á helstu undirsíður, flokkaða eftir helstu efnisatriðum. Jafnframt þarf að hafa þar leitarmöguleika og örstutta kynningu á innihaldi vefsíðunnar. Með þetta í huga þarf forsíðan að vera auðskilin, einföld og vel skipulögð. Óþarfa litadýrð, mælskuæfingar, hreyfimyndir eða auglýsingar beina sjónum notenda frá þeim upplýsingum, sem þeir þurfa á að halda til að komast á áfangastað.

Notendur verða að geta fylgt tenglunum nánast umhugsunarlaust. Í hvert skipti, sem þeir þurfa að stöðva för til að hugsa, aukast líkur á að þeir fari á aðra síðu.

Forsíðan er lykill vefsíðunnar og mælistika á gæði hennar. Ef notendum líkar ekki við hana við fyrstu kynni, fara þeir annað.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson, *olikr@markadurinn.is* RITSTJÓRN: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, *jonab@markadurinn.is* AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.




# BROTTFÖR TIL FÆREYJA OG DANMERKUR ER Á FIMMTUDÖGUM Í SUMAR

*Siglt er á fimmtudögum frá 18. júní til 27. ágúst.*

## FÆREYJAR 17.000

**Verð frá kr. 17.000** á mann m.v. fjóra í svefnpokaplássi á miðannatímabili ásamt bíl aðra leið.
**Verð frá kr. 22.300** m.v. tvo í svefnpokaplássi á miðannatímabili ásamt bíl aðra leið.

Ef fjölskyldan er að íhuga að gera eitthvað skemmtilegt í sumar þá ættuð þið að huga að því að skella ykkur með Norrænu. Það tekur aðeins 14.5 tíma að sigla til Færeyja og tæpa tvo sólahringa til Danmerkur.
Í Norrænu er ýmislegt sem gerir dvölina um borð ánægjulega. Þar er að finna þrjá veitingastaði, kaffiteríuna, Buffe veitingastað og Simmer Dim veitingastaðinn. Naustbarinn er mjög vinsæll til að sitja við og spjalla og svo Víkingaklúbburinn, næturklúbbur þar sem dansað er öll kvöld. Á sóldekkinu er einnig bar og kaffihús sem er opið þegar veður er gott. Góð fríhöfn er um borð þar sem allur algengur fríhafnarvarningur fæst. Einnig er sundlaug, sólbaðstofa, sauna og líkamsrækt fyrir farþega. Síðan er nýlegur bíósalur þar sem sýndar eru bíómyndir alla daga og öll kvöld. Barnaland hefur líka verið stækkað og er það nú mjög veglegt. Á leiðinni til Færeyja eða Danmerkur upplifir þú hversu hrífandi hátt Færeyjar rísa úr hafinu. Það er enginn staður á jörðinni líkur eyjunum. Stórfengleg fjöll og björg skera eyjarnar í kynleg mynstur. Á ferðalagi um Færeyjar eru endalausir litir, einstök birta og ilmur ásamt sérstöku dýralífi sem er skemmtilegt að sjá og heyra.

## DANMÖRK 32.000

**Verð frá kr. 32.000** á mann m.v. fjóra í 4m. klefa/inn á miðannatímabili ásamt bíl aðra leið.
**Verð frá kr. 69.200** m.v. einn í 4m. klefa/inn á miðannatímabili ásamt bíl aðra leið.

BETRI STOFAN - Ljósmynd: Dagbjört B.

### DANMÖRK

Njóttu danska vorsins eða sumarsins í notalegum akstri um Danmörku. Leigðu þér sumarhús eða gistu á einhverju af þeim fjöldamörgu tjaldsvæða sem eru í boði um alla Danmörku. Fyrir þá sem ætla að gista á tjaldsvæðum er gott að skoða tengla okkar á heimasíðu smyril-line.is

### EVRÓPA

Frá Hanstholm í Danmörku er aðeins um 4ra tíma akstur til Flensborgar sem er við landamæri Þýskalands og Danmerkur. Þaðan er einfalt að aka til allra átta í Evrópu. Upplifið fjölbreytileika Evrópu, ferðist um rómantískar sögulegar borgir og farið á heimsklassa uppákomur og viðburði sem eru í boði á hverjum degi.

**AUSTFAR**
Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111
austfar@smyril-line.is · www.smyril-line.is

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

**Breytt áætlun Norrænu skilar styttri siglingartíma -sjá www.smyril-line.is**

SMYRIL LINE

*Smyril Line Ísland*
**NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN**
Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík · Sími: 570 8600
Fax: 552 9450 · info@smyril-line.is
www.smyril-line.is

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**25** milljónir dala, eða nálægt þremur milljörðum króna, runnu á einu ári til Gisele Bündchen, tekjuhæstu fyrirsætu heims, frá byrjun júní í fyrra til maíloka nú, samkvæmt samantekt Forbes. Upphæðin er tíu milljónum dala lægri en árið áður.

**19,7** milljónir punda, eða nærri fjórir milljarðar króna, runnu til starfsmanna breska fjármálaeftirlitsins í fyrra í formi launabónusa. Greiðslan er fyrir að hafa staðið vaktina í hremmingum fjármálakerfis heimsins.

**5,2** prósent af eignarhlut Stoða í Royal Unibrew komust í síðustu viku í eigu Straums. Stoðir eiga enn 16,3 prósent í brugghúsinu, en saman eiga félögin 21,6 prósent.

## BANKAHÓLFIÐ



### Íslensk framleiðsla

Hærri álögur hins opinbera á eigendur ökutækja í gegnum bensínskattinn í síðustu viku gætu ýtt undir framleiðslu á innlendu eldsneyti. Gjöldin ná einungis til innflutnings á jarðgasi, svo sem bensíns og dísilolíu, en ekki metanóls, vetnis, raforku og fleiri nýjunga sem knúið geta ökutæki. Tiltölulega einfalt mál er að breyta bensínbíl og gera hann metan- og vetnisfæran, kostnaðurinn gæti legið nokkuð undir fimmtíu þúsund krónum. Þegar þetta er ritað liggur ekki fyrir hverjir stefni á íslenska eldsneytisframleiðslu á næstunni né hvaða fyrirtæki geta framleitt meira en sem svarar til nokkurra vatnsglasa af eldsneytinu á viku. Hvað sem öllu líður sjá bjartsýnismenn sem sjá fram á bjartari tíma í öllu svartnætti að úr hremmingunum hér geti komið Íslendingar á umhverfisvænni ökutækjum en fyrir kreppu.

### Frumlegir Færeyingar

Færeysku fyrirtækin sem skráð eru á markað í Kauphöllina hér héldu fjárfestaþing í gær þar sem þau kynntu starfsemi sína og afkomu upp á síðkastið. Þingið var vel sótt og góður rómur gerður að því. Upplýsingamappa með gögnum um færeysku fyrirtækin sló sérstaklega í gegn. Eins og flestir vita eru upplýsingamöppur fremur sterílar og leiðinlegar, yfirleitt úr plasti eða leðri og enda oftar en ekki undir haug af rusli áður en Sorpa tekur við. Þessi var hins vegar handgerð úr ull eftir færeyska handverkskonu. Vægt til orða tekið var þetta snilldarverk, sem sjaldan ef nokkurn tíma hefur sést á kynningarfundum hér á landi.

### Stífara gagnast betur

Og aftur að möppunni. Einn þeirra sem handléku möppu Markaðarins sagði þetta furðusmíði enda handverkið afar gott og hönnunin frumleg. Sumir sáu strax að setja má gögn inn í möppuna og rúlla henni upp á alla kanta. Annar sem handlék þetta færeyska furðuverk sagði það sem aðrir töldu kost hinn mesta galla. Ábendingin var með þessum orðum: „Þetta er ágætt. En ef það væri harðara myndi það virka almennilega.“ Við svo búið áttaði viðkomandi sig á þeirri freudísku hálku sem hann rann á þegar átt var við að upprúlluð mappa gæti eyðilagt geisladiska og aðrar gagnageymslur og því væri betra að hafa hart spjald innan í ullinni.








DOMO

**Domo Restaurant**
**óskar eftir áhugasömu og hressu starfsfólki í sal í sumar. Reynsla af þjónustustörfum æskileg. Upplýsingar gefur Magnús í s. 552 5588 eða maggi@domo.is**

### Hársnyrting
Sveinn eða meistari óskast til starfa sem fyrst. Klipparinn í Laugum. Uppl. s. 899 5130.

Vantar starsfók í dagvinnu við þrif og aðstoð í eldhúsi á veitingastað í miðborginni. Staff needed for cleaning and assistand in kitchen. Upplýsingar á staðnum á milli 14-16 miðvikudag og fimmtudag. Information at the restaurant wed/thursd between 14-16. Basil and Lime Klapparstíg 38 101

Málari eða maður vanur málingarvinnu óskast. Uppl. s. 899 6505.

Starfsfólk óskast í aðhlynningu að Kumbaravogi, Stokkseyri í vaktavinnu. Einnig vantar afleysingu um helgar. Húsnæði á staðnum. Upplýsingar í síma 483-1310 (Sigurborg) og á kum@simnet.is.

Gistiheimili í Kópavogi óskar eftir að ráða handlaginn húsvörð til starfa. Búseta í húsinu er skilyrði og fær viðkomandi íbúð til afnota. Starfssvið: almennt viðhald á fasteign, umhirða lóðar, ræstingar, önnur tilfallandi verkefni. Viðkomandi þarf að vera handlaginn og lipur í samskiptum, reglusamur, samviskusamur og þjónustulundaður. Umsóknir sendist á gkop09@gmail.com merkt „Húsvörður“ fyrir 15 júní.

### Finnst þér gaman að daðra við karlmenn ?
Rauða Torgið leitar samstarfs við djarfar símadömur vegna símaþjónustu sinnar „Dömurnar á Rauða Torginu“. Nánari uppl. á www.raudatorgid.is.

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

2 smiðir óska eftir vinnu. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 893 5908.

## Viðskiptatækifæri

FM.100,5

Skipuleggjum nýja dagskrá. Viltu starfa við útvarp? Dagskrárgerð og láta rödd þína heyrast? Ræða fréttir og þjóðmál? Eða sjá um markaðsmál og auglýsingasölu. Starfa sjálfstætt? Hlutastarf? Kynntu þér möguleikana og sendu umsókn á http://job.lydvarpid.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

### Við viljum hjálpa
Við erum hópur fólks sem vill hjálpa til í samfélaginu. Ef þú átt gamalt eða bilað hjól bjóðum við uppá ókeypis viðgerð. Ef þú átt hjól sem þú notar ekki getum við komið og sótt það og við notum hluti úr því sem varahluti til að gera við önnur hjól. Hafðu samband í s. 867 0830.

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

### Samkynhn. kk, strákastelpa
kinkí og grúví, með ríka þjónustulund, vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (visa/mastercard), augl.nr. 8552.

### Kona leitar
mjög náinna kynna við ógiftan karlmann, 54-65 ára. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (visa/mastercard), augl.nr. 8172.

### 32 ára tvíkynhn.
kk, tpr og btn, til í allt, leitar tilbreytingar með karlmanni. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (visa/mastercard), augl.nr. 8748.

### Fullkomin upptaka
Ung kona hefur lagt inn hérumbil hina fullkomnu upptöku, þar sem hún lýsir því í næmum smáatriðum hvað hún mundi gera við sjálfa sig og þig ef þú værir núna hjá henni. Þú heyrir upptökuna hjá Sögum Rauða Torgsins í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8685, og á Sexychat.is (upptökur, silfuráskrift).

### Fertug kona
Heit og hlý, spennt fyrir olíum og kertaljósi, leitar kynna við karlmann með ljúfa tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (visa/mastercard), augl.nr. 8283.

### Hugguleg kona
á miðjum aldri, mikil kynvera, blíð og trygg, heiðarleg, fjárhagslega sjálfstæð, vill kynnast karlmanni með framtíðarsamband í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (visa/mastercard), augl.nr. 8199.

## Tilkynning

**Aðalfundur ICEPRO verður haldinn í Skála (Yale) á Hótel Sögu, fimmtudaginn 4. júní og hefst kl. 12:00.**
**Gylfi Magnússon** viðskiptaráðherra flytur ávarp og afhendir EDI-bikarinn.
**Hannes G. Sigurðsson,** Samtökum Atvinnulífsins fjallar um aukna framleiðni með rafrænum viðskiptum.

**Hefðbundin aðalfundarstörf.**

**Allir félagsmenn velkomnir**

## Fasteignir

**husasala.is**
FYRSTA FLOKKS FASTEIGNASALA

Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttur hdl og lögg.fasteignasali





**Opið hús í dag miðvikudag milli klukkan 17:00 og 19:00**

### Laugalind 4, Kópavogi.
Sérlega snyrtileg og vel skipulögð 4ra herbergja 122 m2 íbúð á þessum eftirsótta stað í Lindahverfinu. Sér inngangur er beint af jarðhæð. Stofan er björt og rúmgóð og útgengi útá svalir, eldhúsið er með veglegri innréttingu, svefnherbergin þrjú eru rúmgóð. Gott baðherbergi með sturtu og baðkari, þvottahús er innan íbúðar og geymsla í sameign. Parket og flísar á gólfum. **Úrvals eign sem vert er að skoða.**
**Verð 31.9 millj.**

**Nánari upplýsingar gefur Atli sölufulltrúi s: 899-1178 eða atli@husasala.is**

---

**TILLAGA AÐ NIÐURFELLINGU SVÆÐISSKIPULAGS**
**Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Keflavíkurflugvöllur 1995-2015**

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurnesja auglýsir hér með tillögu að niðurfellingu Svæðisskipulags – Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Keflavíkurflugvöllur 1995 – 2015, skv.13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Tillagan verður til sýnis á Bæjarskrifstofunum Grindavíkurbæ Víkurbraut 62, Sandgerðisbæ Vörðunni Miðnestorgi 3, Reykjanesbæ Tjarnargötu 12, Sveitarfélaginu Garði Sunnubraut 4 og Sveitarfélaginu Vogum Iðndal 2. Tillagan er einnig til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík frá og með 3. júní 2009 til og með 1. júlí 2009.

Tillöguna má jafnframt skoða á heimasíðum sveitarfélaganna, www.sandgerdi.is, www,reykjanesbaer.is www.svgardur.is, og á heimasíðum Keflavíkurflugvallar, www.kefairport.is, Kanon arkitekta, www.kanon.is og VSÓ Ráðgjafar, www.vso.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til og með 15. júlí 2009.

Skila skal athugasemdum á Bæjarskrifstofu Sandgerðisbæjar, Vörðunni, Miðnestorgi 3, 245 Sandgerði. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests telst samþykkur henni.

**Samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurnesja**

---

## Sinfóníuhljómsveit Íslands
auglýsir lausa til umsóknar
**stöðu framkvæmdastjóra**

**Starfssvið**
- Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með heildarstarfi hljómsveitarinnar og verkefnum á hennar vegum.
- Hann ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar, sem tekur ákvörðun um ráðningu hans, sbr.lög nr. 36/1982

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Krafist er háskólamenntunar og traustrar rekstrarþekkingar, auk haldgóðrar þekkingar á sígildri tónlist

Umsóknarfrestur er til 10. júní

Starfið er veitt frá 1. sept

Umsóknir, ásamt ferilskrá, skulu stílaðar til Þrastar Ólafssonar (throl@sinfonia.is), sem veitir allar nánari upplýsingar

**Sinfóníuhljómsveit Íslands,**
Háskólabíó v/Hagatorg, Pósthólf 7052,
127 Reykjavík, sími 545 2500 fax 562 4475
http//:www.sinfonia.is

---

Hringdu í síma
**512 50 60**
ef blaðið berst ekki

## Atvinna

## Deildarstjóri sérdeildar fyrir einhverf börn

*Digranesskóli er heildstæður grunnskóli með tæplega 400 nemendum. Stefna Digranesskóla er að skapa tækifæri til lærdóms og þroska sem grundvallast á virkni, virðingu og vellíðan nemenda og starfsmanna.*

Í Digranesskóla er rekin sérdeild fyrir einhverfa nemendur.
Starfsemi deildarinnar byggir á aðferðafræði TEACH kerfisins.

- **Digranesskóli auglýsir nýja stöðu deildarstjóra með 50% stjórnun og 50% kennslu**.
  Deildarstjóri veitir deildinni faglega forystu og annast daglega stjórnun.

***Menntunar- og hæfniskröfur:***
Kennaramenntun b.Ed.. auk framhaldsmenntunar í sérkennslu.
Umsækjandi þarf að hafa mikla þekkingu og reynslu af hugmyndafræði TEACH.
Nauðsynlegt er að viðkomandi búi yfir góðum stjórnunarhæfileikum og lipurð í mannlegum samskiptum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.

KÓPAVOGSBÆR

Upplýsingar veita Magnea Einarsdóttir, skólastjóri og Hannes Guðmundsson, aðstoðarskólastjóri í síma 570 4170.

Umsóknarfrestur er til 16. júní 2009.

***www.kopavogur.is***

---

# ATVINNA - *Hjólbarðaþjónusta*

**Gúmmívinnslan** leitar að traustum starfsmanni til framtíðarstarfa Í þjónustustöð sína að Tangarhöfða 15 í Reykjavík.



**Helstu verkefni:**
Aðstoðarmaður rekstrarstjóra.
Almenn hjólbarðaþjónusta.
Sala og afgreiðsla á hjólbörðum og öðrum vörum fyrirtækisins.
Samskipti við viðskiptavini.
Önnur tilfallandi störf.

**Hæfniskröfur:**
Starfsreynsla á hjólbarðaverkstæði er mikill kostur.
Stundvísi og áreiðanleiki.
Góð samskiptahæfni og þjónustulund.

Umsóknareyðublöð á staðnum.
Allar nánari upplýsingar veitir Gestur J. Árskóg í síma 840 7905.

GÚMMÍVINNSLAN

**GÚMMÍVINNSLAN** er með starfsstöðvar í Reykjavík og á Akureyri. **GÚMMÍVINNSLAN** er öflugt fyrirtæki á sviði hjólbarðasölu og allri tengdri þjónustu.

**Tangarhöfða 15 - 110 Reykjavík - Sími: 577 3080 - 840 7905**

RAÚL CASTRO ER 78 ÁRA Í DAG.

*„Ég hef alltaf verið háttvís, það er mín leið.“*

***Raúl Castro er litli bróðir Fídels Castro, hins umdeilda byltingarleiðtoga og síðar forseta Kúbu. Castro tók við stjórnartaumunum af heilsuveilum bróður sínum í febrúar árið 2008. Síðan hefur hann stigið nokkur skref í átt til frjálsari viðskiptahátta.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 3. JÚNÍ 1844

## *Síðustu geirfuglarnir drepnir*



Síðustu tveir geirfuglarnir í heimi voru drepnir í Eldey 3. júní árið 1844. Geirfuglinn var algengur víða á Norður-Atlantshafi fram á 16. öld. Hann gat orðið 70 sentimetra hár og vó um fimm kíló. Hann var ófleygur en góður sundfugl sem nærðist einkum á fiski. Geirfuglinn var vinsæl bráð sjómanna, enda var hann stór og kjötmikill og auðveldur viðureignar.

Geirfuglinn var einnig veiddur vegna fjaðranna sem voru notaðar í fatnað. Þegar fór að fækka verulega í stofninum fóru safnarar og náttúrugripasöfn að borga vel fyrir fuglinn og markaði það endalok tegundarinnar.

Lengst lifði geirfuglinn við Ísland. Einhverjar sögur fara af því að til fugla hafi sést eftir árið 1844, allt fram á sjötta áratug 19. aldar, en óvíst er um áreiðanleika þeirra sagna. Á Náttúrufræðistofnun Íslands er að finna einn uppstoppaðan geirfugl. Hann var keyptur á uppboði á Sotheby's í Lundúnum árið 1971. Aðeins áttatíu uppstoppaðir fuglar eru til í heiminum.

### MERKISATBURÐIR

**1746** Húsagatilskipunin er gefin út. Þar var kveðið á um réttindi og skyldur húsbænda og hjúa og einnig ákvæði um uppeldi barna.

**1926** Fílharmoníuhljómsveit Hamborgar undir stjórn Jóns Leifs tónskálds heldur tónleika í Iðnó í Reykjavík.

**1932** Ríkisstjórn undir forsæti Ásgeirs Ásgeirssonar tekur við völdum.

**1983** Víkingasveit lögreglunnar í Reykjavík er komið á fót með tólf sérþjálfuðum mönnum.

**1989** Jóhannes Páll páfi II. kemur til Íslands og syngur meðal annars messu við Landakotskirkju. Þúsundir sækja messuna.

### AFMÆLI



**Suzi Quatro** leikkona og tónlistarkona er 59 ára.



**Kelly Jones** söngvari Stereophonics er 35 ára.



**Hólmfríður Karlsdóttir** leikskólakennari er 46 ára.



**Kerry King** gítarleikari Slayer er 45 ára.



## 70 ára afmæli

**Helga Hafberg**

er sjötug í dag.

Opið hús verður fyrir ættingja og víni 6. júní nk. kl. 16-19 í félagsheimilinu Fólkvangi á Kjalarnesi.



**ELÍN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR** Ást, rómantík og gleði verða í hávegum hafðar á tónleikum þeirra Jónasar Þóris og Elínar Óskar í Hafnarborg í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÓPERUSÖNGKONAN ELÍN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR: SÝNIR Á SÉR NÝJA HLIÐ

# Kvöld með ást og kærleika

„Flestir þekkja mig sem dramatísku söngkonuna uppi á fjölum íslensku óperunnar eða á flakki út um heim en nú ætla ég að bregða mér í allt annað gervi. Þetta verða því allsérstakir tónleikar hvað mig varðar,“ segir Elín Ósk Óskarsdóttir, sem ásamt píanistanum Jónasi Þóri stendur fyrir tónleikunum Kvöldstund með ást og kærleika í menningar- og listamiðstöðinni Hafnarborg í Hafnarfirði í kvöld klukkan átta. Þeir eru hluti af Björtum dögum sem nú standa sem hæst í Hafnarfirði.

„Við ætlum að fjalla um ástina og kærleikann í ýmsum myndum. Það getur brotist fram í óperuforminu, söngleikjaforminu, óperettuforminu og síðast en ekki síst í innlendum og erlendum dægurlögum sem við þekkjum öll,“ segir Elín Ósk, sem hlakkar mikið til kvöldsins.

Inn á milli atriða ætlar Elín Ósk að vera með stuttar fræðslukynningar. „Ég ætla að segja frá því hvernig stíliseringin er þegar ég breyti úr einu formi yfir í annað. Það er nefnilega stór vegur á milli þess að syngja óperur og dægurlög, til dæmis.“

Áður en Elín Ósk kemur fram á skemmtunum spyrst hún venjulega fyrir um aldurshóp áheyrenda, enda sé misjafnt hvað gleðji eyru ólíkra kynslóða. „Eldri borgarar elska gömlu fallegu sönglögin okkar og þekkja þau betur en dægurtónlist dagsins í dag. Þeir þekkja líka oft vel rómantískar óperur og taka jafnvel lagið með mér. Þegar ég syng fyrir yngra fólk reyni ég hins vegar að hafa hresst og skemmtilegt prógramm. Lauma kannski einu og einu rómantísku lagi inn, þannig að konan geti hallað sér aðeins upp að manninum sínum í leiðinni.“

Tónleikarnir í kvöld eiga hins vegar að höfða til allra aldurshópa og ekki síður til unga fólksins, telur Elín Ósk, enda tónlistin úr öllum áttum. „Við erum búin að setja saman skemmtilega blöndu af allri þessari flóru. Við ætlum til dæmis að flytja tvö falleg lög og ljóð eftir þá bræður George og Ira Gershwin. Svo ætlum við að taka lagið Ást eftir Magnús Þór Sigmundsson, Þakklæti eftir Magnús Kjartansson ásamt öðrum þekktum dægurlögum. Við gleymum ekki söngleikjunum og tökum meðal annars lag úr Söngvaseiði. Svo ætla ég að sjálfsögðu að sýna hvernig ástin og kærleikurinn kemur fram í óperunni og mun syngja tvær stuttar óperuaríur.“

Elín Ósk er ánægð með píanistann sinn og lofar skemmtilegu kvöldstund. „Það eru mikil forréttindi fyrir mig að hafa Jónas Þóri með mér því hann er óskaplega mikill listamaður. Ég er viss um að við eigum eftir að fara á flug saman.“

holmfridur@frettabladid.is



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Pétur Sörlason**

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 28. maí. Útför hans verður gerð frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 4. júní kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigríður Vilhjálmsdóttir.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,*

**Ása Sigríður Hilmarsdóttir**

Akraseli 34, Reykjavík,

sem lést 26. maí sl. verður jarðsungin frá Seljakirkju föstudaginn 5. júní kl. 13.00.

**Hans Kristinsson**
**Hilmar Hansson**
**Hans Jakob Hilmarsson** **Kristinn Már Hilmarsson**
**Anna Hansdóttir**
**Ása Sigríður Sigurðardóttir** **Emil Jóhann Sigurðsson**
**Hafdís Hansdóttir** **Pálmi Dungal**
**Bríet Glóð Pálmadóttir**
**Svanhildur Hilmarsdóttir** **Ólafur Friðsteinsson**
**Ósk G. Hilmarsdóttir** **Gunnar Harrysson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Steinn Hlöðver Gunnarsson**

Andarhvarfi 11b, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 5. júní kl. 15.00.

**Björk Níelsdóttir**
**Bergþóra Skarphéðinsdóttir**
**Gunnar Hlöðver Steinsson** **Sissel Espedal**
**Ragnar Níels Steinsson** **Margrét Silja Þorkelsdóttir**
**Guðmundur Steinn Steinsson**
**og barnbörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir og frændi,*

**Þórður Viðar Viðarsson**

Breiðavangi 57, Hafnarfirði,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut fimmtudaginn 28. maí. Útför hans verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 9. júní kl. 15.00.

**Sigurlína Ellertsdóttir**
**Viðar, Elísa Hildur og Arnar**
**Viðar Þórðarson** **Erla Gestsdóttir**
**Birgir Viðarsson og fjölskylda**
**Guðrún Ruth Viðarsdóttir og fjölskylda**

# Hafnarsvæðið í nýju ljósi

Gamla höfnin í Reykjavík verður til umfjöllunar á nýju sumarnámskeiði við Myndlistaskólann í Reykjavík, Er framtíðin í höfn. Þar munu nemendur meðal annars kortleggja ólíka eiginleika hafnarsvæðisins út frá gæðum og framtíðarmöguleikum Reykjavíkur.

Verk verða útfærð í módelum, skúlptúrum, ljósmyndum, vídeó og fleiru. Hugmyndir sem kvikna á námskeiðinu verða svo framlag skólans í samkeppni um framtíðarsýn fyrir hafnarsvæðið í miðbæ Reykjavíkur.

Teiknikunnátta er ónauðsynleg. Áfanginn er metinn til þriggja eininga í framhaldsskólum og ætlaður nemendum á aldrinum 16 til 20 ára. Kennt verður fimmtudagskvöldið 18. júní frá klukkan 17.30 til 21.30 og 5. til 21. ágúst milli klukkan 9 til 15.



**FRAMTÍÐARSÝN** Ólíkir eiginleikar hafnarsvæðisins verða kannaðir á námskeiðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Farið verður í ýmsar vettvangsferðir sem og unnið í vinnustofum. Í júní hittist hópurinn til hugmyndavinnu sem leggur grunn að áframhaldandi vinnu í ágúst. Nemendur starfa mikið sjálfstætt og fá leiðsögn, kennslu og ráðleggingar frá myndlistarmönnum og arkitektum.

Nánar á vefsíðunni www.myndlistaskolinn.is.

---



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þóra Gabríella Valdimarsdóttir**

Melgerði 13 (áður Gimli), Reyðarfirði,

lést á Sjúkrahúsinu á Egilsstöðum laugardaginn 30. maí. Útförin fer fram frá Reyðarfjarðarkirkju laugardaginn 6. júní kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Páll Þór Elísson**
**Bjarney A. Pálsdóttir** — **Vilhelm Jónsson**
**Georg Þór Pálsson** — **Hjördís Ingvadóttir**
**Sigrún Rós Pálsdóttir** — **Leopold Castro**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,*

**Sigurfinnur Jónsson**

Arnarhrauni 18, Grindavík,

er lést 27. maí, verður jarðsunginn frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 5. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á söfnunarreikning til styrktar börnum hans nr. 0143 05 60050 kt. 060665 4199.

**Álfheiður Hörn Guðmundsdóttir**
**Svanhildur Ósk Sigurfinnsdóttir**
**Kristín Harpa Sigurfinnsdóttir** — **Steindór Bjarni Ágústsson**
**Guðmundur Ásgeir Sigurfinnsson**

---



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og afi,*

**Eðvarð Jónasson**

frá Brúarlandi, Þistilfirði, Arnarsíðu 2b, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 30. maí sl. Útförin fer fram í Glerárkirkju föstudaginn 5. júní kl. 13.30.

**Fyrir hönd annarra vandamanna,**
**Kristjana Benediktsdóttir**
**Benedikt Eðvarðsson**
**Eðvarð Eðvarðsson**
**Sævar Eðvarðsson**
**Harpa María Benediktsdóttir**
**Andrea Ylfa Benediktsdóttir**

---



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Alfreð Guðmundsson**

netagerðarmeistari og athafnamaður, Hafnarfirði,

var bráðkvaddur í Vikersund í Noregi miðvikudaginn 20. maí. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 5. júní klukkan 15.00.

**Mae Ramil Opina**
**Drífa Alfreðsdóttir** — **Gunnar Magnússon**
**Svava Ástudóttir** — **Kieran Houghton**
**Berglind Ósk Alfreðsdóttir**
**Kristín Fríða Alfreðsdóttir**
**Alma Lísa Alfreðsdóttir**
**Alfreð Örn Alfreðsson**
**Guðmundur Ársæll Alfreðsson**
**Chenny Rose R. Opina**
**Mathew R. Opina**
**og barnabörn**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Garðar Steinþórsson**

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju í dag miðvikudaginn 3. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Krabbameinsfélag Íslands njóta þess.

**Ólafía Helga Stígsdóttir**
**Ingibjörg Arndís Garðarsdóttir** — **Nína Fjellheim**
**Steinþór Páll Garðarsson** — **Berglind Gísladóttir**
**Margrét Rósa Garðarsdóttir** — **Arne Johan Johansen**
**Hjalti Ragnar Garðarsson** — **Kristín Sigríður Hansdóttir**
**Hjördís Björk Garðarsdóttir** — **Smári Helgason**
**Ingvar Örn Garðarsson** — **Nantasiri Mankamnerd.**
**Halldóra Steina B. Garðarsdóttir** — **Helgi V. Viðarsson Biering**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svanfríður Þóroddsdóttir**

Hólmagrund 4, Sauðárkróki,

lést föstudaginn 29. maí. Útför hinnar látnu fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 6. júní klukkan 14.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Erlingur Þorláksson**

tryggingastærðfræðingur, Skólagerði 22, Kópavogi,

sem lést á líknardeild Landspítalans Landakoti, fimmtudaginn 28. maí, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 4. júní kl. 13.00.

**Sigrún Brynjólfsdóttir**
**Brynjólfur Jónsson** — **Dagný Guðnadóttir**
**Þorlákur Jónsson** — **Anna Guðrún Ívarsdóttir**
**Þorgerður Jónsdóttir**
**Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir**
**Jón Erlingur Jónsson** — **Anna Stefánsdóttir**
**Þuríður Jónsdóttir** — **Atli Ingólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Þökkum innilega samúð og hlýhug við andlát og útför sambýlismanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Sigfúsar Þórðarsonar**

Arnarhrauni 29, Hafnarfirði,

sem lést þriðjudaginn 5. maí.

**Erla Sigurjónsdóttir**
**Kristín Sigfúsdóttir** — **Yngvi Karl Jónsson**
**Anna Þórný Sigfúsdóttir** — **Stefán Þorleifsson**
**Þórarinn Sigfússon**
**og barnabörn.**

---



✝

*Hjartanlegar þakkir fyrir samúð og vinarhug við fráfall mágkonu minnar og frænku okkar,*

**Vigdísar Magnúsdóttur**

hjúkrunarfræðings, Herjólfsgötu 40, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til vina hennar og fyrrverandi samstarfsfólks fyrir hjálpsemi og umhyggju í veikindum hennar. Guð blessi ykkur öll.

**Soffía Júlíusdóttir**
**Eygló Einarsdóttir**
**Sigríður Snorradóttir** — **Þorsteinn Sigurðsson**
**Elín Snorradóttir**
**Einar, Soffía, Snorri, Magnús, Sigurður og Vigdís.**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Fríða Emma Eðvarðsdóttir**

Þorsteinsstöðum, Lýtingsstaðahreppi, síðast til heimilis á Dvalarheimili aldraðra á Sauðárkróki,

lést laugardaginn 30. maí. Útförin verður auglýst síðar.

**Berta Margrét Finnbogadóttir**
**Böðvar Hreinn Finnbogason** — **Guðbjörg Guðmannsdóttir**
**Stefanía Fjóla Finnbogadóttir** — **Guðmundur Magnússon**
**Violet Elizabeth Wilson** — **David Wilson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ottó Eyfjörð Ólason**

Vallarbraut 10, Hvolsvelli,

lést á Dvalarheimilinu Kirkjuhvoli, Hvolsvelli, sunnudaginn 31. maí. Útför hans fer fram frá Stórólfshvolskirkju laugardaginn 6. júní kl. 13.00.

**Fjóla Guðlaugsdóttir**
**Svavar Ottósson** — **Hólmfríður Pálsdóttir**
**Georg Ottósson**
**Sólveig Ottósdóttir** — **Jón Smári Lárusson**
**Óli Kristinn Ottósson** — **Auður Sigurðardóttir**
**Sigurður Grétar Ottósson** — **Katrín Birna Viðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn,*

**Gísli Bjarnason**

Lindasíðu 2, Akureyri,

lést 30. maí að Dvalarheimilinu Hlíð.

**Guðný Georgsdóttir.**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

**Námsbrautir á meistarastigi**

- Fjölskyldumeðferð
- Málefni innflytjenda - einnig í boði í fjarnámi

**Námsbrautir á grunnstigi**

- Leiðsögunám á háskólastigi - einnig í boði í fjarnámi
- Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun
- Mannauðsstjórnun - einnig í boði í fjarnámi
- Rekstrar- og viðskiptanám - einnig í boði í fjarnámi

Námsfyrirkomulag hentar fyrir einstaklinga sem eru á vinnumarkaði eða í atvinnuleit

Sæktu um hagnýtt og framsækið nám

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar
sími 525 4444
endurmenntun.is




NOKKUR ORÐ

Alma Guðmundsdóttir

# *Glæpsamlegt framhjáhald*



Flestir hugsa eflaust um framhjáhald sem alvarlegt trúnaðarbrot sem kemur fáum öðrum við en hlutaðeigandi aðilum. Allavega er ég nokkuð viss um að fáir hugsi um framhjáhald sem glæpsamlegt athæfi sem varðað getur fangelsisvist. Það er samt raunin í Dubai þar sem bresk kona situr nú í fangelsi fyrir að hafa haldið framhjá eiginmanni sínum.

Hin 44 ára Sally Antia var handtekin 2. maí á Radisson-hóteli í Dubai með elskhuga sínum. Hún og eiginmaður hennar, Vincent Antia, voru um það bil að skilja, en hann er sagður hafa látið lögregluna vita að Sally væri að hitta annan mann áður en skilnaðurinn var genginn í gegn. Framhjáhald telst ólöglegt í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, en talið er líklegt að Vincent hafi látið lögregluna vita til að öðlast forræði yfir ellefu og þrettán ára dætrum þeirra í kjölfar skilnaðarins. Sally bíður nú eftir því að fara fyrir rétt í annað sinn í þessari viku og á líklega yfir höfði sér allt að eins árs fangelsisvist. Málið er ekki það fyrsta sinnar tegundar því bresk kona hefur áður verið fundin sek um að halda framhjá egypskum eiginmanni sínum í Dubai. Hún sat þrjá mánuði í fangelsi og missti forræðið yfir börnum sínum, en þetta mál þykir ólíkt að því leytinu til að bæði eru Sally og Vincent breskir ríkisborgarar.

Mannréttindasinnar eru á einu máli um að sleppa eigi Sally tafarlaust úr haldi því hefði atvikið átt sér stað í heimalandi þeirra væri staða Sally önnur. Svo má líka deila um hvað Vincent hefur raunverulega mikið til síns máls fyrst skilnaðurinn þeirra hjóna var um það bil að ganga í gegn.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Djass og blús í Kópavogi

Árleg Jazz- og blúshátíð Kópavogs verður haldin í annað sinn dagana 4. til 6. júní. Hátíðin var haldin í fyrsta sinn á síðasta ári og þótti takast svo vel að ráðið var að stofna félag um rekstur hennar, Jazz- og blúsfélag Kópavogs.

Hátíðin verður sett á fimmtudagskvöld kl. 20 í ungmennahúsinu Molanum, þar koma ungir Kópavogsblúsarar fram ásamt reyndari tónlistarmönnum. Á föstudeginum kl. 14 verða flutt djass- og dægurlög fyrir eldri borgarana í Gullsmára og svo verða tvennir stórtónleikar í Salnum. Þar sýnir stjórnandi hátíðarinnar, Björn Thoroddsen, á sér tvær hliðar: kl. 21 verður blúsarinn Björn í sviðsljósinu og leika þeir Jón Rafnsson og Jóhann Hjörleifsson með honum. Söngvaraval verður með þeim: Egill Ólafsson, Páll Rósinkranz, Bogomil Font og Andrea Gylfadóttir.

Á laugardagskvöld kl. 21 leikur djassmeistarinn Björn ásamt Jóhanni Hjörleifssyni með tveimur dönskum stórsnillingum sem íslenskir djassgeggjarar þekkja mætavel, þeim Ole Kock Hansen píanista og Mads Vinding bassaleikara.

Ole Kock Hansen er einn virtasti djasspíanisti Dana auk þess að vera einn fremsti útsetjari og hljómsveitarstjóri danskrar djasssögu. Mads Vinding var kallaður krónprins danska djassbassans þegar veldi Niels-Hennings Ørsted Pedersen var sem mest. Það verður spennandi að heyra þá fjórmenninga flytja dönsk og íslensk þjóðlög í djassbúningi Ole Kock Hansen.

Miðasala er í Salnum.

pbb@frettabladid.is



**TÓNLIST** Björn Thoroddsen gítarleikari er í fylkingarbrjósti á Jazz- og blúshátíð Kópavogs sem nú er haldin í annað sinn og verður um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA







HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0982



Stærri og betri skoðunarstöð í Kópavogi

Skoðunarstöð Aðalskoðunar við Skemmuveg hefur nú verið endurbætt og stækkuð til muna. Aðstaða til skoðunar ökutækja hefur verið tekin í gegn og bætt – það skilar sér í betri þjónustu við viðskiptavini.

**Komdu við á Skemmuvegi og láttu skoða bílinn þinn í miklu betri skoðunarstöð!**

Aðalskoðun

**Skoðunarstöðvar:**

**Reykjavík**
Skeifunni 5
Sími 590 6930

**Hafnarfjörður**
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

**Kópavogur**
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 587 3344

www.adalskodun.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR SALVATION | kl. 8D - 10:40D | 14 |
| MANAGEMENT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| ADVENTURELAND | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 5:50(3D) | L |
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 | L |
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:40 | 10 |
| STAR TREK XI | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | VIP |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MANAGEMENT | kl. 6 - 8:10 - 10 | 10 |
| GOTT SILFUR GULLI BETRA | kl. 6:10 - 8 | L |
| ADVENTURELAND | kl. 8:10 - 10:20 | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 4(3D) - 6(3D) | L |
| CORALINE 3D m/ensku tali | kl. 10:20(3D) (ótextuð) | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 3:40 | L |
| LOFTLEIÐIR | kl. 3:30D sið sýn | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| GOTT SILFUR GULLI BETRA | kl. 8 | L |
| CRANK 2 | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 8 | 16 |
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR SALVATION | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| GOTT SILFUR GULLI BETRA | kl. 8 | L |
| THE BOAT THAT ROCKED | kl. 10 | 12 |

HTTP://FACEBOOK.SAMBIOIN.IS



NÝTT Í BÍÓ!










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| TERMINATOR: SALVATION LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5 - 8 -10.50 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 9 | 14 |
| THE BOAT THAT ROCKED | kl. 10 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8.30 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 5.20 - 8 | 12 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 10.40 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.50 - 10.15 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 8 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR



NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR SALVATION | kl. 5.45, 8 og 10.15-POWER | 14 |
| CORALINE 3D | kl. 3.45 - Ísl. tal | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 4, 6 og 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 4, 7 og 10 | 14 |
| 17 AGAIN | kl. 10 | L |


# Tvö tilbrigði við íslenskt skemmtipopp

Létt á bárunni og Prins Póló eru tvö af hliðarverkefnum Svavars Péturs Eysteinssonar og Berglindar Häsler úr Skakkamanage. Það er greinilegt að þau skortir ekki hugmyndir. Eftir hina fínu All Over the Face sem Skakkamanage gaf út seint á síðasta ári eru hér komnar tvær nýjar plötur úr smiðju þeirra. Létt á bárunni er hljómsveit skipuð þeim báðum, en Prins Póló er sólóverkefni Svavars. Báðar plöturnar urðu til í höfuðstöðvunum Skakkamanage á Seyðisfirði.

Plöturnar koma út á Brakmerkinu og eru jafnframt fáanlegar beint frá listamönnunum sjálfum í gegnum vefsíðuna þeirra www.skakkapopp.is. Létt á bárunni vakti fyrst athygli fyrir jólalag sem þau settu á MySpace-síðuna sína í nóvember og sem jafnframt var á safnplötu frá Kimi-útgáfunni í jólamánuðinum. Textinn var bráðskemmtileg blanda af jákvæðum jólaboðskap og uppgjöri við bankahrunið. Á Sexí eru átta lög. Textarnir eru teknir beint úr raunveruleikanum og núinu og húmorinn er í fyrirrúmi. Tónlistin er skemmtilega lo-fi og vel útfært heimapopp. Á plötunni er líka útgáfa af lagi Gylfa Ægissonar Stolt siglir fleyið mitt.




**TÓNLIST**

**Einn heima**

Prins Póló

★★★

Fjögurra laga EP-plata um ástina.




**TÓNLIST**

**Sexí**

Létt á bárunni

★★★

Mátulega hrátt heimapopp með skemmtilegum textum.

Einn heima með Prins Póló er sömuleiðis heimabrugg með skemmtilegum textum, en nú sér Svarar einn um allan hljóðfæraleik og söng. Þetta er þemaplata um ástina og mismunandi birtingarmyndir hennar. „Við fáum okkur labbitúra/ekkert fær okkur sundrað/Þó ég sé átján og þú sért hundrað/finnst okkur samt gott að kúra“ (Átján og hundrað). Platan er fjögurra laga og tónlistin í sama stíl og hjá Létt á bárunni, en aðeins þróaðri.

Á heildina litið má segja að þó að þessar tvær plötur séu hraðsoðnar þá eru þær skemmtilegt og séríslenskt innlegg í poppflóruna.

**Trausti Júlíusson**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 3. júní 2009**

### ➜ Tónleikar

**20.00 Trúbatrixur** verða á Kaffi 59 við Grundargötu á Grundarfirði.

**20.00 Söngdeild Tónlistarskóla Kópavogs** flytur óperuna Orleifur og Evrídís eftir C.W. Gluck, í Salnum við Hamraborg í Kópavogi.



**21.00 Megas og Senuþjófarnir** verða á Græna Hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið opnað kl. 20.

### ➜ Síðustu forvöð

**Sýningu Herthu Richardt Úlfarsdóttur** á Café Karólínu við Kaupvangsstræti á Akureyri lýkur á föstudaginn.

### ➜ Leikrit

**18.00 Leikhópurinn Lotta** sýnir Rauðhettu, nýtt íslenskt leikrit með söngvum þar sem blandast saman ævintýrin Rauðhetta, Grísirnir þrír og Hans og Gréta. Sýnigin fer fram í Indíánagil í Elliðaárdalnum.

**20.00 Leikfélagið Hugleikur** verður með aukasýningu á verkinu „Ó, þú aftur“ í Smíðaverkstæði Þjóðleikhúsins við Hverfisgötu.

### ➜ Ljósmyndasýningar

**Nemendur fyrsta árs í Ljósmyndaskólanum** hafa opnað sýningu á verkum sínum að Hólmaslóð 6. Opið mán.-föst. kl. 16-20 og um helgar 14-18. Ath. sýningu lýkur á sunnudag.

### ➜ Bjartir dagar

**Hátíðin Bjartir dagar** stendur yfir í Hafnarfirði 28. maí-7. júní. Dagskráin í heild og nánari upplýsingar á www.hafnarfjordur.is

**14.00 Brúðubíllinn** verður fyrir utan Bókasafnið við Strandgötu 1.

**15.00** Nemendur hjá **Fjölgreinadeild Hafnarfjarðar** verða með opið hús og sýningu í Menntasetrinum við Lækinn kl. 15-18.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Rokkveislan færð á Nasa

**Tónleikar Dúndurfrétta og helstu rokksöngvara landsins 5. júní verða haldnir á skemmtistaðnum Nasa í stað Laugardalshallarinnar.**

**Sala á tónleikana hefur ekki verið í samræmi við björtustu vonir en þó með þeim hætti að nú er uppselt á tónleikana á Nasa. Þar eru engin sæti og því mun rokkveislan verða borin fram fyrir standandi áheyrendur. Æfingar fyrir tónleikana hafa nú staðið í yfir í rúma viku og ljóst að mikil stemning ríkir í hópnum fyrir föstudagskvöldinu. Þeir viðskiptavinir sem hafa ekki áhuga á að nýta sér miðana á Nasa geta fengið þá endurgreidda á Midi.is.**


HRUNIÐ

KEMUR Á MORGUN




JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is


sumarferdir.is
Tenerife í sumar
Parque Santiago
Íbúð í 2 vikur með svefnherbergi
frá 93.060 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Costa Adeje Gran Hotel
Vikuferð 8. júlí samtengd herbergi og hálft fæði
frá 111.925 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar

## > Björgvin í stað Andra Stefan

Miðjumaðurinn Andri Stefan hefur gengið frá tveggja ára samningi við norska meistaraliðið Fyllingen. Bæði Fyllingen og Drammen vildu fá Andra, sem valdi Fyllingen á endanum. Haukar hafa þegar fundið arftaka hans hjá félaginu því Stjörnumaðurinn Björgvin Hólmgeirsson hefur skrifað undir tveggja ára samning við Hauka. Athygli vekur að Andri verður ekki atvinnumaður á fullum launum heldur mun félagið útvega honum vinnu sem hann verður í þrjá daga vikunnar.



**sport**

sport@frettabladid.is

**BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON:** YFIRGEFUR ÞÝSKALAND OG GENGUR Í RAÐIR EINS BESTA LIÐS SVISS

# *Björgvin Páll er búinn að semja við Schaffhausen*

Landsliðsmarkvörðurinn geðþekki, Björgvin Páll Gústavsson, hefur ákveðið að yfirgefa herbúðir þýska liðsins Bittenfeld og halda þess í stað til Sviss.

Björgvin Páll er búinn að skrifa undir tveggja ára samning við Kadetten Schaffhausen. Er það annað tveggja bestu liða landsins en hitt er Amicitia Zürich sem Kári Kristján Kristjánsson samdi við á dögunum.

„Þetta kom upp fyrir um tveim vikum og gekk allt afar hratt fyrir sig,“ sagði Björgvin Páll við Fréttablaðið í gær en hann er afar spenntur fyrir því að ganga í raðir félagsins.

„Það var smá vafi í fyrstu enda er þetta kannski ekki sterkasta deildin. Ég sannfærðist aftur á móti eftir að hafa skoðað aðstæður. Þetta er flottur klúbbur og liðið sterkt. Ætli það væri ekki á bilinu sjötta til tíunda sæti í þýsku úrvalsdeildinni ef það væri að spila þar. Það heillaði mig líka að keppa um titil á hverju ári sem og að taka þátt í Evrópukeppni. Svo er ég líka markvörður númer eitt



og það skiptir mig máli að fá að spila mikið,“ sagði Björgvin Páll en Schaffhausen datt út fyrir Nordhorn í Evrópukeppninni í ár.

Aðstæður eru einnig allar hinar bestu enda fjárhagslega vel statt félag.

„Það kom mér á óvart hvað allar aðstæður eru góðar hjá félaginu. Gildir það jafnt um æfingaaðstöðu sem og sjúkraþjálfarateymi og annað. Aðbúnaðurinn gefur þýsku úrvalsdeildarliðunum ekkert eftir,“ sagði Björgvin Páll, sem fær einnig flottan samning hjá félaginu.

„Mér sýnist ekki vera nein kreppa í Sviss. Liðið er sterkt fjárhagslega og ég meira en tvöfalda launin mín. Það skiptir líka máli í þessu árferði að vera hjá félagi þar sem maður getur treyst á að fá útborgað. Það ætti ekki að vera vandamál þarna,“ sagði Björgvin Páll, sem hefur ekki gefið upp vonina um að spila í þýsku úrvalsdeildinni.

„Ég er bara 24 ára og á mörg ár eftir. Þarna fæ ég að spila og get bætt mig sem markvörður. Vonandi get ég svo tekið næsta skref í kjölfarið,“ sagði Björgvin en Tékkinn Jan Filip er einnig á leið til liðsins frá Rhein-Neckar Löwen.



**RAGNHEIÐUR** Vann gull á Smáþjóðaleikunum í gær. MYND/PÁLL BERGMANN

Smáþjóðaleikarnir í gær:

## Ragnheiður með mótsmet

**SUND** Sundkonan Ragnheiður Ragnarsdóttir vann til gullverðlauna á Smáþjóðaleikunum á Kýpur í gær og setti jafnframt mótsmet, í tvígang.

Ragnheiður synti á nýju mótsmeti, 56,53 sekúndum, í undanrásum í gærmorgun en tíminn er tæpri sekúndu frá Íslandsmeti hennar í greininni sem er 55,66 sekúndur.

Í úrslitasundinu sjálfu synti hún svo á tímanum 55,97 sekúndum og vann gullið en hin unga og efnilega Ingibjörg Jónsdóttir varð í fjórða sæti.

Ásdís Hjálmsdóttir spjótkastari, Jóhanna Ingadóttir þrístökkvari, Kári Steinn Karlsson langhlaupari og Bergur Ingi Pétursson sleggjukastari unnu öll til gullverðlauna á leikunum í gær.

- óþ



**PÁLL AXEL** Var stigahæstur hjá íslenska liðinu í gær með 20 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Smáþjóðaleikarnir í gær:

## Fjörutíu stiga sigur á Möltu

**KÖRFUBOLTI** Karlalandslið Íslands í körfubolta byrjaði vel á Smáþjóðaleikunum í gær með fjörtíu stiga sigri á Möltu, 93-53, en staðan í hálfleik var 54-20 Íslandi í vil.

Páll Axel Vilbergsson var stigahæstur hjá Íslandi með 20 stig en Magnús Þór Gunnarsson, Sigurður Þorsteinsson og Þorleifur Ólafsson komu næstir með 12 stig hver.

Ísland mætir heimamönnum í Kýpur á leikunum í dag.

Þá tapaði kvennalandslið Íslands í körfubolta fyrir Möltu, 53-69, þar sem Helena Sverrisdóttir var stigahæst með 16 stig en liðið leikur aftur á morgun gegn Lúxemborg.

- óþ

# Draumur að kveðja sem meistari

**Ólafur Stefánsson kvaddi Ciudad Real síðasta sunnudag á besta mögulega hátt, sem Evrópu- og Spánarmeistari. Ólafur hefur leikið með félaginu í sex ár og unnið sautján titla. Ólafur heldur nú til Þýskalands þar sem hann leikur með Rhein-Neckar Löwen næstu tvö árin. Hann spilar ekki með landsliðinu í sumar.**

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson náði enn einum risaáfanganum á sínum ferli um helgina þegar hann varð Evrópumeistari í fjórða skiptið á ferlinum eftir ótrúlegan úrslitaleik gegn Kiel. Dvöl Ólafs í þessum vinalega bæ, sem er skammt frá Madríd, hefur verið viðburðarík en alls hefur Ólafur unnið sautján titla á sex árum hjá félaginu.

„Þetta var svakalegur leikur. Kiel var með dolluna í höndunum í 119 mínútur og ég veit ekki alveg hvað gerðist. Ég er alltaf svona hálfdofinn allan tímann og svo allt í einu er þetta búið. Það er eins og ég sé dáleiddur meðan á leik stendur og svo bara allt í einu er þetta búið,“ sagði Ólafur, sem átti stórleik og skoraði markið sem gulltryggði sigurinn.

„Ég var samt ekkert að hugsa. Það var mjög skrítið. Við þekkjum samt allir hvern annan svo vel og hreyfingar hvors annars. Í hverri hreyfingu eru þrír möguleikar og maður velur besta möguleikann. Þó svo að ég hefði klúðrað skotinu og við tapað þá hefði ég ekki verið skammaður því ég valdi rétt.“

### Furðulegasti Evrópumeistaratitillinn

Ólafur hefur oftar en ekki verið bestur í stóru leikjunum og var markahæstur í sjö af átta úrslitaleikjum í þau fjögur skipti sem hann varð Evrópumeistari.

„Allir þessir titlar voru mjög sætir en þetta var sá furðulegasti og furðulegri en í fyrra. Þá vorum við inni í rimmunni í 60 mínútur en í þessari viðureign vorum við í raun búnir að tapa í 119 mínútur. Við erum samtals níu mörkum undir þegar tuttugu mínútur eru eftir af leiknum. Það er algjört grín að snúa því við á móti Kiel,“ sagði Ólafur.

Hann bauð upp á skemmtilegan dans þegar verið var að afhenda Ciudad bikarinn í leikslok. Ólafur dansaði í kringum bikarinn og setti hendurnar nálægt honum líkt og hann væri heitur. Blaðamanni lék forvitni á að vita hvað þar hefði verið í gangi en þegar Ciudad vann Meistaradeildina 2006 dansaði hann eftirminnilegan vélsagardans.



**KÓNGURINN HYLLTUR** Jerome Fernandez tók Ólaf á herðar sínar eftir leikinn á sunnudag. Á sama tíma hylltu stuðningsmenn Ciudad Real hetjuna sem hefur þjónað félaginu vel síðustu sex ár. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

### Felldi tár á blaðamannafundinum eftir leikinn

„Ég mátti ekki snerta hann. Þetta var svona eins og í Harry Potter að ég hefði flust í annan heim ef ég hefði snert hann of snemma,“ sagði Ólafur léttur og hló við. „Ég tók svo einn kveðjuvélsagardans fyrir fólkið daginn eftir. Ég tognaði þegar mínúta var eftir af leiknum og vélsögin varð því að bíða aðeins.“

Það sem var óneitanlega sérstakt við þessa leiki er að Ólafur var að leika gegn vini sínum Alfreð Gíslasyni en saman urðu þeir Evrópumeistarar með Magdeburg árið 2002.

Ólafur sat við hlið Alfreðs og Talant Dujshebaev, þjálfara Ciudad, á blaðamannafundi eftir leikinn og felldi tár.

„Ég var með tvo bestu þjálfara heimsins við hliðina á mér. Ég fann eðlilega til með Alfreð sem ég hef þekkt lengi og hann er líklega fagmannlegasti þjálfari sem ég hef unnið með. Það var sérstakt að spila gegn honum og vinna hans lið. Alfreð er það „kúl“ að ég vil ekkert segja að mér þyki leitt að vinna hann því ég veit að hann vill ekkert heyra það.

Þetta var tilfinningaþrungin stund því ég var að kveðja frábæran þjálfara og vinna góðan félaga,“ sagði Ólafur, sem fór lofsamlegum orðum um Kiel og það starf sem Alfreð hefur unnið með liðið. „Það versta sem gat komið fyrir önnur lið er að Kiel lenti í höndunum á Alla.“

### Konan mín trúði ekki á að við gætum þetta

Það höfðu ekki allir trú á því að Ciudad myndi vinna upp fimm marka forskot Kiel úr fyrri leiknum og ein þeirra var eiginkona Ólafs.

„Hún hafði enga trú á því að við gætum þetta og við ræddum það lengi. Hún horfði á hvernig Kiel rúllaði yfir öll lið á meðan við vorum að gefa færi á okkur,“ sagði Ólafur, sem kveður Ciudad Real sem Evrópu- og Spánarmeistari.

„Það er auðvitað draumur að kveðja sem meistari. Það getur enginn leikmaður hugsað sér betri kveðjustund en ég fékk. Það var að vissu leyti erfitt að kveðja fólkið og það féllu tár. Spánverjarnir eru ofsalega gott fólk. Þeir eru ekkert að sýna manni samninginn eins og Þjóðverjarnir þegar maður á tvo slaka leiki. Spánverjarnir vita að maður er mannlegur og gerir sín mistök og sjá að maður leggur sig fram. Ég hef lært mikið af fólkinu hérna,“ sagði Ólafur, sem er kominn í langþráð frí þar sem hann hvílir þreytta fætur á sólarströnd. Þar verður hann áfram og hann segir engar líkur vera á því að hann spili með landsliðinu í sumar.

henry@frettabladid.is



**BARRY** Fyrstu stóru kaup Manchester City í sumar. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Barry til liðs við Man. City:

## Fyrstu stórkaup City staðreynd

**FÓTBOLTI** Miðjumaðurinn Gareth Barry gekk í gær í raðir Manchester City í ensku úrvalsdeildinni eftir að City náði samkomulagi við Aston Villa um kaupverð upp á tólf milljónir punda.

Barry skrifar undir fimm ára samning við City, sem ætlar sér stóra hluti á leikmannamarkaðnum í sumar og eru kaupin á enska landsliðsmanninum skýr skilaboð um það.

Barry átti eitt ár eftir af samningi sínum við Aston Villa og var tregur til að framlengja hann eftir að félagsskipti hans til Liverpool duttu upp fyrir skömmu áður en síðasta keppnistímabil hófst.

Hinn 28 ára gamli Barry hefur löngum lýst yfir áhuga sínum á því að leika í Meistaradeildinni. City náði hins vegar ekki að tryggja sér þátttökurétt í Evrópukeppnum á næstu leiktíð en framtíðarplön knattspyrnustjórans Mark Hughes og eigandans Sheikh Mansour á Borgarleikvanginum í Manchester eru vissulega stór í sniðum. - óþ



**KAKA** Ítrekar að hann vilji vera áfram hjá AC Milan. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Framtíð Kaka enn í fréttum:

## Vill ekki fara frá AC Milan

**FÓTBOLTI** Brasilíski miðjumaðurinn Kaka kveðst vilja vera áfram í herbúðum AC Milan en sögusagnir um að hann muni brátt yfirgefa ítalska stórliðið hafa farið víða eftir að Carlo Ancelotti hætti sem knattspyrnustjóri félagsins og fór til Chelsea.

„Ég segi þetta núna í síðasta skipti, ég vil ekki fara frá AC Milan,“ segir Kaka í viðtali við Gazzetta dello Sport í gær eftir að ítalska blaðið hafði fullyrt fyrr um daginn að Kaka væri á leið til Real Madrid.

Ýmsir fjölmiðlar greindu einnig frá því í gær að Kaka væri líklegur til þess að fylgja Ancelotti til Chelsea. - óþ







## > Tom Colicchio

„Matreiðsla fyrir mér er listgrein og til að ná árangri þarf bæði að þekkja hráefnið og nota rétt verklag.“

***Stjörnukokkurinn Colicchio dæmir keppendur í þættinum Top Chef sem SkjárEinn sýnir í kvöld.***



# dagsk

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON LEITAR Á LJÓSVAKANN

# *Sumarið er tíminn*

Það voraði snemma hér sunnan heiða og með aukinni útiveru fann maður hvernig fálmarar ljósvakamiðlanna misstu hægt og hægt tökin á manni. Hin staðfasta neysla frétta var enda tekin að láta undan eftir látlitla fréttahríð vetrarins þegar forvitni og spenna rak þennan hlustanda frekar inn á fréttaveitur vefsins en í fasta tíma úr fréttalestri.



Netið er alltaf að sækja í sig veðrið sem stöðug sytrandi veita frétta og ekki bætir bloggbullið úr skák; þar fyllist stampurinn mörgum sinnum á dag svo út úr flóir og ekki eru menn sæmdir að því bulli og rógi sem þar er endalaust boðið á borð. Eftir rand um bloggsíður fyllist hugurinn af myrkri eftir það svartagallsraus sem þangað er daglangt ausið inn af sálartetrum í þröng.

Og svo fer á endanum að maður finnur það helst sér til bjargar að hætta alveg að leita þangað – nema til þess að finna uppbyggileg hollráð um garðyrkju og mataruppskriftir. Kröftugur og bjartsýnn læknir í Svíþjóð með lifandi áhuga á mat gerir manni meira gagn en tvö hundruð kverúlantar með munnræpu. Uppá sálarheillina. Nú, svo eru erlendu síðurnar þó með einhverja umræðu um allt milli himins og jarðar sem telja verður til upplýstrar umræðu.

Nú reynir á dagskrárstjórana, hvað þeir eru áræðnir og lunknir á síðkvöldum í að styrkja dagskrána frekar en að draga úr styrk hennar, ef þeir vilja á annað borð að kveikt sé á straum á tækjunum og stillt inn á þeirra bylgjulengd. Sumir þeirra blása til sóknar og ætla að gefa í: innlend sería – leikin – eftilvill dreggjarnar af íslensku bylgjunni sem varð til seint í góðærinu og stöðvarnar kunna að eiga erfitt með að halda úti meir.

Þegar önnur hugarefni sækja á eiga dagskrárstjórarnir þann kostinn að draga sig í skelina og gefa eftir, draga úr – sem er rangt. Þá fyrst er að standa sig – ekki síst í kynningunni, matreiðslu á dagskránni svo hún veki eftirtekt, bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi.

Annars er hætt við að heimilisfólkið láti bara tækin í friði, grípi bók eða hjali saman meðan nóttin fyllist birtu og litum svo dýrðin á ásýnd hlutanna blasir við.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **17.40** X-Files STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00** Yes STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00** Cranford SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** America's Next Top Model SKJÁREINN



▶ **21.30** The Closer STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.20 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur - Samantekt** (1:6) (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur** Bein útsending frá leik karlaliða Íslands og Kýpur í körfubolta.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York.

**20.55 Svipmyndir af myndlistarmönnum - Þórdís Aðalsteinsdóttir** Í stuttum þáttum er brugðið upp svipmyndum af myndlistarmönnum sem tóku þátt í Carnegie Art Award samsýningunni 2008.

▶**21.00 Cranford** (Cranford) (2:5) Bresk þáttaröð byggð á þremur skáldsögum eftir Elizabeth Gaskell um þorpslíf í Cheshire um 1840.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur - Samantekt**

**22.35 Eva Joly**

**23.30 Útlagar - Tíbet á tímamótum** Þóra Arnórsdóttir ræðir við Dalai Lama. (e)

**00.35 Fréttaaukinn** (e)

**01.05 Kastljós** (e)

**00.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Manchester United: The Movie**

**10.00 License to Wed**

**12.00 Matilda**

**14.00 Manchester United: The Movie**

**16.00 License to Wed**

**18.00 Matilda**

▶**20.00 Yes** Dramatísk mynd um konu sem er föst í ástlausu hjónabandi og ákveður að upplifa rómantískt ástarævintýri með ókunnugum manni.

**22.00 Gattaca**

**00.00 Syriana**

**02.05 The Woodsman**

**04.00 Gattaca**

**06.00 Tenacious D.**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (19:25)

**09.55 Doctors** (20:25)

**10.20 Gilmore Girls**

**11.05 Logi í beinni**

**11.50 Grey's Anatomy** (1:24)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (203:260)

**13.25 Newlywed, Nearly Dead** (9:13)

**13.55 ER** (15:22)

**14.45 The O.C.** (25:27)

**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Stóra teiknimyndastundin og Litla risaeðlan.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (6:25)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (1:25) Áttunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.

**20.00 Gossip Girl** (18:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**20.45 Grey's Anatomy** (24:24)

▶**21.30 The Closer** (7:15) Brenda Leigh Johnson leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles. Á milli þess að leysa flókin sakamál og sinna viðkvæmu einkalífi sínu, þarf hún stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.

**22.15 Oprah**

**23.00 Sex and the City** (10:18)

**23.25 In Treatment** (4:43)

**23.55 The Mentalist** (16:23)

**00.40 ER** (15:22)

**01.25 Sjáðu**

**01.55 Weeds** (1:15)

**02.20 Weeds** (2:15)

**02.50 In the Mix**

**04.25 Grey's Anatomy** (24:24)

**05.10 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.10 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.

**18.40 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.

**19.05 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Crowne Plaza Invitational At Colonial

**20.00 Barcelona - Man. Utd.** Útsending frá úrslitaleiknum í Meistaradeild Evrópu þar sem mættust Barcelona og Man. Utd en leikurinn fór fram í Rómarborg.

**21.50 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.

**22.10 Ultimate Fighter - Negative Energy** Magnaðir bardagar í þessari frábæru seríu. Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

**22.55 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

**23.35 Poker After Dark**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**19.00 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**19.30 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**20.00 Goals of the Season 2008** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**21.00 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**21.55 Champions of the World** Ný þáttaröð þar sem fjallað er um hina glæsilegu knattspyrnuhefð í Suður-Ameríku. Í þessum fyrsta þætti er fjallað almennt um knattspyrnu í álfunni og úr hvaða farvegi hún er sprottin.

**22.50 Man. Utd - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.45 Rachael Ray**

**18.30 The Game** (2:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

**18.55 What I Like About You** (4:24) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York. (e)

**19.20 Stylista** (1:9) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir stílistar keppa um eftirsótta stöðu hjá tískutímaritinu Elle. (e)

**20.10 Top Chef** (12:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu. Það eru bara fjórir kokkar eftir og nú halda þeir til Hawaii þar sem þeir þurfa að nota hráefni sem er einkennandi fyrir Hawaii og útbúa gómsæta „luau“ að hætti heimamanna.

▶**21.00 America's Next Top Model** (11:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Stelpurnar fimm sem eftir eru halda út af örkinni og hitta fimm fatahönnuði á mismunandi stöðum í borginni.

**21.50 90210** (22:24) Bandarísk unglingasería sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 Leverage** (7:13) Nate og félagar setja upp svikamyllu til að negla mafíósa sem fór illa með fjölskyldu sem átti það ekki skilið. (e)

**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur. Heilsa og huglæg málefni eru til umfjöllunar. Rætt verður andlega reisu um minningar við Lenu Otterstedt og Helgu Erlingsdóttur.

**21.00 Mér finnst þáttur** Í umsjón Katrínar Bessadóttur, Haddar Vilhjálmsdóttur og Vigdísar Másdóttur. Farið er vítt og breitt um samfélagið.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.45

### Grey's Anatomy



Ekkert varir að eilífu og það er komið að lokauppgjöri og jafnframt síðasta þættinum í fimmtu seríu þessa vinsæla dramaþáttar. Vinirnir á spítalanum bíða í ofvæni eftir því hvort Izzy nái sér eftir erfiða skurðaðgerð og O'Malley kemur með tilkynningu um afdrifaríka ákvörðun. Þegar útlit er fyrir að hópurinn muni algjörlega tvístrast kemur sjúklingur sem sameinar hópinn aftur.

Við minnum á að Stöð 2 Extra endursýnir nú fimmtu seríuna í heild frá upphafi, alla virka daga í júní klukkan 20.15.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Eva Joly
### Sjónvarpið kl. 22.35



Norsk heimildarmynd um Evu Joly, sem á vordögum var ráðin ráðgjafi embættis sérstaks saksóknara hér á Íslandi. Í átta ár var Eva Joly í aðalhlutverki sem rannsóknardómari í Elf-málinu og þjarmaði þar að spilltum frönskum stjórnmála- og kaupsýslumönnum. Margir óttast hana og hún á jafnmarga óvini og vini. Í þessum þætti mun hún ræða um sjálfa sig og störf sín.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Söngvamál
**15.03** Útvarpssagan: Saga af bláu sumri
**15.25** Miðdegistónar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Einkunnarorð ævi minnar
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sólon Islandus
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (202:260)
**17.15 Hollyoaks** (203:260)
▶ **17.40 X-Files** (14:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI.
**18.25 Seinfeld** (19:22).
**18.45 Hollyoaks** (202:260)
**19.15 Hollyoaks** (203:260)
**19.40 Seinfeld** (19:22)
**20.15 Grey's Anatomy** (3:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Bones** (13:26) Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðingur er kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.45 Little Britain 1** (6:8) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögunum Matt Lucas og David Walliams og færðu þeim heimsfrægð.
**23.15 Gavin and Stacey** (3:6)
**23.45 Auddi og Sveppi**
**00.15 Sjáðu**
**00.45 X-Files** (14:24)
**01.30 Fréttir Stöðvar 2**
**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.20** Dalziel and Pascoe **11.10** Dalziel and Pascoe **11.55** After You've Gone **12.25** The Weakest Link **13.10** EastEnders **13.40** My Hero **14.10** My Hero **14.40** After You've Gone **15.10** Dalziel and Pascoe **16.00** Dalziel and Pascoe **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** After You've Gone **19.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **19.30** Rob Brydon's Annually Retentive **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** My Hero **21.20** After You've Gone **21.50** Dalziel and Pascoe **22.40** Dalziel and Pascoe **23.25** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **23.55** Rob Brydon's Annually Retentive

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Kandidaterne 2 **11.20** Mød EU-kandidaterne **11.35** Kontant **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.55** Chapper & Pharfar **14.15** S, P eller K **14.30** Monster allergi **14.55** Svampebob Firkant **15.15** Isa's Stepz **15.30** Til dans, til vands og i luften **15.50** Sallies historier **16.00** Historier fra Danmark **16.15** Mød EU-kandidaterne **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Læger for livet **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Taggart **22.10** OBS **22.15** Onsdags Lotto **22.20** Boogie Mix

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Sommertid **10.40** Urter **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Ansikt til ansikt **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** I sørhellinga **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Sommerhuset **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Olivia **16.10** Didrik og Dorte **16.20** Postmann Pat - Spesialpakkeservice **16.35** Mamma Mirabelle viser dyregåter **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Folk. Spurven og ørna **18.00** Riksarkivet **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** Sporløst forsvunnet **20.30** Med livet som flyttelass **21.00** Kveldsnytt **21.15** Vår aktive hjerne **21.40** Lov og orden. New York **22.25** Spelet om Iran **23.25** Kulturnytt **23.35** Du skal høre mye jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Mäklarna **10.35** Tankens fångar **12.20** Trollkarlen från Oz **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Hedebyborna **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Namnam med Noman **16.45** Jan och kungsfiskaren **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Sommer **20.00** Entourage **20.30** Simma lugnt, Larry! **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Draknästet **22.15** Vem tror du att du är? **23.15** Sändningar från SVT24



## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Í vinnunni hlusta ég oftast á Bítlana, Mozart eða söngleiki eins og Cats og Rocky Horror Picture Show.“*

Bryndís Ósk Þ. Ingvarsdóttir, blaðamaður á Skakka turninum og Muggaquidditch-leikmaður.

# Hjólhýsamynd Valdísar í undirbúningi

„Vinnuheitið er Kóngavegur 7 sem er gatan sem þau búa við í hjólhýsagarðinum,“ segir Davíð Óskar Ólafsson. Í undirbúningi er mynd Valdísar Óskarsdóttur sem fjallar um lífið eins og það er í hjólhýsahverfi á Íslandi. Valdís skrifar handritið ásamt Davíð auk þess að leikstýra og stefnt er á að farið verði í tökur myndarinnar í haust. „Frumsýning verður á næsta ári. Við reynum að vanda þetta og erum ekkert að flýta okkur með að koma þessu á hvíta tjaldið,“ segir Hreinn Beck, einn framleiðenda hjá Mystery Ísland sem stendur að gerð myndarinnar – eins og Sveitabrúðkaupi, rómaðri myndi Valdísar. Vesturportsleikhópurinn mun fara með helstu hlutverk auk þess sem fleiri verða fengnir til að vera með. Davíð segir þetta sögu um strák sem er að koma ásamt kærustu sinni heim frá útlöndum þar sem hann hefur búið um hríð. Hann stefnir á að fá vinnu hjá pabba sínum og fyrirtæki hans en það fer ekki alveg eins og hann hafði vonað. Fjölskyldan býr í hjólhýsahverfi en myndin fjallar um lífið þar. Kómískir karakterar koma við sögu þó fjallað sé um alvarleg málefni.

Upphaflega stóð til að taka myndina í raunverulegu hjólhýsahverfi á Laugavatni en á landinu eru þrjú hjólhýsahverfi sem eitthvað kveður að. „Við fórum til að skoða okkur um þar. Hringdum í umsjónarmanninn sem sagði að það gæti reynst erfitt. Því við þyrftum að fá til þess leyfi frá öllum íbúum þar sem eru 180 talsins,“ segir Davíð. Því verður farið í að koma á fót hjólhýsahverfi sem verður uppi í Heiðmörk. „Ég held að þetta geti orðið mjög skemmtileg mynd. Þetta er alveg sérstakur heimur hjólhýsalífið,“ segir Davíð. **- jbg**



**VALDÍS VINNUR AÐ MYND UM HJÓLHÝSAFÓLK** Sérstakt hjólhýsahverfi verður sett upp í Heiðmörk – umgjörð um hjólhýsamynd Valdísar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT**
**2.** spil, **6.** hvort, **8.** óvild, **9.** stilla, **11.** tveir eins, **12.** framrás, **14.** rabb, **16.** tónlistarmaður, **17.** kraftur, **18.** hjör, **20.** átt, **21.** rænuleysi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** land í S-Ameríku, **3.** klafi, **4.** samtíningur, **5.** angan, **7.** skemill, **10.** struns, **13.** geislahjúpur, **15.** asi, **16.** nögl, **19.** hef leyfi.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gosi, **6.** ef, **8.** kal, **9.** róa, **11.** mm, **12.** útrás, **14.** skraf, **16.** kk, **17.** afl, **18.** löm, **20.** na, **21.** óráð.
**LÓÐRÉTT: 1.** perú, **3.** ok, **4.** samsafn, **5.** ilm, **7.** fótskör, **10.** ark, **13.** ára, **15.** flas, **16.** kló, **19.** má.

vísir.is
“...ég sá það á vísi”

## SÉRA PÁLMI MATTHÍASSON: ALLTAF ÞÓTT VÆNT UM GYLFA ÞÁ GÓÐU SÁL

# Í sól og sumaryl samið undir lögregluvernd Pálma

„Já, þetta var svona. Mjög sérstakt því venjulega eru lögreglumenn ekki sendir einir í svona útkall. En það hittist svo á í blíðunni. Við höfðum grun um hverjir færu þarna. Friðsemdarmenn og ég gat ekki séð að að það yrði mikill ófriður af þeim. En þarna var fullt af ungum mæðrum með barnavagna og kannski leiðinlegt að sjá þá þar innan um illa á sig komna,“ segir séra Pálmi Matthíasson. sóknarprestur í Bústaðakirkju.

Næstu daga kemur út plata Papanna, „Ég verð að dansa“, en þar syngja þeir og leika lög Gylfa Ægissonar. Í bæklingi sem fylgir plötunni er að finna sögur þar sem segir af tilurð laganna. Og þar sem fjallað er um lagið „Í sól og sumaryl“ segir af því þegar Gylfi var staddur ásamt félaga sínum Sigurði Ringsted í Lystigarðinum á Akureyri – vel við skál. Tilkynning barst lögreglunni og lögreglumaður, ungur, hávaxinn og ljós yfirlitum, var sendur á staðinn. Pálmi var sumarmaður í lögreglunni og benti þeim félögum á að þetta væri ekki besti staðurinn fyrir þá að vera – innan um börn og fólk sem gæddi sér á Brynjuís. Gylfi var með gítar og Sigurður bað Pálma vinsamlegast um að bíða því Gylfi væri í miðjum klíðum við að semja sumarlag. Pálmi féllst á það og þeir sættust á að yfirgefa staðinn þegar lagið væri komið. Í sól og sumaryl er því samið undir lögregluvernd. „Það var allt í lagi að tylla sér þarna hjá þeim. Textinn er um nákvæmlega það sem hann sá. Hann talaði um það sem fyrir augu bar. Og svo setti hann þessa laglínu við. Kom mjög spontant frá honum. Sem er þá eftirmálinn að þessu útkalli. Dásamlegt og fallegt lag,“ segir Pálmi.

Lagið lifði og Gylfi kom því til hljómsveitar Ingimars Eydal sem gerði því góð skil. Pálmi spurði Gylfa hvort hann hefði verið búinn að semja lagið áður en svo reyndist ekki vera. Það kom bara til hans. „Mér hefur alltaf þótt vænt um Gylfa. Þetta er góð sál. Hann er einn þeirra sem hafa reynt ýmislegt í lífinu. En er sannur og heiðarlegur í öllu því sem ég hef haft saman við hann að sælda. Hann á heiður skilinn fyrir þau straumhvörf sem hann gerði í eigin lífi.“ **jakob@frettabladid.is**



**SÉRA PÁLMI OG GYLFI ÆGISSON** Það urðu fagnaðarfundir í gær þegar Gylfi fór og afhenti vini sínum eintak af disknum en hið ágæta „Í sól og sumaryl“ er samið undir sérstakri lögregluvernd Pálma sem þá var sumarmaður í lögreglunni á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rás 2 stendur fyrir skemmtilegri lagakeppni um besta sjómannalagið og verða úrslitin kynnt á sjómannadaginn. Tíu lög eru komin í úrslit og eru ýmsir vanir menn sem taka þátt svo sem Sniglabandið og Skapti Ólafsson. Þarna er svo hljómsveit sem heitir því sérkennilega nafni Dosbaradjamm en meðal meðlima eru þeir Radíusbræður **Steinn Ármann** og Davíð Þór. Dosbaradjamm er skólahljómsveit úr Flensborg og síðast þegar vitað er til að hún hafi komið fram var í hljómsveitakeppni í Atlavík þegar Stuðmenn spiluðu þar á miklum hátíðum snemma á níunda áratug síðustu aldar.



Stuðningsmenn Stjörnunnar fóru heldur óblíðum höndum um Hauk Inga Guðnason, framherja Keflavík, þegar þessi tvö lið öttu kappi á mánudagskvöldið í Pepsi-deild karla. Haukur Ingi er, eins og flestir vita, unnusti **Ragnhildar Steinunnar** Kastljósstjörnu, og létu Garðbæingar Hauk vita að þeir væru með þá staðreynd alveg á hreinu. Stuðningsmönnum Keflavíkur var hins vegar ekki skemmt og sendu frá sér yfirlýsingu í gær þar sem söngvar keppinautanna voru harmaðir. **- jbg, fgg**






# Hjálmur bjargaði Hjálminum

„Það má eiginlega segja það,“ segir Sigurður Guðmundsson úr Hjálmum, spurður hvort hjálmur hafi bjargað lífi hans í mótorhjólaslysi á dögunum. Slysið átti sér stað fyrir tveimur vikum við gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar þegar hann ætlaði að beygja til vinstri á leið í miðbæ Reykjavíkur.

„Það var ungur drengur í bíl fyrir framan mig sem gerði sér lítið fyrir og snögghemlaði og tók U-beygju. Þarna er vel áberandi skilti sem segir að það megi ekki en ég gat ekki annað gert en að negla niður,“ segir Sigurður, sem var á Harley Davidson-hjóli Kidda vinar síns úr Hjálmum. Við það rann hjólið á hliðina og undir bílinn. Í kjölfarið ók bíllinn yfir framhjól mótorhjólsins og höfuðið á Sigga, sem var sem betur fer með hjálm. „Hann fór í spað og ég var dálítið lemstraður á eftir. Tognaði pínulítið í úlnliðnum og er aðeins meiddur í mjóðminni en er alveg gangfær og spilafær,“ segir Siggi, sem ótrúlegt en satt slapp með minni háttar meiðsli. „Ég stóð strax upp og tékkaði á því að allir útlimir væru í lagi. Ég var úti á miðri götu og þurfti að færa hjólið frá þannig að bílarnir kæmust.“

Þrátt fyrir slysið ætlar Siggi að halda ótrauður áfram að aka eigin mótorhjóli, sem er rússneskt af gerðinni Ural með forláta hliðarvagni. „Maður verður að skríða aftur á bak ef maður dettur, maður lætur ekki svona smámuni buga sig. En maður verður að fara varlega og ég vil koma þeirri orðsendingu til þeirra sem eru á hjólum, því það eru margir sem hafa farið verr út úr svona heldur en ég.“

Siggi er þessa dagana á hringferð um landið með Megasi og Senuþjófunum og næstu tónleikar þeirra verða á Akureyri í kvöld. Ný plata Hjálma, sem var tekin upp á Jamaíka, er síðan væntanleg í haust. **- fb**



**SIGURÐUR GUÐMUNDSSON** Sigurður, sem gaf út vel heppnaða sólóplötu í fyrra, slapp með skrámur úr umferðarslysinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is
Meistaraverk!
Þegar þú skiptir við meistara eða fagmann með tilskilin réttindi geturðu verið viss um að verkefnið verður unnið af fagmennsku sem er grunnurinn að vönduðu og vel unnu verki. Innan raða Samtaka iðnaðarins eru starfandi meistarafélög sem hafa á að skipa löggiltum fagmönnum til hvers kyns verkefna. **Ekki sætta þig við fúsk þegar þú getur tryggt þér meistaraverk.**
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0762

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
- Lifið heil
www.lyfja.is
Opið 07 til 01
Lyfja Lágmúla




**BAKÞANKAR**
Kolbeins Óttarssonar Proppé

## *Þér er ekki boðið*

Nú er sú sérkennilega staða uppi á Fróni að íbúarnir eru tilbúnir að taka á sig auknar byrðar, borga stærri hluta af naumt skömmtuðu ráðstöfunarfé sínu og þiggja minni þjónustu fyrir það sem þeir greiða til samfélagsins. Hins vegar stendur á stjórnvöldum að bregðast við þessu og koma til móts við þegna sína.

**ENGINN** skyldi halda að auðvelt verk bíði þeirra sem nú halda um stjórnartaumana. Það verður hins vegar að játast að nokkuð er til í gagnrýni á stjórnvöld. Þjóðin fær enn engar upplýsingar um hvernig reikningurinn fyrir sukkveisluna miklu verður greiddur. Menn vita ekki hvort eða hvernig tekjuskattur verður hækkaður og allra síst hvenær. Forsætisráðherra hefur talað um að slíkt sé ekki hægt að gera nema um áramót. Einhvern veginn hélt maður að nauðsyn bryti öll lög; það sama ætti ekki við eftir samfélagshrun og á venjulegu skattaári.

**EKKERT** fer eins illa með sálina í fólki og helber óvissan. Fyrstu ráðleggingar sem öllum í fjárhagserfiðleikum eru gefnar eru að setja öll spilin á borðið, tína til allar skuldir og teikna upp möguleikana á að greiða þær niður og hve langan tíma það muni taka. Þá er komið ákveðið verkefni sem þarf að takast á við; vissulega erfitt, en þó afmarkað verkefni sem sér fyrir endann á.

**STJÓRNVÖLD** láta hins vegar enn eins og það sé þeirra einkamál hvernig ná á í milljarðatugi á næstu mánuðum. Við fáum reglulega að heyra hve ofsalega erfitt verkefnið sé; erfiðustu ákvarðanir sem ráðamenn hafi tekið. Okkur kemur það ekkert við. Enginn efast um álagið á stjórnvöldin en betra væri ef ráðamenn hættu að barma sér yfir því og legðu spilin á borðið. Sýndu okkur stöðuna. Þá gætum við tekið þátt í umræðu um hvernig við komum okkur út úr vandanum. Umræðustjórnmál er tískuorð sem mörgum þeim sem nú stýra fleyinu hefur verið tamt að nota. Og nú er þjóðin alveg til í umræðu um hvernig staðan er, þegar hillir undir ársafmæli hrunsins.

**ROTTWEILER** hundarnir sungu um veislu sem þeir héldu og töldu upp þá sem ekki fengu að vera með. „Þér er ekki boðið!" Efnahagsviðreisnin er vissulega engin veisla, en við viljum þó gjarnan taka þátt í henni. Það þarf bara að bjóða okkur.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 3. júní, 154. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.18 | 13.26 | 23.36 |
| Akureyri | 2.26 | 13.11 | 23.59 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


